




Við viljum vera drifkraftur árangurs viðskiptavina okkar á Íslandi og víðar á norðurslóðum

Árs- og sjálfbærniskýrsla Arion banka 2024

Í Árs- og sjálfbærniskýrslu Arion banka fyrir árið 2024 er fjallað um starfsemi bankans og Arion samstæðunnar. Arion samstæðan samanstendur í meginráttum af Arion banka hf., Verði tryggingum hf. og sjóðastýringarfélaginu Stefni hf. Arion banki er móðurfélag samstæðunnar og Vörður og Stefnir eru dótturfélög bankans.

Þegar „Arion banki“ kemur fram í texta Árs- og sjálfbærniskýrslunnar er aðeins verið að vísa til móðurfélagsins en þegar „Arion“ eða „Arion samstæðan“ kemur fram í texta er verið að vísa til félaganna þriggja; Arion banka, Varðar trygginga og Stefnis.





Hagnaður

26,1

milljarðar króna

Lán til viðskiptavina

1.230

milljarðar króna

Arðsemi eiginfjár

13,2%

Eignir í stýringu
samstæðunnar

1.633

milljarðar króna



Rekstrartekjur

66,5

milljarðar króna



Eignir í stýringu Stefnis

336

milljarðar króna

Tekjur Varðar af
vátryggingasamningum

19,7

milljarðar króna

Niðurstaða
jafnlaunagreiningar

0,4%

óútskýrður launamunur kynjanna


Sjálfbærar lánveitingar

15,5%

af heildarlánveitingum bankans


Stöðugildi

858



FYRIRMYNDARFYRIRTÆKI
Í STJÓRNARHÁTTUM





Veldu síðu með því að velja kafla efst á síðunni og/eða hér til vinstri. Þú kemst aftur í efnisyfirlit með því að smella á Arion rósina efst í vinstra horni.

Efnisyfirlit

Árið 2024

Um Arion

Viðtal við bankastjóra og stjórnarformann

Lykiltölur

Helstu atburðir

Efnahagsumhverfið

Okkar stefna og árangur

Stefna og framtíðarsýn

Arion samstæðan

Fjárhagsleg markmið og árangur

Fjárfest í Arion

Okkar þjónusta

Einstaklingsþjónusta

Fyrirtækjaþjónusta

Markaðir

Okkar afkoma og áhættustýring

Ársreikningur og helstu fjárhagsniðurstöður

Fjármögnun og lausafjárstaða

Áhættustýring og innra eftirlit

Okkar stjórnarhættir

Stjórnarháttayfirlýsing

Framkvæmd starfskjarastefnu

Stjórn

Framkvæmdastjórn

Okkar sjálfbærni

Ábyrg starfsemi

Sjálfbær fjármál

Umhverfis- og loftslagsmál

Mannauður

Við og samfélagið

Sjálfbærniuppgjör

1

2

3

7

8

11

15

16

18

22

23

27

28

30

32

35

36

41

44

46

47

48

49

53

56

56

75


84

99

107

118





Um Arion
Viðtal við bankastjóra og stjórnarformann
Lykiltölur
Helstu atburðir
Efnahagsumhverfið

Árið 2024

Starfsemi Arion samstæðunnar gekk vel á árinu 2024 þrátt fyrir nokkuð krefjandi ytra umhverfi. Eftir langt tímabil hárrar verðbólgu og vaxta tók að draga úr verðbólgu sem skapaði langþráð svigrúm til vaxtalækkana. Við nýttum árið 2024 vel og unnum hörðum höndum að því að styrkja vöruframboð okkar og þjónustu og auka samvinnu fyrirtækjanna sem mynda Arion samstæðuna til að geta með enn skilvirkari hætti mætt þörfum viðskiptavina okkar: einstaklinga, fyrirtækja og fjárfesta.





Um Arion

Viðtal við bankastjóra og stjórnarformann

Lykiltölur

Helstu atburðir

Efnahagsumhverfið

Um Arion

Arion banki og dótturfélög veita íslensku samfélagi alhliða fjármálaþjónustu. Hlutverk Arion er að liðsinna þeim sem vilja ná árangri á Íslandi og víðar á norðurslóðum með snjöllum og traustum fjármálalausnum sem efla fjárhagslegt heilbrigði og stuðla að sjálfbærri verðmætasköpun. Arion leggur áherslu á að byggja upp langtíma viðskiptasamband við viðskiptavinina sína og nýtur sérstöðu hvað varðar framsækna og nútímalega fjármálaþjónustu.

Arion banki þjónar einstaklingum, fyrirtækjum og fjárfestum á þremur þjónustusviðum; viðskipta-bankasviði, fyrirtækja- og fjárfestingarbankasviði og mörkuðum. Dótturfélögin Stefnir og Vörður auka enn frekar þjónustuframboð bankans. Stefnir er eitt stærsta sjóðastýringarfyrirtæki landsins og Vörður tryggingar býður upp á skaða- og líftryggingar og er það tryggingafélag á Íslandi sem vex hraðast. Að auki býður bankinn upp á lífeyrisþjónustu og eru nokkrir lífeyrissjóðir í rekstri bankans. Þannig er þjónustuframboð Arion einstakt hvað fjölbreytni varðar.

Fjölbreytt þjónustuframboð felur jafnframt í sér að tekjugrunnur starfseminnar er breiður og dreifist lánasafn bankans vel á milli einstaklinga og fyrirtækja. Þá felur hátt hlutfall íbúðalána og góð dreifing útlána á milli atvinnugreina í sér markvissa áhættustýringu.

Arion hefur verið í forystu á sviði stafrænna lausna og nýsköpunar enda er stór hluti þjónustunnar aðgengilegur í Arion appinu. Umfang stafrænnar þjónustu gerir þjónustuna einstaklega þægilega fyrir viðskiptavinina og eykur skilvirkni í starfseminni. Að auki hefur bankinn gegnt forystuhlutverki þegar kemur að þjónustu og ráðgjöf við fyrirtæki og fjárfesta og eflingu hlutabréfamarkaðar hér á landi.

Arion banki hefur sett sér skýra stefnu varðandi sjálfbærni starfseminnar og umhverfis- og loftslagsmál. Viðskiptavininum stendur til boða margvísleg græn fjármálaþjónusta, svo sem græn bílalán, fyrirtækjalán, innlán og íbúðalán. Arion banki hefur að auki gefið út heildstæða sjálfbæra fjármálaumgjörð sem nær til fjármögnunar bankans og lánveitinga.

Arion banki er fjárhagslega sterkur banki sem leggur metnað í að starfa með arðsömum hætti í sátt við samfélag og umhverfi. Bankinn leggur áherslu á samkeppnishæfar arðgreiðslur til hluthafa og er skráður á aðallista kauphallanna Nasdaq Iceland og Nasdaq Stockholm.



Um Arion

Viðtal við bankastjóra og stjórnarformann

Lykiltölur

Helstu atburðir

Efnahagsumhverfið


„Við lifum á spennandi tímum“

Viðtal við Benedikt Gíslason bankastjóra Arion banka og Paul Horner formann stjórnar Arion banka

Með sanni má segja að Arion samstæðan hafi verið drifkraftur í íslensku samfélagi á árinu 2024. Rekstur bæði bankans og dótturfélaga gekk vel á árinu þrátt fyrir ýmsa sviptivinda jafnt innan lands sem utan. Jarðhræringar á Reykjanesskaga og mikil verðbólga mótuðu efnahagslífið á Íslandi auk þess sem umrót varð í stjórnámálum á heimsvísu en sextíu þjóðríki kusu sér nýja leiðtoga, þar á meðal Ísland. Þá héldu milliríkja-deilur og örar tækniframfarir, einkum á sviði gervigreindar, áfram að skapa ákveðna óvissu um framtíðina, meðal annars á sviði fjármála-þjónustu.

Við settumst niður með þeim Benedikt Gíslasyni bankastjóra og Paul Richard Horner stjórnarformanni til að líta yfir farinn veg og skyggjast inn í næstu verkefni samstæðunnar. Báðum þykir þeim gaman að spá í spilin og það er þeim hjartans mál að taka þátt í að viðhalda virkri og djúpri umræðu um fjármálakerfið á Íslandi enda snertir það líf allra landsmanna.

Á árinu 2024 var raunar eftir því tekið þegar Benedikt steig inn í íslenska samfélagsumræðu og lagði í greinaskrifum sínum fram athyglisverðar tillögur um hvernig ná mætti niður háu vaxtastigi á landinu. Benedikt benti réttilega á að bankar sæktust ekki eftir háu vaxtastigi og hárri verðbólgu frekar en aðrir í íslensku samfélagi og hvatti til málefnalegrar og uppbyggjandi umræðu um fjármálakerfið því það væri sameiginlegt verkefni að byggja upp öflugt fjármálakerfi sem sátt væri um.



Um Arion

Viðtal við bankastjóra og stjórnarformann

Lykiltölur

Helstu atburðir

Efnahagsumhverfið

Í forystu á fyrirtækjamarkaði

Benedikt er hugleikin sú ábyrgð sem hvílir á stóru viðskiptabönkunum þremur hér á landi og segir að Arion banki sé, og eigi að vera, jákvæður drifkraftur í samfélaginu. Til marks um það megi nefna að bankinn þjónar um þriðjung þjóðarinnar með einum eða öðrum hætti og um 16.000 fjölbreyttum fyrirtækjum og sé því í forystusveit á fyrirtækjamarkaði hér á landi.

„Við höfum sett mikinn kraft í að mæta þörfum fyrirtækja og þjóna þeim á forsendum þeirra. Í því skyni höfum við til dæmis eftl útibúanetið okkar – sérstaklega á Akureyri, Selfossi og í Borgarnesi – og sömuleiðis reynt að einfalda daglegt líf þeirra sem sinna fyrirtækjarekstri með útgáfu ýmissa nýrra lausna. Gott dæmi um stafræna lausn af slíkum toga snýr að greiðslukortum; nú geta fyrirtækin sjálf breytt heimildum einstakra korta og eins má senda kortakvittanir beint í bókhaldið úr Arion appinu.“

„Margir viðskiptavinum okkar hafa ansi flóknar fjárhagsþarfir,“ heldur Benedikt áfram. „Miðað við höfðatölu er starfræktur á Íslandi alveg ótrúlegur fjöldi fyrirtækja – einn af hverjum sex viðskiptavinum okkar hefur fyrirtækjaparfir auk einstaklingsþarfa. Við erum banki sem veitir alhliða fjármálaþjónustu og bjóðum stærra vöruframboð en íslenskir samkeppni-saðilar okkar, og við vinnum hörðum höndum að því að flétta allar þessar margvíslegu lausnir inn í þjónustuna svo að þær séu eins aðgengilegar viðskiptavinum okkar og mögulegt er. Premía þjónustan er gott dæmi um þetta en hún er sérsniðin til að mæta þörfum umsvifamestu viðskiptavina okkar.“

Þetta sé liður í átaki bankans að gera þjónustu sína og alla upplifun viðskiptavina enn betri.

„Það er langtímaverkefni og ég hlakka til að styrkja þjónustuinnviði okkar enn frekar á árinu 2025.“

Efla þjónustu við lítil og meðalstór fyrirtæki

Paul tekur í sama streng.

„Við viljum geta sett okkur í spor fyrirtækjaeigenda og skilið áskoranir þeirra,“ segir hann. „Það er staðreynd að megnið af íslenskum fyrirtækjum eru lítil og meðalstór fyrirtæki sem standa frammi fyrir öðrum áskorunum en stóru fyrirtækin. Með því að efla bæði fyrirtækjasviðið hjá okkur og útibúin, eins og við sannarlega gerðum á árinu, tekst okkur að skilja betur þær áskoranir og standa með viðskipta-vinum okkar vítt og breitt um landið.“

Í því samhengi mætti einnig nefna þann ánægjulega áfanga sem náðist á árinu þegar Arion banki og Evrópski fjárfestingarsjóðurinn (EIF) skrifuðu undir ábyrgðarsamning sem greiðir fyrir nýjum lánum Arion til smárra og meðalstórra fyrirtækja á Íslandi.

„Í krafti ábyrgðar frá EIF gefst Arion banka færi á að standa enn þéttar við bakið á núverandi viðskipta-vinum og sömuleiðis styðja við fyrirtæki sem eru að gera spennandi hluti á sviðum þar sem stundum er erfitt að sækja sér fjármagn á upphafsstigum,“ segir Paul.

Hér sé sjónum beint að verkefnum sem meðal annars snúast um sjálfbærni og umhverfismál, stafvæðingu samfélagsins og menningu.

„Svo þetta er líka tækifæri til að hugsa aðeins út fyrir skip og steypu,“ bætir Paul við brosandi.

Áhersla á ungar atvinnugreinar í vexti

Benedikt leggur áherslu á að Arion banki hafi lengi haft metnað fyrir því að styðja við ungar atvinnu-greinar í vexti og tekið mörg skref í þá áttina.

„Við höfum stutt vel við uppbyggingu á fiskeldi á Íslandi undanfarinn áratug, bæði í sjó og á landi. Sama gildir um ýmsan þekkingariðnað en við höfum reynt að tryggja viðskiptavinum okkar aðgengi að fjármagni á meðan þeir eru að byggja upp ný fyrirtæki í þeim geira. Eins mætti nefna ferðaþjónustu. Við stóðum þétt við bakið á fyrirtækjum í þeirri grein í gegnum allt covid-tímabilið og höfum trú á því að greinin haldi áfram að vaxa og blómstra. Ísland á þar enn mörg tækifæri ónýtt, einkum hvað varðar hágæðaþjónustu sem stundum hefur verið nefnd vistvæn ferðamennska eða eco-tourism.“

Gott ár í hörðu árferði

En hvernig fannst ykkur almennt til takast í rekstri samstæðunnar árið 2024?

„Í það heila tel ég árið hafa verið afar jákvætt fyrir bankann þrátt fyrir krefjandi aðstæður í efnahagslífinu,“ segir Paul. „Til að mynda hafa miklar jarðhræringar sett strik í reikninginn, einkum fyrir ferðaþjónustuna, en á seinni hluta ársins vænkaðist hagurinn í þeim geira, sem hefur aftur haft góð áhrif á efnahag landsins í heild.“


Seðlabanki Íslands byrjaði undir lok árs að lækka stýrivexti sem höfðu verið háir um langt skeið og íþyngjandi fyrir fólk og fyrirtæki. Hafði það víða jákvæð áhrif, m.a. á hlutabréfamarkaðinn á Íslandi þar sem gengi flestra skráðra félaga styrktist nokkuð undir lok árs 2024. Voru hlutabréf Arion banka þar engin undantekning.

„Við sjáum líka jákvæða þróun á alþjóðlegum láns-fjármörkuðum sem hafa verið að bregðast mjög jákvætt við þeim skrefum sem við höfum tekið á síðustu misserum,“ segir Paul.



„Við höfum sett mikinn kraft í að mæta þörfum fyrirtækja og þjóna þeim á forsendum þeirra.“

Benedikt Gíslason
Bankastjóri Arion



Um Arion

Viðtal við bankastjóra og stjórnarformann

Lykiltölur

Helstu atburðir

Efnahagsumhverfið

Árið 2024

Okkar stefna og árangur

Okkar þjónusta

Okkar afkoma og áhættustýring

Okkar stjórnarhættir

Okkar sjálfbærni

Sterkur hlutabréfamarkaður

Arion banki er skráður á aðalmarkað Nasdaq Iceland og einnig á aðalmarkað Nasdaq Stockholm, sem veitir bankanum aðgang að bæði innlendum og erlendum fjárfestum.

„Litið er á hlutabréfin okkar sem trausta og örugga fjárfestingu, eða það sem á ensku kallast blue chip stock,“ segir Benedikt. „Bréfin okkar hafa því oft gegnt hlutverki eins konar forystusauðar á íslenskum hlutabréfamarkaði og við erum stolt af því.“

Paul nefnir að bankinn hafi verið leiðandi á síðustu árum í því að byggja upp hlutabréfamarkaðinn á Íslandi með því að skrá félög á íslenskan hlutabréfamarkað og einnig í því að hjálpa stórum félögum í gegnum viðamiklar skipulagsbreytingar.

„Til dæmis höfum við verið leiðandi í því að byggja upp sérstaka millilagsfjármögnun á fyrirtækjamarkaði sem gerir viðskiptavinum kleift að sameinast öðrum fyrirtækjum eða leggja inn yfirtökuboð til að styrkja stöðu sína frekar og þróa markaðinn. Þetta hefur verið stór þáttur í starfsemi okkar á þessu sviði.“

Vörður og Stefnir á góðri siglingu

Talið berst að starfsemi dótturfélaganna Varðar trygginga og sjóðastýringarfyrirtækisins Stefnis.

Mikill meðbyr hefur verið í tryggingaþjónustu samstæðunnar. Markaðshlutdeild Varðar hefur vaxið dag frá degi og sífellt fleiri viðskiptavina Arion banka kjósa að vera með tryggingar sínar innan samstæðunnar enda hlýst af því hagræði auk margvíslegra fríðinda.

„Þegar Vörður kom til liðs við Arion banka þurftum við að ráðast í mikla vinnu til að láta bankaþjónustuna og tryggingarnar vinna saman á skynsamlegan hátt fyrir viðskiptavini okkar,“ segir Paul. „Öll sú mikla vinna er nú að skila sér.“

Paul bendir einnig á að sjóðastýringin hjá Stefni og eignastýring Arion banka hafi skilað viðskiptavinum góðri ávöxtun að undanförmu en sömuleiðis aukið vilja fagfjárfesta, og þá helst lífeyrissjóða, til að hafa fyrirtækjalán sem hluta af eignasafni sínu.

Of íþyngjandi regluverk skaðlegt

Við stækkum sjónarhornið og veltum næst fyrir okkur því umhverfi sem íslenskar fjármálastofnanir starfa í. Bæði Benedikt og Paul telja að of íþyngjandi regluverk sé farið að hafa neikvæð áhrif á alþjóðlegt samkeppnishæfi íslenskra banka og í leiðinni á íslenska skattgreiðendur.

„Íslandsálagið svokallaða sýnir svo að ekki verður um villst að það er ekki jafnræðisgrundvöllur milli íslensku bankanna og erlendra keppinauta þeirra,“ segir Benedikt. „Íslensku bankarnir eru smáir í sniðum en sæta sömu eða meiri kröfum auk hærri skattlagningar. Og þar sem þeir eru minni að stærð er dýrara fyrir þá að aðlagast nýjum reglum.“

„Fylgni við reglur er okkur mjög mikilvæg,“ segir Paul. „Við uppfyllum skyldur okkar og gerum það vel. En fyrir lítinn banka eins og Arion – og við erum sannarlega einn minnsti kerfislega mikilvægi banki Evrópu – er hlutfallslegur kostnaður við reglufylgnina mun hærri en fyrir stærri evrópskar fjármálastofnanir.“

Benedikt telur að í þessu samhengi mætti löggjafinn og stjórnmalafólk endurskoða ýmislegt enda varði þetta samkeppnisstöðu Íslands.

„Við erum í mikilli samkeppni í fjölmörgum atvinnugreinum á alþjóðavísu. Jafnvel ferðaþjónustan keppir við ferðaþjónustu annars staðar í heiminum. Og erlend ferðaþjónustufyrirtæki njóta oft mun hagstæðari skilyrða en okkar fólk í þeim geira hér á landi.“

„Ef ég fengi sjálfur að ráða,“ segir Paul, „þá myndi ég frekar nota skarpasta hugvitið hér innanhúss til að þróa nýjar vörur, til dæmis vörur sem efla rekstur lítilla og meðalstórra fyrirtækja eða stuðla að fjárhagslegu heilbrigði viðskiptavina, frekar en að það fari í umfangsmikla og stöðuga framleiðslu skýrsla fyrir eftirlitsstofnanir, svo dæmi sé tekið. Við reynum alltaf að finna jafnvægi á milli þess að veita kröftuga samkeppni og uppfylla yrustu kröfur og reglur. Skýrt regluverk og eftirlit er mikilvægt fyrir öll fjármálakerfi og við leggjum okkur fram um að sinna því vel en að hér á landi sé gengið lengra en í nágrannalöndum okkar er hvorki jákvætt fyrir neytendur hér á landi né samkeppnishæfni Íslands.“

Konur fjárfestum skilar sjáanlegum niðurstöðum

Við erum enn að hugsa um stóru samfélagsmyndina þegar við beinum sjónum að „Konur fjárfestum“ átaksverkefninu sem Arion banki ýtti úr vör snemma árs 2024 með það að markmiði að auka þátttöku kvenna í fjárfestingum og efla fjármálalæsi. Með átakinu vill Arion samstæðan stuðla að auknum jöfnuði á fjármálamarkaði og styrkja konur í að taka sjálfstæðar og markvissar ákvarðanir um eigin fjármál. Á árinu 2024 sóttu rúmlega 4.000 konur 45 viðburði á vegum bankans vítt og breitt um landið.

„Þetta er auðvitað langtímaverkefni og það er sérstaklega ánægjulegt að sjá allan þennan áhuga,“ segir Benedikt. „Ég held að við höfum aldrei áður haldið viðburðaröð sem hefur verið svona vel sótt. Niðurstöðurnar eru líka þegar farnar að sjást í tölfræði hjá okkur – við sjáum hlutfallslega meiri aukningu á nýtingu margvíslegrar fjárfestingarþjónustu hjá konum en körlum. Svo nálin er farin að hreyfast.“

„Við horfum einnig til jafnréttismála innan Arion, þau eru okkur mjög hugleikin,“ segir Paul. „Þar þarf að horfa til þátta á borð við launajafnrétti, aðgengi kvenna að stjórnendastöðum, stjórnarsetu, nefndum og lykilhlutverkum innan bankans. Og hvernig tryggjum við svo að það bitni ekki á starfsframa fólks


– og þá sérstaklega kvenna – ef það eignast börn? Við ákváðum að hugsa í lausnum og tilkynntum nýlega áform okkar um að opna dagvistunarúrræði nú á árinu 2025, sem var afar vel tekið af starfsfólki. Þetta gerum við því að starfsfólki hefur gengið illa að finna dagvistun fyrir börn sem eru 12 til 24 mánaða. Þar til viðbótar höfum við um nokkurra ára skeið, fyrst fyrirtækja hér á landi, tryggt starfsfólki í fæðingarorlofi 80% laun í sex mánuði. Bæði skiptir þetta miklu máli fyrir barnafólk og er mikilvægt innlegg í jafnréttismál hjá Arion.“

Paul bætir því við að nú sé meirihluti stjórnarmeðlima Arion konur. „Ég hef ekki oft séð slíkt á löngum ferli svo það er eitthvað sem við erum virkilega stolt af.“



„Við horfum til jafnréttismála innan Arion, þau eru okkur mjög hugleikin.“

Paul Horner
Stjórnarformaður



Um Arion
Viðtal við bankastjóra og stjórnarformann
Lykiltölur
Helstu atburðir
Efnahagsumhverfið

Mikilvægi norðurslóða sífellt að aukast

Á undanförunum árum hefur Arion banki tekið virkan þátt í alþjóðlegri umræðu um fjárfestingar á norðurslóðum og til að mynda haldið vel sóttu ráðstefnu í London þrjú ár í röð um sjálfbærar fjárfestingar á svæðinu.

„Við höfum verið í samskiptum við erlenda banka og fjárfesta sem hafa sýnt aukinn áhuga á norðurslóðum,“ segir Benedikt. „Á síðustu árum höfum við einnig byggt upp sterkt samskiptanet í Færeyjum og veitt fyrirtækjum þar margvíslega fjármálaþjónustu auk þess að styðja við sjávarútvegsfyrirtæki og aðrar lykilatvinnugreinar. Það er margt spennandi að gerast í Færeyjum.“

„Að sama skapi tel ég að ferðaþjónusta á Grænlandi sé á svipuðum stað og Ísland var fyrir um 40 árum og eigi því mikið inni.“ Bankinn horfi einnig til Kanada þar sem íslensk fyrirtæki í sjávarútvegi og endurnýjanlegri orku hafa haslað sér völl.

Benedikt telur að þekking og reynsla Arion banka geti nýst mörgum fyrirtækjum á norðurslóðum.

„Þá er ég að hugsa um samgöngur, sjávarútveg, ferðaþjónustu og flutninga. Við erum mjög heppilega staðsett á þessu svæði og með aðgengi að alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Til að koma ferðaþjónustu á Grænlandi á sama stað og hér þurfa Grænlendingar til dæmis að sækja fjármagn og þekkingu utan landsteinanna. Við viljum hjálpa til og gera það á skynsamlegan og sjálfbæran hátt.“

Breyttar fjármálaþarfir hjá yngri kynslóðum

Að lokum berst talið að því hvert bankaþjónusta stefnir yfirhöfuð í heiminum. Arion banki hóf snemma að leggja mikla áherslu á stafrænt vöruframboð og þjónustu og hefur því lengi verið í framlínusveit hvað slíkt varðar; til marks um það má nefna að Arion appið hefur verið valið besta bankaappið á Íslandi átta ár í röð af viðskiptavinum bankanna, samkvæmt könnun Maskínu, auk þess sem bankinn hefur hlotið alþjóðleg verðlaun fyrir þá þjónustu.

Hvers vegna þessi mikla áhersla á stafrænu lausnirnar?

„Jú, það er nú afar einfalt,“ segir Paul. „Upp er komin heil kynslóð fólks sem þekkir ekki af eigin raun hvernig það er að bíða í röð í banka. Og raunar fagna ég því að þeir dagar séu liðnir!“

Sú þróun breyti hins vegar algjörlega samskiptum fjármálastofnana við viðskiptavinina. Að mestu leyti sé um framför að ræða; stafrænar lausnir feli í sér aukin þægindi fyrir viðskiptavinina og tryggja vissu samfelli í þjónustunni. Á hinn bóginn hafi breytt umhverfi áhrif á tryggð viðskiptavina; nýir samkeppnisaðilar spretti upp, til að mynda í innlánaþjónustu og greiðslum, og ungt fólk horfi oft fyrst og fremst til þess hvar það fái ódýrustu og einföldustu þjónustuna eða bestu vaxtakjörin en sjái ekki endilega stærri myndina, til að mynda mikilvægi ýmissar annarrar fjármálaþjónustu.


„Við veitum afar umfangsmikla þjónustu og ætlum til dæmis í mikla sókn með fríðindakerfið okkar árið 2025,“ segir Paul. Þá megi ekki vanmeta mikilvægi þess að huga vel að netöryggi og sporna við netglæpum.

„Auk þess vitum við að samskipti augliti til auglitis eru okkur öllum nauðsynleg ef markmiðið er að byggja upp traust sambönd. Þess vegna höfum við eflt útibúanetið okkar og lagt okkur fram um að vera í sterkum tengslum við viðskiptavinina.“ Stafrænu lausnirnar komi aldrei í staðinn fyrir slík samskipti.

Benedikt segir að við séum að upplifa mikla umróta-tíma í fjármálaþjónustu rétt eins og í mörgum öðrum geirum. Gervigreind sé til dæmis þegar tekin að setja sterkan svip á fjármálaheiminn. Sjá megi fyrir sér að tekjumódel banka- og fjármálastofnana breytist umtalsvert í framtíðinni og muni mögulega fela í sér aukið samstarf við tæknifyrirtæki og svokölluð ofuröpp eins og hið kínverska WeChat hefur verið byggt upp. Sú þróun sé í raun nú þegar hafin.

„Það verður að minnsta kosti spennandi að sjá hvað gerist á næstu árum, svo mikið er víst. Við hjá Arion ætlum okkur að vera í fararbroddi og hlökkum til nýrra áskorana. Við lifum á spennandi tímum.“







Um Arion
Viðtal við bankastjóra og stjórnarformann
Lykiltölur
Helstu atburðir
Efnahagsumhverfið

Lykiltölur

Rekstrartekjur
Milljarðar króna




Tryggingastarfsemi*




*Fjárhæðir vegna 2020 og 2021 hafa ekki verið leiðréttar m.t.t. IFRS 17.


Arðsemi eiginfjár
%




Kjarnatekjur / Áhættuvegnar eignir
%




Kostnaðarhlutföll
%



Eiginfjárlutföll
%





Um Arion
Viðtal við bankastjóra og stjórnarformann
Lykiltölur
Helstu atburðir
Efnahagsumhverfið

Helstu atburðir

Skipulagsbreytingar innan Arion samstæðunnar

Nýtt skipurit Arion banka tók gildi í febrúar. Helsta breytingin var að sviðum bankans, og þar með framkvæmdastjórum, var fækkað úr átta í sjö með því að færa verkefni upplifunar viðskiptavina að miklu leyti til viðskiptaeininga bankans og þar með nær viðskiptavinum. Markmið breytinganna var að sameina í ríkari mæli sérþekkingu og reynslu, stytta boðleiðir og auka við hraða í þróun þjónustunnar.

Jafnframt var öll þjónusta við fyrirtæki færð undir fyrirtækja- og fjárfestingarbankasvið, en áður hafði viðskiptabankasvið sinnt þjónustu við lítil og meðalstór fyrirtæki á landsbyggðinni.

Arion endurgreiðsla

Fjölbreytni þjónustunnar er einn helsti styrkur Arion samstæðunnar. Við viljum leyfa þeim viðskiptavinum sem nýta breiddina í þjónustu okkar að njóta góðs af því og kynntum því til leiks Arion endurgreiðslu sem gerir viðskiptavinum Arion og Varðar kleift að fá 5% endurgreiðslu tryggingaiðgjalda eftir 12 tjónalaus mánuði.

Sameiginleg útibú Arion og Varðar

Á árinu opnaði Vörður fjögur útibú sem eru sameiginleg með Arion banka; á Smáratorgi í Kópavogi, Bíldshöfða í Reykjavík, Stykkishólmi og Egilsstöðum. Fyrir voru Vörður og Arion með sameiginleg útibú á Selfossi og Akureyri.

Samstarf Varðar og Arion banka dafnaði sem fyrr og var vöxtur tryggingafélagsins á árinu umfram vöxt keppinauta, eins og síðustu ár. Tekjuvöxtur ársins var tæp 11% og var árið það besta í sögu félagsins.

Fleiri breytingar áttu sér stað á útibúaneti Arion banka á árinu. Bankinn opnaði nýtt og glæsilegt húsnæði í Vík í Mýrdal og afgreiðslustöðvum bankans á Keflavíkurflugvelli var lokað eftir að hafa verið þar frá 2016.

Nýjungar á sviði íbúðalána


Þegar kemur að íbúðalánunum kynnti Arion banki nýja leið sem kallast greiðslufesta og gerir viðskiptavinum kleift að lækka tímabundið greiðslubyrði af óverðtryggðum íbúðalánunum. Í tólf mánuði greiða viðskiptavinir fasta mánaðarlega fjárhæð sem er lægri en skilmálar lánsins kveða á um. Um er að ræða nýjung sem hentar vel viðskiptavinum sem vilja áfram vera með óverðtryggt lán en kjósa tímabundið lægri greiðslubyrði.

Einnig var fyrsta íbúðaláninu rafrænt þinglýst sem markar tímamót en rafrænar þinglýsingar íbúðalána munu gera okkur kleift að hraða og einfalda afgreiðslu lána. Fyrst um sinn verður aðeins endurfjármögnun íbúðalána þinglýst með rafrænum hætti en með tíð og tíma fara ný lán sömu leið.

Úrræði vegna eldsumbrota við Grindavík

Vegna eldsumbrota á Reykjanesskaga bauð Arion banki Grindvíkingum í nóvember 2023 að frysta íbúðalán sín hjá bankanum vegna húsnæðis í Grindavík í þrjá mánuði, auk þess sem bankinn felldi niður vexti og verðbætur lánanna á tímabilinu. Þannig vildi bankinn leggja sitt af mörkum til að létta á þeim áhyggjum sem hvíldu á íbúum Grindavíkur á þeim tíma. Í upphafi árs 2024 framlengdi bankinn þetta úrræði í þrjá mánuði til viðbótar. Í febrúar stofnaði svo íslenska ríkið sérstakt félag, Fasteignafélagið Þórkatla ehf, sem hefur þann tilgang að annast kaup, umsýslu og ráðstöfun íbúðarhúsnæðis í Grindavík.





Um Arion
Viðtal við bankastjóra og stjórnarformann
Lykiltölur
Helstu atburðir
Efnahagsumhverfið

Persónuleg og sérsniðin þjónusta fyrir umsvifamikla viðskiptavin

Við kynntum á árinu breytingar á Premía þjónustu okkar sem er sérsniðin og persónuleg þjónusta fyrir umsvifamestu viðskiptavin bankans. Premía þjónustan er nú þrískipt: almenn Premía þjónusta sem felur í sér hærra þjónustustig og betri kjör; Premía einkabankþjónusta þar sem viðskiptavinir fá sinn eigin viðskiptastjóra; og svo í þriðja lagi Premía fjárstýring sem er fyrir þau sem eru með yfir einn milljarð króna í eignastýringu hjá okkur og er það nýjung á Íslandi hvað varðar gæði og umfang þjónustunnar.

Í forystu á fyrirtækjamarkaði

Arion banki var ráðgjafi í yfirtöku tilboði JBT í Marel, sem eru ein stærstu viðskipti Íslandssögunnar, og ráðgjafi og lánveitandi í einu stærsta yfirtöku tilboði sem hefur verið gert á íslenska markaðnum þegar tilboð var lagt fram í fasteignafélagið EIK. Jafnframt sá bankinn um skráningu Kaldvíkur á First North hlutabréfamarkaðinn.



Eignir í stýringu í hæstu hæðum

Á árinu náðist sá árangur að eignir í stýringu samstæðunnar, þ.e. hjá mörkuðum Arion og hjá Stefni, fóru yfir 1.500 milljarða króna og voru í árslok yfir 1.633 milljarðar. Þá náði Frjálsi lífeyrissjóðurinn, sem er í rekstri og eignastýringu hjá Arion banka, 500 milljarða króna markinu og Stefnir 300 milljarða króna markinu.

Sjálfbær fjármálaumgjörð og ábyrgðarsamningur við EIF


Arion banki gaf á árinu út metnaðarfulla sjálfbæra fjármálaumgjörð sem leysti af hólmi grænu fjármálaumgjörðina okkar sem var gefin út árið 2021. Nýja umgjörðin er viðtækari en sú eldri þar sem hún nær til fleiri þátta en umhverfis- og loftslagsmála.

Arion banki gerði að auki mikilvægan ábyrgðarsamning við Evrópska fjárfestingarsjóðinn (EIF) sem gerir okkur kleift að veita um 15 milljarða króna í lán til smárra og meðalstórra fyrirtækja með ábyrgð frá EIF. Markmiðið er að styðja við nýsköpun þegar kemur að sjálfbærni og umhverfismálum, stafvæðingu samfélagsins og menningu.

Arion banki stærstur markaðsaðila á Nasdaq Iceland 2024

Arion banki var með mestu samanlagða heildarveltu markaðsaðila á NASDAQ Iceland árið 2024.

Á skuldabréfamarkaði var Arion banki með mestu markaðshlutdeildina eða 21,4% sem samsvarar 794 milljarða veltu. Árið 2024 var niunda árið í röð sem bankinn er með mestu hlutdeild allra markaðsaðila á hlutabréfamarkaði en velta bankans á árinu var 791,8 milljarðar og markaðshlutdeild 31,7%.




Besta bankaappið – áttunda árið í röð

Arion samstæðan býður ekki aðeins fjölbreyttustu fjármálaþjónustuna hér á landi heldur er hún nær öll aðgengileg í Arion appinu sem var valið besta bankaappið af viðskiptavinum bankanna áttunda árið í röð. Á árinu voru kynntar nýjar stafrænar lausnir sem snúa að fjölskyldum og fyrirtækjum. Nú er hægt að sjá yfirlit yfir stöðu reikninga hjá börnum og maka, stofna reikninga fyrir börn og eiga viðskipti í sjóðum fyrir þeirra hönd. Einnig kynntum við til leiks framúrskarandi kortalausnir fyrir fyrirtæki þar sem m.a. er hægt að taka mynd af kvittunum og festa við færsluyfirlit og stýra heimildum á þægilegan hátt.

„Við munum áfram fjárfesta í stafrænum þjónustuleiðum til að tryggja greiðan aðgang að þjónustu Arion samstæðunnar og mæta þörfum viðskiptavina þegar og þar sem þeim hentar.“

- Björn Björnsson
Framkvæmdastjóri upplýsingatæknisviðs





Um Arion
Viðtal við bankastjóra og stjórnarformann
Lykiltölur
Helstu atburðir
Efnahagsumhverfið

Árið 2024

Okkar stefna og árangur

Okkar þjónusta

Okkar afkoma og áhættustýring

Okkar stjórnarhættir

Okkar sjálfbærni

Kaup á Arngrimsson Advisors


Skrifað var undir kaup á Arngrimsson Advisors sem hefur sinnt eignastýringarráðgjöf með áherslu á erlenda fagfjárfestasjóði og sérhæðar fjárfestingar frá árinu 2013. Stefnt er að því að klára kaupin snemma á árinu 2025 og mun þá valkostum fagfjárfesta og einstaklinga þegar kemur að fjárfestingum í erlendum sjóðum, sérstaklega á sviði sérhæfðra fjárfestinga, fjölga og um 150 milljarðar króna bætast við eignir í stýringu hjá samstæðunni.

Góður vöxtur hjá Stefni

Stefnir leiddi kaup lífeyrissjóða á Íveru, í gegnum sjóðinn SRE III, sem á 1.600 íbúðir sem leigðar eru til langs tíma til almennings. Markaði fjárfestingin nýtt upphaf í aðkomu íslenskra lífeyrissjóða að fasteignamarkaðnum.

Fyrirtækjaskuldabréfasjóðurinn ST1, sem Stefnir stýrir en er fyrst og fremst í eigu lífeyrissjóða og annarra fagfjárfesta, óx um 70% á árinu og er nú 21 milljarðar króna en eignir sjóðsins eru að langmestu leyti fyrirtækjalán sem keypt hafa verið af Arion banka.

Góður vöxtur var í reglulegum áskriftum í sjóðum Stefnis á árinu. Fremstur í þeim flokki er Katla – Global Equity sjóðurinn en ávöxtun hans hefur verið afar góð á síðustu árum.



Frábærar viðtökur við Konur fjárfestum

Konur fjárfestum átakið, sem hófst snemma á árinu, fór ekki fram hjá neinum. Yfir 4.000 konur sóttu þá 45 viðburði sem við höldum um fjármál og fyrirtæki víðs vegar um landið. Þessu mikilvæga átaki hefur verið afar vel tekið en það snýr að því að auka þátttöku kvenna á fjármálamörkuðum. Við munum halda ótrauð áfram á árinu 2025.



Góður skriður á Blikastöðum

Vinna við fyrsta áfanga deiliskipulags fyrir Blikastaðalandið hófst af krafti á árinu 2024. Í byrjun árs 2025 var haldinn opinn íbúafundur til að kynna tillöguna, sem enn er í vinnslu, fyrir þennan fyrsta áfanga landsins.

Tillögunni er ætlað að kynna helstu hugmyndir, forsendur og umhverfismat fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum. Í kjölfarið verður unnið með innsendar ábendingar og endanleg skipulagstillaga auglýst en stefnt er að því að klára endanlegt skipulag, fyrir fyrsta áfanga, seinnipart árs 2025. Í þessum fyrsta áfanga er gert ráð fyrir u.þ.b. 12 til 13 hundruð íbúðareiningum sem skiptast munu í sérbýli, einbýlis-, par-, og raðhús, og fjölbýli.

Blikastaðaland er u.þ.b. 98 hektarar og er stærsta óbyggða landsvæði höfuðborgarsvæðisins. Landið er í eigu Arion banka í gegnum félagið Blikastaðaland ehf. Gert er ráð fyrir að fjöldi íbúða verði í heild um 3.700, blanda fjölbýlis og sérbýlis, að viðbættum 150 íbúðum fyrir 55 ára og eldri, skóla, íþróttastöðu og allt að 66.000 fermetrum atvinnuhúsnæðis.

Efnahagur

Eignir bankans jukust um 6,1% á árinu 2024 og námu í árslok 1.618 milljörðum króna. Lán til viðskiptavina jukust um 6,7% á árinu. Hækkun á lánum til fyrirtækja var 8,6% og á lánum til einstaklinga var hún 5,0%.

Arion banki hélt áfram að styrkja stöðu sína á erlendum og innlendum mörkuðum með aukinni fjölbreytni fjármögnunarkosta.

Í maí 2024 gaf Arion banki út almenn skuldabréf að upphæð 300 milljónir evra til 4,5 ára. Skuldabréfin bera 4,625% fasta vexti sem jafngilda 175 punkta álagi yfir millibankavöxtum í evrum. Í september 2024 gaf bankinn út skuldabréf sem teljast til viðbótar eiginfjárbáttar 1 að upphæð 125 milljónir Bandaríkjadala. Skuldabréfin bera fasta 8,125% vexti og bréfin eru breytanleg í hlutabréf ef eiginfjárbáttur 1 fer niður fyrir 5,125%. Í október 2024 gaf Arion banki út græn almenn skuldabréf til þriggja ára að upphæð 500 milljónir norskra króna og 500 milljónir sænskra króna og í nóvember gaf bankinn út vikjandi skuldabréf sem teljast til eiginfjárbáttar 2 að upphæð 225 milljónir sænskra króna.

Innanlands gaf bankinn út sértryggð skuldabréf fyrir 50,7 milljarða króna og hélt áfram útgáfu almennra skuldabréfa í íslenskum krónum.

Arion banki nýtur sterkrar lausafjárstöðu sem er m.a. tilkomin vegna fjármögnunar á heildsölumarkaði auk þess sem innlán frá viðskiptavinum jukust um 8,2%, úr 793 milljörðum króna í 857 milljarða króna. Innlán námu um 61% af fjármögnun bankans í árslok.

Heildar eigið fé bankans nam 207,1 milljörðum króna í árslok 2024 og jókst um 7,8 milljarða króna á árinu. Breytinguna má einkum skýra með afkomu ársins sem nam 26,1 milljarði króna en til lækkunar koma kaup á eigin hlutum og arðgreiðslur, samtals að fjárhæð 25,5 milljarðar króna. Hlutfé var hækkað á árinu til að mæta nýtingu áskriftaréttinda og nam heildarhækkun 6,2 milljörðum króna. Eiginfjárhlutfall bankans var 22,6% í árslok og hlutfall almenns eiginfjárbáttar 1 18,2%.

Helstu viðurkenningar

Fjórða árið í röð var Arion banki valinn banki ársins á Íslandi af *The Banker*, sem er gefið út af *The Financial Times*. Bankinn var einnig valinn banki ársins á Íslandi af *Euromoney* og besti stafræni bankinn hér á landi.


Frjálsi lífeyrissjóðurinn var valinn besti lífeyrissjóður Evrópulanda með undir milljón íbúa af fagtímaritinu *Investment Pension Europe*.

Arion banki var jafnframt tilnefndur sem besta vörumerki vinnustaðar árið 2024 af brandr. Það er mikil viðurkenning að vera tilnefnd í þessum flokki en aðeins fyrirtæki sem laða að sér hæfileikaríkt starfsfólk, hafa skýra stefnu og bjóða upp á tækifæri til starfsþróunar eru tilnefnd.

Arion banki hlaut á árinu, líkt og síðustu fjögur ár, framúrskarandi einkunn í UFS-áhættumati Reitunar og er í flokki A3. Matið byggist á árangri bankans í tengslum við sjálfbærni, þ.e. á sviði umhverfis- og félagsþátta og stjórnarháttanna. Bankinn viðhélt 90 stigum af 100 mögulegum og heldur því sem fyrr í við auknar kröfur sem gerðar eru í matinu. 90 stig er mesti fjöldi stiga sem Reitun hefur gefið og er bankinn í hópi fjögurra annarra útgefanda sem eru í flokknum A3, en um fjörutíu íslenskir útgefendur hafa verið metnir.

Jafnframt er Arion banki í efstu 5% þegar horft er til ríflega eitt þúsund banka um heim allan sem Morningstar Sustainalytics, sem sérhæfir sig í mati á áhættu fyrirtækja þegar kemur að umhverfis- og félagsþáttum og stjórnarháttum, hefur metið og er í efstu 3% þegar horft er til tæplega 500 svæðisbundinna banka. Í samanburði við um það bil sextán þúsund fyrirtæki, sem Morningstar Sustainalytics hefur metið, er bankinn einnig í efstu 3%.

Arion banki, Vörður og Stefnir fengu endurnýjaða viðurkenningu fyrir góða stjórnarhætti og um leið nafnbótina Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Það eru Stjórnvísí, Viðskiptaráð, Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland sem veita viðurkenningarnar.



Um Arion
Viðtal við bankastjóra og stjórnarformann
Lykiltölur
Helstu atburðir
Efnahagsumhverfið

Efnahagsumhverfið

Íslensku þjóðarskútunni bar gæfa til þess að sigla milli skers og báru árið 2024, þrátt fyrir þétt vaxtaaðhald, eldsumbrot og pólitískt umrót. Í upphafi árs náðu stríðandi fylkingar á vinnu-markaði samkomulagi, og úr varð samningur til fjögurra ára sem mótaði ákveðna umgjörð fyrir aðra er fylgdu í kjölfarið. Atvinnuleysi var almennt séð lítið, kaupmáttur ráðstöfunartekna jókst og verðbólgan minnkaði, sem skapaði svigrúm til kærkominna vaxtalækkana. Sex eldgos á Reykjanesskaga mörkuðu djúp spor í sálarlíf þjóðarinnar, sem og í ríkisfjármálin, í formi varnargarða og uppkaupa í Grindavík. Jarðhræringar settu einnig svip sinn á ferða-þjónustuna, en betur fór en á horfðist í upphafi árs. Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum þjóðhagsreikninga dróst hagkerfið saman árið 2024, niðurstöður sem ganga í berhögg við hátíðnivísbendingar og skammtímahagvísu.

Hagkerfið lét undan síga samkvæmt fyrstu tölum


Árið 2024 fór af stað með látum þar sem nýtt eldgos hófst um miðjan janúar, alveg uppi við byggðina í Grindavík. Þjóðin sat límd við sjónvarpsskjáinn og fylgdist með hraunrennslinu og erlendir fréttamiðlar fóru á flug. Misvísandi fréttaflutningur í erlendum miðlum hafði neikvæð áhrif á ferðaþjónustuna og voru fyrstu mánuðir ársins brokkgengir.

Mikill efnahagssamdráttur í upphafi árs átti þó ekki rætur sínar að rekja til ferðaþjónustunnar, heldur lék loðnubrestur hagkerfið grátt, fyrst og fremst í gegnum birgðabreytingar. Ekki ríður ólánið við einteyming og voru næstu fjórðungar litlu skárri. Svo fór að hagkerfið dróst saman um 1% á fyrstu níu mánuðum ársins samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum þjóðhagsreikninga. Fyrirnefndar birgðabreytingar gegndu lykilhlutverki í samdrættinum sem og útflutningur sem átti á brattan að sækja. Hið opinbera stóð sína plikt og vó á móti samdrættinum, líkt og fjárfesting, á meðan neysla heimilanna, fyrrum dráttarklár hagvaxtar, sýndi lítil tilþrif. Margt fer öðruvísi en ætlað er og bendir flest til þess að niðurstaða ársins þegar kemur að hagvexti verði langt undir væntingum greiningaraðila.

Í þessu samhengi er vert að ítreka að um er að ræða bráðabirgðaniðurstöður þjóðhagsreikninga, en þær eru oftar en ekki endurskoðaðar þegar fram líða stundir.


Til að setja stærðargráðu endurskoðananna í samhengi er nærtækast að taka fyrsta ársfjórðung 2024 sem dæmi. Samkvæmt fyrstu tölum dróst hagkerfið saman um 4% milli ára, en eftir tvennar endurskoðanir stendur samdrátturinn í 2,8%. Greinendur reikna með að hagtölur verði áfram endurskoðaðar upp á við á komandi misserum, ekki síst í ljósi þess að þjóðhagsreikningar þverskallast við hátíðnivísbendingum líkt og kortaveltu, innflutningi og upplýsingum skráðra félaga. Því er ekki öll nótt úti enn.


Kortavelta, væntingar og einkaneysla - ársbreyting að raunvirði, vísitala



Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Arion greining

Framlag einstakra liða til hagvaxtar





Um Arion
Viðtal við bankastjóra og stjórnarformann
Lykiltölur
Helstu atburðir
Efnahagsumhverfið

Árið 2024

Okkar stefna og árangur

Okkar þjónusta

Okkar afkoma og áhættustýring

Okkar stjórnarhættir


Okkar sjálfbærni

Af undirliðum landsframleiðslunnar var það neysla hins opinbera sem ítrekað kom greiningaraðilum í opna skjöldu, enda stóð ríkissjóður í stórræðum í kringum eldsumbrot á Reykjanesskaganum. Unnið var við varnargarða árið um kring, en stærstaein-staka verkefnið voru þó kaup ríkisins á íbúðar-húsnæði í Grindavík. Flutningar Grindvíkinga til nærliggjandi sveitarfélaga settu mark sitt á húsnæðismarkaðinn, velta jókst markvert, fjöldi kaupsamninga margfaldaðist og húsnæðisverð hækkaði, með tilheyrandi áhrifum á verðbólgu. Þegar mest var stóð árshækkun húsnæðisverðs á landinu öllu í 11,9%, hækkun sem var að megninu til drifin áfram af verðhækkunum á Suðurnesjunum og í nágrennasveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins. Þegar upp var staðið hækkaði húsnæðisverð á landinu öllu um 8,1% að meðaltali árið 2024.


Þrátt fyrir að húsnæðismarkaðurinn hafi verið líflægri á árinu en flestir væntu benda nýjustu tölur til þess að markaðurinn fari hratt kólnandi, samanber aukinn fjöldi eigna til sölu, lengri sölutíma og hægari hækkunartakt. Hækkun verðtryggðra vaxta og hert aðgengi að lánsfé hafa gegnt lykilhlutverki í þessari þróun og vegið á móti fjölsfjölgun, launahækkunum og íhlutunum hins opinbera.



Markaðsverð íbúðarhúsnæðis - ársbreyting




Greiðslubyrði sem hlutfall af ráðstöfunartekjum - ráðstöfunartekjur per mannsbarn og 100 fm eign á hbsv.




Árið hófst með vopnaskaki á vinnumarkaði og hvössum yfirlýsingum beggja vegna samninga-borðsins þar sem verkföllum og verkbönnum var hótað á víxl. Eftir harðvítugar deilur náðu stríðandi fylkingar loks samkomulagi og undir lok fyrsta árs-fjórðungs var kjarasamningur fyrir stóran hluta almenna vinnumarkaðarins farsælega leiddur til lykta. Yfirlýst markmið samningsins var að ná niður verðbólgu og vaxtastigi og byggja undir efnahags-legan stöðugleika. Í þeim tilgangi var samið til fjögurra ára og um tiltölulega hóflegar launa-hækkanir. Það er ekki þar með sagt að samningurinn hafi falið í sér litlar kostnaðarhækkanir fyrir þjóðar-búið, þar sem aðkoma hins opinbera var myndarleg, og má segja að hið opinbera hafi borið skarðan hlut frá samningaborðinu. Samningurinn ruddi brautina fyrir aðra samninga er fylgdu í kjölfarið, og markaði ákveðna umgjörð sem fylgt hefur verið í grófum dráttum. Alls hækkaði launavísitalan um 6,4% milli ára, að meðaltali, sem samsvarar 0,6% raunlauna-hækkun.

Kraftur og seigla vinnumarkaðarins á árinu kom flatt upp á greinendur, ekki síst Seðlabankann sem taldi að hátt vaxtastig og kostnaðarhækkanir myndu knýja fram aukið atvinnuleysi. Reyndin var sú að atvinnu-leysi jókst hægum skrefum, úr 3,3% árið 2023 í 3,5% árið 2024, miðað við tölur Vinnu-málastofnunar. Á seinni hluta ársins fór þó að örla á minni spennu á vinnumarkaði, þegar haustkönnun meðal stærstu fyrirtækja landsins leiddi í ljós að fleiri fyrirtæki vildu fækka starfsfólki en fjölga því – í fyrsta sinn í fjögur ár. Þó er eftirspurn eftir vinnuafli enn yfir sögulegu meðaltali í byggingarstarfsemi, en í ferðaþjón-ustunni, stærstu útflutningsgrein þjóðarbúsins, er staðan önnur og dekkri.



Um Arion
Viðtal við bankastjóra og stjórnarformann
Lykiltölur
Helstu atburðir
Efnahagsumhverfið

Atvinnuleysi og launavísitalan - ársbreyting launavísitölunnar



Útanríkisverslun stóð í ströngu

Endurheimt ferðaþjónustunnar í kjölfar heimsfaraldursins var ævintýraleg og fór fram úr björtustu vonum. Flestir gengu fullir bjartsýni inn í árið 2024 en eldsumbrot í upphafi árs og villandi fréttaumfjöllun erlendis gerði lítið úr þeim væntingum. Eftir brösuga byrjun náði ferðaþjónustan að klóra í bakkann og fór svo að 2,2 milljónir ferðamanna sóttu landið heim sem er lítilsháttar aukning frá fyrra ári. Engu að síður var framlag greinarinnar til útflutningsvaxtar neikvætt þar sem bráðabirgðatölur benda til að dvalartími og meðalútgjöld ferðamanna hafi dregist saman milli ára. Þróunin dregur dóm af samkeppnisstöðu þjóðarbúsins sem farið hefur versnandi enda landið dýr áfangastaður, launakostnaður hár og gjaldmiðillinn sterkur.


Ferðaþjónustan var ekki ein á báti þar sem stóru rötgrónu útflutningsgreinarnar áttu einnig í vök að verjast; stóriðjan glímdi við raforkuskerðingar og sjávarútvegurinn stóð frammi fyrir loðnubresti. Þar af leiðandi kom það í hlut annarra atvinnugreina að taka við keflinu og skoruðust þær ekki undan þeirri áskorun. Bæði fiskeldi og lyfjaframleiðsla áttu góðu gengi að fagna á nýafstöðnu ári þar sem út-

flutningsverðmæti eldisafurða jókst um 17% milli ára og um 55% milli ára í tilfelli lyfja og lækningatækja. Áformin í þessum tveimur atvinnugreinum eru stórhuga og vaxtartækifærin mikil.


Þrátt fyrir að ýmsir smærri útflutningsvegir þjóðarbúsins hafi blómstrað laut útflutningur í lægra haldi fyrir innflutningi. Samkvæmt bráðabirgðatölum hefur vöruviðskiptahallinn aldrei verið meiri, jafnvel þótt innflutningur á fólksbílum hafi helmingast á milli ára. Fátt er svo með öllu illt að ekki boði gott þar sem einn mesta innflutningsvöxtinn var að finna í fjárfestingavörum, sem vonandi skilar sér í verðmætasköpun framtíðarinnar. Niðurstaðan, 26 milljarða króna viðskiptahalli þegar fyrstu níu mánuðir ársins eru teknir saman, er engu að síður vonbrigði.

Krónan lét viðskiptahallann ekki slá sig út af laginu og var einstaklega stöðug framan af ári, jafnvel þótt Seðlabankinn hafi látið gjaldeyrismarkaðinn svo gott sem afskiptalaus. Undir lok árs dró hins vegar til tíðinda og krónan styrktist skarpt samhliða viðskiptum með skráð hlutabréf, sem rekja má til yfirtöku JBT á Marel. Þegar uppi var staðið styrktist krónan um 3,4% gagnvart evru en veiktist um 2,6% gagnvart Bandaríkjadal, en til að gæta sanngirni létu flestar myntir undan síga gagnvart Bandaríkjadal.


Fjöldi erlendra ferðamanna í gegnum Keflavíkurflugvöll
Fjöldi (milljónir)




Skipting útflutnings - fyrstu níu mánuðir hvers árs
%




Gengi krónunnar gagnvart EUR og USD árið 2024



Viðskiptajöfnuður á fyrstu níu mánuðum hvers árs
- ma.kr. á föstu gengi







- Um Arion
- Viðtal við bankastjóra og stjórnarformann
- Lykiltölur
- Helstu atburðir
- Efnahagsumhverfið

Vaxtalækkunarferlið hafið

Enda þótt árið 2024 fari í sögubækurnar sem kosningaárið mikla munu greiningaraðilar minnst þess sem árs vaxtalækkana og minnkandi verðbólgu. Eftir þrjú ár af harðri baráttu hafði Seðlabankinn erindi sem erfiði; verðbólga hjaðnaði nær samfelld á árinu og stóð í 4,8% við árslok. Jafnvel þótt einskiptis-aðgerðir af hálfu hins opinbera, líkt og niðurfelling á gjöldum vegna skólamáltíða í grunnskólum, hafi verið þungar á metunum verður því ekki neitað að heilt yfir létti á verðbólguþrýstingi í hagkerfinu. Áfram dró úr undirliggjandi verðbólgu sem og umfangi og tíðni verðhækkana. Líkt og undanfarin ár var húsnæðisverð einn helsti drifkraftur verðbólgunnar þó svo að ný aðferðarfræði við mat á reiknaðri húsaleigu hafi verið tekin upp um mitt ár.

Hjöðnun verðbólgunnar, minni spennan á vinnumarkaði og hægari efnahagsumsvif sköpuðu svigrúm til vaxtalækkana á lokametrum ársins, sem peningastefnunefnd Seðlabankans tók fagnandi. Alls voru vextir lækkaðir um 0,75% prósentustig, úr 9,25% í 8,5%, í tveimur skrefum. Líklegt þykir að frekari vaxtalækkunar séu í farvatninu enda verðbólguhorfur með ágætum og verðbólguvæntingar að þróast í rétta átt. Björninn er hins vegar ekki unninn – Seðlabanki Íslands starfar eftir 2,5% verðbólguþrýstingi – og verður að teljast líklegt að peningalegt taumhald verði áfram þétt.






Stefna og framtíðarsýn
Arion samstæðan
Fjárhagsleg markmið og árangur
Fjárfest í Arion

Okkar stefna og árangur

Arion banki hefur sett sér skýra stefnu sem kveður á um hlutverk, framtíðarsýn og tilgang bankans. Við viljum virkja þann kraft sem er allt í kringum okkur, vera drifkraftur árangurs viðskiptavina okkar og samfélagsins alls – á Íslandi og víðar á norðurslóðum. Hlutverk okkar er að þjóna samfélaginu með snjöllum fjármálalausnum sem efla fjárhagslegt heilbrigði og stuðla að sjálfbærri verðmætasköpun. Gott samstarf Arion banka, Varðar trygginga og sjóðastýringarfyrirtækisins Stefnis gegnir þar lykilhlutverki. Arion starfar einnig eftir skýrum fjárhagsmarkmiðum sem birt eru opinberlega og á árinu 2024 náði samstæðan markmiði sínu um arðsemi eiginfjár umfram 13%. Að teknu tilliti til arðgreiðslna hækkuðu hlutabréf bankans á aðalmarkaði Nasdaq Iceland um 16,6% á árinu og SDR á Nasdaq í Stokkhólmi hækkuðu um 29,46%.



**Stefna og framtíðarsýn**

Arion samstæðan

Fjárhagsleg markmið og árangur

Fjárfest í Arion

Stefna og framtíðarsýn

Eitt það mikilvægasta sem Arion samstæðan gerir er að hjálpa viðskiptavinum sínum að búa við fjárhagslegt heilbrigði og ná markmiðum sínum. Það gerum við meðal annars með því að ávaxta sparnað og miðla honum til þeirra sem leita eftir fjármagni til að gera hugmyndir sínar og drauma að veruleika. Við bjóðum enn fremur fjölbreyttar tryggingar fyrir fólk, heimili og fyrirtæki og framúrskarandi lausnir á sviði lífeyrismála. Fjölbreytni þjónustunnar skiptir máli því að viðskiptavinir okkar hafa ólík markmið sem vitna um þann mikla metnað og kraft sem í þeim býr.

Stefna Arion banka er eftirfarandi:


Hlutverk okkar er að liðsinna þeim sem vilja ná árangri á Íslandi og víðar á norðurslóðum með snjöllum og traustum fjármálalausnum sem efla fjárhagslegt heilbrigði og stuðla að sjálfbærri verðmætasköpun.

Framtíðarsýn okkar er að vera best í að mæta þörfum markhópa okkar – leiðandi fyrirtæki sem er drifkraftur árangurs viðskiptavina og samfélagsins alls.

Tilgangur okkar er að virkja kraft norðursins.

Við höfum óbilandi trú á nærumhverfi okkar og því að fólk búi yfir hugmyndum og draumum sem eru þess virði að gera að veruleika, samfélaginu öllu til góðs. Við viljum virkja kraft viðskiptavina okkar, kraft kvenna, kraftinn sem í okkur býr og ekki síst kraft efnahagslífsins og samfélagsins alls.





Stefna og framtíðarsýn

Arion samstæðan
Fjárhagsleg markmið og árangur
Fjárfest í Arion

Þinn árangur

Árangur getur verið alls konar. Við erum öll ólík og markmið okkar eru fjölbreytt. Öll stefnum við fram á við og árangur viðskiptavina – þinn árangur – er það sem skiptir okkur mestu máli.

Árangur viðskiptavina

Hvort sem um ræðir stórfyrirtæki sem fjárfestir í umhverfisvænni framleiðslu eða sprotafyrirtæki í leit að fjármögnun, ungt fólk á leið í nám erlendis eða eldra fólk að byggja upp eignasöfn og tryggja fjárhagslegt öryggi á efri árum, þá erum við alltaf að vinna að árangri viðskiptavina okkar.

Árangur samfélagsins

Verkefnin sem við fjármögnum hafa mikil áhrif á samfélag okkar og umhverfi. Við trúum á kraftmikið atvinnulíf og leggjum áherslu á sjálfbæra fjármálaþjónustu samfélaginu til góðs.

Árangur eigenda

Þúsundir Íslendinga eru hluthafar í Arion, bæði beint en einnig óbeint í gegnum lífeyrissjóði. Við erum meðvituð um ábyrgð okkar og höfum metnað til þess að skila eigendum okkar auknum verðmætum.

Árangur starfsfólks

Starfsfólk bankans er fjölbreyttur hópur fólks sem á það sameiginlegt að hafa ríkan metnað fyrir störfum sínum. Við leggjum okkur fram við að byggja upp vinnustað þar sem kunnátta, þekking og færni fá að njóta sín.

Sjálfbær verðmætasköpun

Við viljum vera öðrum fyrirmynd um ábyrga og arðbæra viðskiptahætti sem taka mið af umhverfi og samfélagi. Við leggjum áherslu á að samfélagsábyrgð og sjálfbærni séu hluti af daglegri starfsemi Arion, ákvarðanatöku og ferlum. Aðeins þannig getum við eftt fjárhagslegt heilbrigði og stuðlað að sjálfbærri verðmætasköpun samfélag-sins.

Við gerum okkur grein fyrir því að fjármálafyrirtæki hafa mest áhrif með lánveitingum og fjárfestingum og tökum þá ábyrgð alvarlega. Við viljum efla fjárfestingar kvenna og jafna hlut kynjanna á fjármála-markaði og á árinu 2024 réðumst við í langtíma átaksverkefni með það að markmiði. Við höfum jafnframt sett okkur metnaðarfulla umhverfis- og loftslagsstefnu. Við viljum leggja okkar af mörkum svo að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart Parísarsamkomulaginu og öðrum innlendum og alþjóðlegum umhverfis- og loftslagssáttmálum. Við bjóðum viðskiptavinum okkar sjálfbæra og græna fjármálaþjónustu, svo sem græn bílalán, innlán, íbúðalán, fyrirtækjalán og græna sjóði Stefnis.

Gildi

Gildin okkar eru þrjú og eru leiðbeinandi við ákvarðanatöku og í öllu sem við gerum og segjum. Þau hjálpa okkur að skilja til hvers er ætlast af hverju og einu okkar – og af hópnum sem heild. Þau lýsa því hvernig við nálgumst verkefnin svo að markmið bæði okkar og viðskiptavina okkar náist.

Komum hreint fram

Við ástundum góða viðskiptahætti með sjálfbærni að leiðarljósi.

Við erum hreinskiptin og bendum á það sem betur má fara.

Við gætum trúnaðar í hvívetna og komum fram af virðingu.

Finum lausnir

Við erum jákvæð og lausnamiðuð í öllu sem við tökum okkur fyrir hendur.

Við trúum því að skapandi hugsunarháttur og lífandi frumkvæði leiði til snjallra lausna.

Við erum meira en banki – við erum úrræðagóður samstarfsaðili sem hjálpar fólki og samfélögum að ná árangri.

Vinum saman

Við berum sjálf ábyrgð á að skapa starfs-umhverfi sem er auðgandi, skemmtilegt og hvetjandi.

Við temjum okkur nána samvinnu, bæði milli sviða og við samstarfsaðila.

Við vinnum með viðskiptavinum okkar svo þeir nái markmiðum sínum.

Við höfum jafnframt sett okkur siðareglur sem við köllum lykla að ábyrgri hegðun og ákvarðanatöku. Siðareglurnar má nálgast á vef Arion banka: arionbanki.is/starfsemi/reglur-og-skilmalar



Stefna og framtíðarsýn

Arion samstæðan


Fjárhagsleg markmið og árangur

Fjárfest í Arion

Arion samstæðan

Arion banki, Vörður tryggingar og sjóðastýringarfélagið Stefnir mynda kjarnann í Arion samstæðunni og þeirri þjónustu sem við bjóðum viðskiptavinum okkar. Vörður og Stefnir eru dótturfélög Arion banka. Náið og traust samstarf félaganna þriggja leiðir til þess að við getum boðið einstaklingum, fyrirtækjum og fjárfestum fjölbreyttar og snjallar fjármálalausnir sem efla fjárhagslegt heilbrigði og stuðla að sjálfbærri verðmætasköpun. Nánar er fjallað um þjónustuframboð Arion samstæðunnar í kaflanum Okkar þjónusta.

Að auki á Arion banki 51% í Leiguskjóli, sem býður viðskiptavinum sínum húsaleiguábyrgðir frá Arion og rekur vinsælasta húsaleiguvef Íslands, myigloo.is, og 100% í fasteignapróunarfélaginu Landey, sem hefur frá árinu 2009 komið að eignarhaldi á ýmsum fasteignum og þróunarverkefnum.



Stefna og framtíðarsýn

Arion samstæðan

Fjárhagsleg markmið og árangur

Fjárfest í Arion



Vörður er alhliða váttryggingafélag sem þjónustar jafnt einstaklinga og fyrirtæki. Félagið leggur áherslu á einföld og þægileg váttryggingaviðskipti. Rætur félagsins má rekja allt aftur til ársins 1926 þegar Vél-bátasamtrygging Eyjafjarðar var stofnuð en nafni félagsins var breytt í Vörður tryggingar árið 2007. Arion banki eignaðist Vörð árið 2016 og sameinaði Okkar líftryggingum árið 2017.

Vörður þjónustar yfir 69.000 viðskiptavinum, 62.000 einstaklinga og tæplega 7.000 fyrirtæki. Helstu atvinnugreinar í fyrirtækjastofni eru verslun og þjónusta, byggingastarfsemi, fasteignaumsýsla og sérfræðiþjónusta. Markmið okkar er að eiga ánægðustu viðskiptavinina á tryggingamarkaði.

Skrifstofur Varðar eru í höfuðstöðvum Arion og hefur ýmsum þáttum þjónustunnar verið útvistað til bankans. Þjónusta Varðar er aðgengileg í fimm sameiginlegum útibúum Arion banka og Varðar.

Árangursríkt samstarf

Á árinu var þjónusta Varðar gerð aðgengileg í fjórum útibúum Arion banka. Þannig eru nú sameiginleg útibú Varðar og Arion banka orðin fimm talsins. Jafnframt var Arion endurgreiðsla kynnt til leiks fyrir viðskiptavinum samstæðunnar sem tryggja hjá Verði og eru í viðskiptum við Arion banka.

Viðskiptavinum Varðar hélt áfram að fjölga á árinu. Markmið um aukinn hlut fyrirtækja í viðskiptavinastofninum og aukna sölu persónutrygginga náðust. Þannig gekk nýsala til fyrirtækja vel enda hefur markvisst verið unnið að því að fjölga þeim í góðu samstarfi við Arion banka og aðra samstarfsaðila.

Tryggingar eru mikilvægur liður í fjárhagslegu heilbrigði og hefur Vörður einsett sér að vera leiðandi í forvörnum, bæði hvað varðar einstaklinga og fyrirtæki. Félagið leggur áherslu á að vera til staðar fyrir samfélagið og tryggja betri vernd með nýrri nálgun þannig að fleiri geti notið verndar.

Samsett hlutfall undir markmiði

Rekstur Varðar gekk vel á árinu 2024. Tekjuvöxtur var áfram stöðugur og jukust tekjur af váttryggingum í takt við markmið félagsins um vöxt og aukna markaðshlutdeild, sem var komin í 19% í lok þriðja ársfjórðungs. Á árinu átti félagið sinn besta ársfjórðung í sölu frá upphafi. Samsett hlutfall félagsins var undir markmiði ársins.

Jafnframt skilaði fjárfestingastarfsemi félagsins mun betri afkomu en á árinu 2023. Með jákvæðri þróun verðbólgu og vaxta undir lok árs tóku markaðir með hlutabréf og skuldabréf loks við sér, eftir tvö tiltölulega mögur ár.

Árið 2024 reyndist tjónléttara en það næsta á undan þrátt fyrir tvo stóra bruna hjá viðskiptavinum félagsins. Engu að síður afgreiðir félagið fleiri tugi tjóna á hverjum degi og leggur starfsfólk sig fram um að veita rétta vernd og þjónustu sem fer fram úr væntingum viðskiptavina.

Sóknaráætlun


Í kjölfar stefnumótunarvinnu í upphafi árs 2024 var gerð ný sóknaráætlun fyrir félagið. Í þétu samstarfi við Arion banka var unnið að því að fjölga þeim viðskiptavinum bankans sem tryggja hjá Verði og var Arion endurgreiðslan liður í því. Áframhaldandi áhersla verður á vöxt á fyrirtækjamarkaði í samstarfi við Arion banka og aðra samstarfsaðila félagsins.

Til að styðja við frekari vöxt var fjárfest í innviðum, stafrænum lausnum og gæðastjórnun og skipulagi breytt til að styðja betur við stefnu félagsins og metnaðarfull markmið. Til að mynda hefur aukin áhersla verið lög á líf- og heilsutryggingar með markvissum skipulags- og áherslubreytingum og hefur það skilað sér í aukinni sölu. Jók líftryggingafélagið markaðshlutdeild sína í fyrsta sinn síðan árið 2017. Þar að auki hefur verið horft til þess að efla enn frekar samstarf innan samstæðunnar í vöruþróun og sölu líf- og heilsutrygginga. Vörður er vel í stakk búinn til að mæta áskorunum framtíðarinnar.

„Við í Verði viljum vera til staðar fyrir samfélagið og veita rétta vernd. Á hverjum degi leggjum við okkur fram um að vera til staðar fyrir viðskiptavinum okkar, veita þeim framúrskarandi þjónustu og gera stöðugt betur.“

- Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir
Forstjóri Varðar trygginga





Stefna og framtíðarsýn
Arion samstæðan
Fjárhagsleg markmið og árangur
Fjárfest í Arion

Árið 2024

Okkar stefna og árangur

Okkar þjónusta

Okkar afkoma og áhættustýring

Okkar stjórnarhættir

Okkar sjálfbærni



Stefnir hf. er rótgróið íslenskt sjóðastýringarfyrtæki sem var stofnað árið 1996. Hlutverk félagsins er að stýra fjármunum í eigu viðskiptavina með hagsmuni þeirra að leiðarljósi. Stefnir þjónar jafnt einstaklingum sem fagfjárfestum.

Stefnir hefur um margra áratuga skeið verið í fararbroddi eignastýringarfélaga á Íslandi þegar kemur að vörupróun í sjóðastýringu. Sjóðir félagsins fjárfesta bæði hérlandis og erlendis á hlutabréfa- og skuldabréfamörkuðum sem og á peningamarkaði. Þeir fjárfesta fyrir hönd eigenda sinna, sem er sístækkandi hópur einstaklinga á öllum aldri ásamt umfangsmestu fagfjárfestum landsins. Lögð er rík áhersla á að fjárfestingar sjóðanna og eftirfylgni sé framkvæmd með ábyrgum og gagnsæjum hætti. Fjölbreytt úrval 35 sjóða gefur viðskiptavinum færi á að velja sjóði með fjárfestingarstefnu sem hæfir þörfum hvers og eins.

Sjóðir Stefnis eru bæði verðbréfasjóðir og sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta og sérhæfðir sjóðir sem markaðsettir eru til fagfjárfesta. Þá annast félagið einnig rekstur á nokkrum slhf. hlutafélögum sem eru í eigu fagfjárfesta. Þessi samlagshlutafélög fjárfesta ýmist í hefðbundnum óskráðum rekstrarfélögum eða fasteignum.

Stefnir er með starfsstöð í höfuðstöðvum Arion og hefur útvistað til Arion banka flestum verkefnum sem falla utan stýringar á fjármunum viðskiptavina og áhættustýringar.

Eignir í stýringu jukust um 35% á árinu

Eignir í stýringu félagsins voru um 336 milljarðar króna um sl. áramót sem er hækkun um 89 milljarða króna eða 35% á árinu 2024. Fjárhæð eigna í stýringu hefur ekki verið hærri í sögu félagsins í hefðbundinni sjóðastýringu. Hækkunin skýrist af jákvæðri ávöxtun, innflæði ásamt stofnun nýrra sjóða. Dreifing fjármuna á mismunandi eignaflokka skilar góðu jafnvægi í tekjusatsetningu félagsins.

Fjárfest í rannsóknum

Innan Stefnis er starfrækt sérstakt teymi sem annast greiningarstarf sem styður við fjárfestingarferli innan félagsins sem og við eftirfylgni með fjárfestingum sjóðanna. Það að efla þennan þátt starfseminnar á umliðnum árum hefur gert félaginu betur kleift að takast á við áskoranir í fjárfestingarumhverfi þeirra sjóða sem það rekur, til hagsbóta fyrir viðskiptavinum.

Kaup lífeyrissjóða á Íveru

Á árinu gekk SRE III slhf., sem er samlagshlutafélag í stýringu hjá Stefni og að fullu í eigu íslenskra lífeyrissjóða, frá kaupum á félaginu Ívera ehf. (áður Heimstaden ehf.) en félagið er með um 1.600 íbúðir í langtímaleigu hér á landi og þar af leiðandi stærsta íbúdaleigufélag landsins. Fjárfestingin markar tímamót á fasteignamarkaði á Íslandi þar sem hún eykur flæði fjármagns frá lífeyrissjóðum inn á leigumarkað með íbúðir til langtímabúsetu fyrir einstaklinga. Kröftug innkoma lífeyrissjóða inn á húsnæðismarkaðinn er til þess fallin að skapa grundvöll fyrir stöðugri leigumarkað og hraða enn frekar uppbyggingu á íbúðarhúsnæði hérlandis.

Útgáfa höfuðstólstryggðra skuldabréfa

Þá var SEL I hs. stofnaður á árinu 2024, en hann gaf út höfuðstólstryggt skuldabréf (SEL 1 27 12) sem var skráð á First North. Um er að ræða fyrstu höfuðstólstryggðu skuldabréfaútgáfu sjóðs á Íslandi í fjölda ára.

Markmið sjóðsins er að tryggja að hann geti mætt greiðsluflæði skuldabréfsins sem er á gjalddaga í lok árs 2027 með því að fjárfesta í öðrum skuldabréfum og afleiðum tengdum erlendri hlutabréfavísitölu. Áskriftir voru 30 milljónir Bandaríkjadala. Stefnir hefur starfrækt á annan tug slíkra sjóða en útgáfa SEL I hs. var sú stærsta í sögu félagsins og sú fyrsta í yfir tíu ár. Í upphafi árs 2025 bætti svo sjóðurinn SEL II hs. um betur með því að safna áskriftum fyrir 32,3 milljóna Bandaríkjadala skuldabréfaútgáfu sem var áþekk þeirri sem SEL I hs. gerði á árinu 2024. Stefnir hefur því nýlega stofnað tvo sjóði sem hafa gefið út höfuðstólstryggð skuldabréf fyrir 62,3 milljónir Bandaríkjadala.

Sjóðirnir SRE III slhf., SEL I hs. og SEL II hs. eru dæmi um það hvernig Stefnir mætir þörfum viðskiptavina sinna með sérsniðnum lausnum á sjóðastýringarmarkaði.


Katla Fund skilar góðri ávöxtun

Af erlendum hlutabréfasjóðum skilaði Katla Fund – Global Equity bestu ávöxtun allra sjóða á árinu skv. Keldunni, eða 22,81% í 12 mánaða ávöxtun. Sjóðurinn átti stóran þátt í fjölgun viðskiptavina hjá Stefni á árinu enda fjölgaði eigendum sjóðsins um liðlega 54% á árinu 2024.

„Við bjóðum fjölbreytt úrval fjárfestingakosta sem gefur viðskiptavinum okkar færi á að velja sjóði með fjárfestingarstefnu sem hæfir þörfum hvers og eins.“

- Jón Finnbogason
Framkvæmdastjóri Stefnis





Stefna og framtíðarsýn
Arion samstæðan
Fjárhagsleg markmið og árangur
Fjárfest í Arion



Landey ehf. er fasteignaþróunarfélag í eigu Arion banka hf. Landey hefur frá stofnun árið 2009 komið að eignarhaldi á ýmsum fasteignum og þróunarverkefnum. Núverandi eignir félagsins eru lóðir og fasteignir á Blikastaðalandi, við Þrastarhöfða í Mosfellsbæ, 51% eignarhlutur í Arnarneshálsi í Garðabæ og lóð og verksmiðjuhúsnæði í Helguvík. Markmið Landeyjar er að auka verðmæti eigna sinna með áframhaldandi þróun og uppbyggingu þessara svæða.

Um Arnarlandið

Í Arnarlandi er áætlað að byggist upp líflegt borgarumhverfi með nýjum íbúðum, þjónustu og atvinnustarfsemi. Í deiliskipulagstillögu hverfisins er gert ráð fyrir um 450 íbúðum, ýmissi nærþjónustu og heilsuklasa þar sem áhersla er lögð á aðsetur fyrir fjölbreytt fyrirtæki tengd heilsu og hátækni. Vinna við deiliskipulag stendur yfir og eru ábendingar úr samráði hafðar til hliðsjónar í þeirri vinnu.

Hverfið er mótað í samræmi við fyrirliggjandi stefnur og áætlanir, m.a. um samþættingu skipulags byggðar og samgangna, þróun þéttbýlis á höfuðborgarsvæðinu, uppbyggingu á samgöngu- og þróunarás og þéttingu byggðar. Þá er uppbygging í Arnarlandi einnig í samræmi við stefnu Garðabæjar um hagkvæma uppbyggingu hverfa þar sem hugað er að heilnæmu umhverfi, góðum samgöngum og fjölgun lóða undir íbúðabyggð. Í Arnarlandi er lögð áhersla á nærþjónustu og fjölbreytta starfsemi svo að úr verði umhverfi sem styður við aukin lífsgæði jafnt fyrir íbúa hverfisins sem og nágretta.

Um Blikastaðalandið

Blikastaðaland er u.þ.b. 98 hektarar og er eitt stærsta óbyggða landsvæði höfuðborgarsvæðisins. Landið er í eigu Arion banka í gegnum félagið Blikastaðaland ehf. Gert er ráð fyrir að fjöldi íbúða verði í heild um 3.600, blanda fjölbýlis og sérbýlis, að viðbættum 150 íbúðum fyrir 55 ára og eldri, skóla, íþróttaaðstöðu og allt að 66.000 fermetrum atvinnuhúsnæðis. Samkomulag við Mosfellsbæ felur í sér að Blikastaðaland ehf. taki þátt í uppbyggingu innviða svæðisins.

Vinna við fyrsta áfanga deiliskipulags fyrir Blikastaðalandið hófst af krafti á árinu 2024. Í byrjun árs 2025 var haldinn opinn íbúafundur til að kynna tillöguna, sem enn er í vinnslu, fyrir þennan fyrsta áfanga landsins þar sem gert er ráð fyrir u.þ.b. 12 til 13 hundruð íbúðareiningum sem skiptast munu í sérbýli, einbýlis-, par- og raðhús og fjölbýli.

Tillögunni fyrir fyrsta áfanga er ætlað að kynna helstu hugmyndir, forsendur og umhverfismat fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum. Í kjölfarið verður unnið með innsendar ábendingar og endanleg skipulagstillaga auglýst en stefnt er að því að klára endanlegt skipulag fyrir fyrsta áfanga seinni-part árs 2025. Meginmarkmið skipulagsins er að leggja grunn að öflugu og eftirsóknarverðu hverfi sem styrkir nærumhverfið og bætir lífsgæði þeirra sem þar eru. Rísa á blönduð byggð með áherslu á samspil náttúru og byggðar og gæði almenningsrýma. Nýtt hverfi skal hýsa lifandi starfsemi og fjölbreyttar íbúðir með góðu aðgengi að ólíkum ferðamátum. Áhersla er lögð á vistvænar samgöngur, stíga og góðar tengingar. Blikastaðabær mun öðlast nýtt hlutverk sem lifandi miðsvæði verslunar og þjónustu.

Í allri hönnun Blikastaðalandsins verður tekið mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og byggðin vistvottuð samkvæmt BREEAM vistvottunarkerfinu.




Leiguskjól

Leiguskjól ehf. er fjártækknifélag sem býður viðskiptavinum sínum húsaleiguábyrgðir frá Arion banka auk annarrar virðisaukandi þjónustu og rekur einnig leiguvefinn www.myigloo.is. Arion banki á 51% hlut í Leiguskjóli ehf.

Leiguskjól er gott dæmi um samstarfsaðila sem bankinn hefur valið að starfa með og styður við þjónustu bankans. Leiguskjól tók þátt í Startup Reykjavík hraðlinum árið 2018. Þar hófst fjárfesting bankans í félaginu þegar bankinn eignaðist 6% hlut. Á árinu 2019 gerði bankinn samstarfssamning við félagið ásamt því að auka við fjárfestingu sína í félaginu og á bankinn nú 51% hlut.

Fjárfestingin og samstarfssamningurinn við Leiguskjól eru liður í áherslu bankans á samstarf við fjártækknifélög þar sem markmiðið er meðal annars að nýta grunnstoðir bankans og tengja við þá einurð og þann kraft sem felst í frumkvöðlastarfi.



Fjárhagsleg markmið og árangur

Arion samstæðan starfar samkvæmt skýrum fjárhags-markmiðum sem birt eru opinberlega. Rekstur Arion gekk almennt vel á árinu 2024 þrátt fyrir krefjandi ytra umhverfi og náði bankinn markmiði sínu um arðsemi eiginfjár umfram 13%.

Uppfærð markmið tóku gildi fyrir árið 2024

Fjárhagsmarkmið samstæðunnar voru uppfærð í mars 2024 og gilda til næstu þriggja ára. Markmiðin eru endurskoðuð árlega. Breytingarnar voru eftirfarandi:

- Markmið um hlutfall kjarnatekna af áhættugrunni var hækkað um 0,2 prósentustig í 7,2%.
- Markmið um hlutfall kostnaðar af kjarnatekjum var lækkað úr 48% í 45%.
- Markmiði um iðgjaldavöxt Varðar var breytt þannig að hann þarf nú að vaxa hlutfallslega meira en iðgjaldavöxtur markaðarins en ekki er lengur kveðið á um að vöxturinn þurfi að vera 3% umfram vöxt markaðarins.
- Markmiði um að samsett hlutfall Varðar skuli vera undir 95% var bætt við.

Arion hefur skilgreint hreinar vaxta- og þóknanatekjur og tekjur af tryggingastarfsemi sem kjarnatekjur.

Markmið ársins 2024

Arion banki birtir helstu fjárhagsmarkmið bankans í kauphöll og árshlutauppgjörum bankans. Hér má sjá yfirlit yfir fjárhagsmarkmið fyrir árið 2024 og þann árangur sem náðist.

	Markmið	2024
Arðsemi eigin fjár	Umfram 13%	13,2%
Kjarnatekjur/áhættugrunnur	Umfram 7,2%	7,1%
Iðgjaldavöxtur Varðar	Vöxtur verði umfram vöxt innlends tryggingamarkaðar	10,6% (iðgjaldavöxtur innanlands var um 9,6% fyrstu 9 mánuði ársins)
Samsett hlutfall Varðar	Undir 95%	88,9%
Kostnaður sem hlutfall af kjarnatekjum	Lægra en 45%	47,2%
Hlutfall eiginfjárbáttar 1 yfir kröfum eftirlitsaðila	1,50-2,50% stjórnendaauki	293 bps
Arðgreiðsluhlutfall	50%	61%


Þannig náði Arion arðsemismarkmiði sínu og Vörður tryggingar náði markmiðum um vöxt iðgjalda og samsett hlutfall. Markmiðum um hlutfall kostnaðar af kjarnatekjum og hlutfall kjarnatekna af áhættu-grunni náðust ekki. Eins náðist ekki markmið um að hlutfall almenns eiginfjárbáttar 1 sé á bilinu 16,8%-17,8%, ekki frekar en undanfarin ár.

Hlutfall almenns eiginfjárbáttar 1 var 18,2% eða 2,93 prósentustigum yfir kröfum eftirlitsaðila. Markmið bankans er að viðhalda hlutfallinu á bilinu 1,50-2,50 prósentustigum yfir kröfunum. Arðgreiðslur og endurkaupaáætlun bankans eru liður í því að ná þessu markmiði. Arðgreiðslustefna Arion banka kveður á um að bankinn greiði sem nemur 50% af hagnaði í arð auk þess sem frekari arðgreiðslur eða endurkaup eigin hlutabréfa geti farið fram þegar bankinn ræður yfir eigin fé sem er umfram kröfur eftirlitsaðila að viðbættum stjórnendaauka.

Stjórn bankans leggur til að arður sem nemur 11,5 krónum á hlut eða sem jafngildir um 16 mö.kr., að teknu tilliti til eigin bréfa bankans, verði greiddur á árinu 2025 vegna ársins 2024. að teknu tilliti til eigin bréfa bankans, sem samsvarar 11,5 krónum á hlut eða 61% af hagnaði ársins 2024. Í mars 2024 greiddi Arion banki út 13,2 milljarða króna arð, sem samsvarar 9,0 krónum á hlut.

Skýr markmiðasetning lykill að árangri

Fyrir utan þessi fjárhagslegu markmið starfa bankinn, svið hans, dótturfélög og starfsfólk samstæðunnar eftir fjölbættum markmiðum. Fjöldmörg þeirra eru mikilvægur liður í kaupaukakerfum félaganna og er þróun þeirra sýnileg starfsfólki allt árið. Sem dæmi um slíka mælikvarða má nefna þekkingu á viðskipta-vinum (KYC/AML), uppitíma apps og netbanka og ánægju viðskiptavina.



Fjárfest í Arion

Hlutfé félagsins tilheyrir allt einum flokki hlutafjár. Hver hlutur er ein króna að nafnverði og fylgir honum eitt atkvæði. Viðskipti með hlutabréf Arion banka hf. fara fram hjá Nasdaq Iceland en einnig hjá Nasdaq Stockholm í formi sænskra heimildarskírteina (SDR) þar sem eitt SDR jafngildir einum hlut.

Hlutfé félagsins í upphafi árs nam 1.460.000.000 kr. að nafnvirði en í árslok nam útgefið hlutfé bankans 1.513.423.078 eftir að bankinn gaf út hlutfé vegna nýtingar áskriftaréttinda á árinu. Í árslok átti Arion banki samtals 100.664.094 eigin hluti og heimildarskírteini eða um 6,65% af útgefnu hlutfé sem jókst í kjölfar endurkaupaáætlana á árinu.

Stærstu hluthafar og hreyfingar

Eftirfarandi hluthafar, sem eiga um eða yfir 1% af útgefnu hlutfé, juku eignarhald sitt í bankanum á árinu 2024: Brú lífeyrissjóður, sem bætti við sig um 0,97 prósentustigum, Kjölur fjárfestingarfélag, sem bætti við sig 0,38 prósentustigum, Íslandssjóðir, sem bættu við sig um 0,36 prósentustigum, og Lífsverk, sem bætti við sig um 0,28 prósentustigum. Þeir hluthafar sem minnkuðu hlut sinn mest á árinu 2024 voru Kvika, sem minnkaði hlut sinn um 0,74 prósentustig, Íslandsbanki, sem minnkaði hlut sinn um 0,72 prósentustig, og Gildi lífeyrissjóður, sem minnkaði hlut sinn um 0,68 prósentustig.

Í árslok 2024 var Gildi lífeyrissjóður stærsti hluthafinn í Arion banka með 9,17% eignarhlut. Lífeyrissjóður verzlunarmanna var annar stærsti hluthafi bankans með 9,06% eignarhlut og þriðji stærsti var Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins með 8,79% hlut.


Stærstu hluthafar – 31. desember 2024	Fjöldi hluta	%
Gildi Pension Fund	138.739.018	9,17%
Live Pension Fund	137.150.393	9,06%
LSR Pension Fund	133.070.116	8,79%
Arion banki hf.	100.664.094	6,65%
Brú Lífeyrissjóður	80.394.304	5,31%
Stoðir hf.	80.000.000	5,29%
Frjálsi Pension Fund	54.425.062	3,60%
Vanguard	54.373.907	3,59%
Birta Pension Fund	47.745.767	3,15%
Stapi Pension Fund	45.762.593	3,02%
Hvalur hf.	36.771,350	2,43%
Festa Pension Fund	34.020.831	2,25%
Stefnir Asset Management Company hf	31.446.641	2,08%
Almenni Pension Fund	24.640.174	1,63%
Íslandsbanki hf.	23.031.219	1,52%
Lífsverk Pension Fund	22.844.073	1,51%
Iceland Funds	15.272.605	1,01%
Landsbréf hf.	14.205.953	0,94%
Kvika banki hf.	13.904.007	0,92%
Landsbankinn hf.	13.871.946	0,92%

Heimild: Nasdaq Iceland, Euroclear Sweden og Modular finance

Eignarhald – skipting milli landa

Í lok árs 2024 voru um 91% hluthafa íslenskir. Aðrir hluthafar voru fyrst og fremst frá Bandaríkjunum, Bretlandi og Svíþjóð. Fjöldi hluthafa í Arion banka var um 10.200 í lok árs 2024.





Arðgreiðslur og endurkaup

Aðalfundur Arion banka í marsmánuði samþykkti að 13,2 milljarða króna arður yrði greiddur á árinu vegna uppgjörsársins 2023 eða sem samsvarar 9,0 krónum á hlut. Á árinu 2024 keypti bankinn jafnframt eigin bréf fyrir um 12,5 milljarða eða 90.374.017 hluti og heimildarskírteini (SDR). Fyrir neðan má sjá arðgreiðslur og endurkaup eigin bréfa síðastliðin fimm ár og sem hlutfall af arðsemi fyrra árs (heildarútgreiðsluhlutfall).


Hlutabréfaviðskipti og árangur

Íslenski hlutabréfamarkaðurinn einkenndist af lækkunum á fyrri hluta árs en hækkunum seinni hluta árs og það sama gildi um hlutabréf Arion banka. Hlutabréf bankans á aðalmarkaði Nasdaq Iceland hækkuðu um 9,87% á árinu og SDR á Nasdaq í Stokkhólmi hækkuðu um 22,05%. Sé tekið tillit til arðgreiðslna á árinu hækkuðu hlutabréf Arion banka um 16,6% og SDR í Stokkhólmi um 29,46%.

Meðalvelta á árinu 2024 með hlutabréf bankans hækkaði frá fyrra ári en lækkaði fyrir SDR. Dagleg meðalvelta var um 4,2 milljónir hlutabréfa og um 31 þúsund SDR. Til samanburðar var dagleg meðalvelta um 2,88 milljónir bréfa árið 2023.

Arðgreiðslur og endurkaup eigin hlutabréfa

i milljörðum króna




Þróun hlutabréfaverðs Arion banka og banka á Norðurlöndum

Á næstu síðu má sjá þróun hlutabréfa og SDR Arion banka á árinu 2024 og samanburð við vísitölur, valda stóra og skráða banka á Norðurlöndum sem og meðalstóra (e. mid cap) norræna banka.

Þróun hlutabréfaverðs 2024 með og án tillits til arðgreiðslna


Banki	Breyting	Breyting m.t.t. arðs
Sydbank	29,4%	40,7%
Arion SDR	22,1%	29,5%
Danske Bank	12,9%	25,1%
Ringkjöbing Landsbank	21,4%	22,5%
Íslandsbanki	11,7%	18,5%
Kvika Bank	18,2%	18,2%
SEB	9,1%	17,8%
Handelsbanken	4,3%	16,6%
Arion Bank	9,9%	16,6%
Swedbank	7,4%	15,1%
DNB	5,0%	13,7%
Jyske Bank	5,4%	6,8%
Aktia	-2,2%	5,2%
Nordea	-3,5%	5,0%

Heimild: Bloomberg og Nasdaq



Stefna og framtíðarsýn
Arion samstæðan
Fjárhagsleg markmið og árangur
Fjárfest í Arion


Verðþróun – hlutabréf á Íslandi, heimildarskírteini (SDR) í Svíþjóð og vísitölur 2024
Vísitölur 31.12.2023 = 100




Samanburður verðþróunar við litla og meðalstóra banka á Norðurlöndum
Vísitölur 31.12.2023 = 100



Samanburður verðþróunar við stóra banka á Norðurlöndum 2024
Vísitölur 31.12.2023 = 100






Stefna og framtíðarsýn
Arion samstæðan
Fjárhagsleg markmið og árangur
Fjárfest í Arion

Helstu tölur

Hlutabréf Arion banka (frá skráningu á almennan hlutabréfamarkað)	2024	2023	2022	2021	2020	2019	2018
Hagnaður á hlut, í krónum	18,25	17,80	17,06	17,96	7,24	0,61	3,86
Arður á hlut, í krónum	9,0	8,5	15	1,74	0,00	5,00	5,00
V/H hlutfall	9,15	8,54	8,79	10,61	13,12	141,48	18,26
Markaðsvirði, milljarðar króna	236	220	220	289	163	153	141
Markaðsvirði, milljarðar SEK	19,0	15,9	16,1	20,3	10,5	11,9	9,4
Hlutabréfaverð, 31. desember, kr. á hlut	167	152	150	190,5	95	86,3	70,5
Hlutabréfaverð (í formi SDR), 31. desember, SEK	13,45	11,02	10,96	13,40	6,12	6,69	5,18
Hæsta hlutabréfaverð á árinu (dagslokaverð), kr. á hlut	167	158,5	191,5	198	95	86,3	93,6
Hæsta hlutabréfaverð á árinu (SDR dagslokaverð), SEK	9,80	12,00	14,4	13,60	6,85	6,69	8,07
Lægsta hlutabréfaverð á árinu (dagslokaverð), kr. á hlut	126,5	126,5	147,5	93,7	49	69,25	70,5
Lægsta hlutabréfaverð á árinu (SDR dagslokaverð), SEK	9,61	9,61	10,96	6,02	3,49	5,25	5,18
Ávöxtun í árslok, kr.	9,9%	1,3%	-21,3%	100,5%	10,1%	22,4%	-6,0%
Ávöxtun í árslok (SDR), SEK	22,1%	0,5%	-18,2%	119,0%	-8,5%	29,2%	-15,2%
Ávöxtun hluthafa mælt í krónum, %	16,6%	7,74%	-13,4%	102,4%	10,1%	29,5%	0,7%
A/V hlutfall mælt í krónum, %	5,4%	5,46%	10,0%	0,9%	0,0%	5,8%	7,1%
Meðalvelta á dag á Nasdaq Iceland (fjöldi hluta)	4.165.327	2.840.147	3,547,348	7.639.689	4.244,811	5.226.166	1.206.679
Meðalvelta á dag á Nasdaq Stockholm (fjöldi SDR)	30.841	41.407	198.530	331.374	648.087	1.535.434	1.289.180
Fjöldi útistandandi hluta 31. desember (milljónir hluta)	1.412	1.446	1.465	1.518	1.718	1.773	1.814
Fjöldi eigin hluta/SDR 31. desember (milljónir hluta)	100,7	13,9	45,4	141,7	12,0	41,0	186,0
Fjöldi útgefinna hluta	1.513	1.460	1.510	1.660	1.730	1.814	2.000

Heimild: Bloomberg og Nasdaq



Einstaklingsþjónusta
Fyrirtækjapjónusta
Markaðir

Árið 2024

Okkar stefna og árangur

Okkar þjónusta

Okkar afkoma og áhættustýring


Okkar stjórnarhættir


Okkar sjálfbærni

Okkar þjónusta

Hjá Arion samstæðunni geta einstaklingar, fyrirtæki og fjárfestar sótt hvers kyns fjármálaþjónustu. Við bjóðum viðskiptavinum okkar fjölbreyttar sparnaðarleiðir í formi innlána, sjóða og verðbréfa, greiðslukort, hvers kyns fjármögnun og fjölbreytt úrval skaðatrygginga. Þá bjóðum við fyrirtækjum viðamikla ráðgjöf og einstaklingum fjölbreytta þjónustu á sviði lífeyrismála og líf- og sjúkdómatrygginga. Þjónustan er nær öll aðgengileg með þægilegum hætti í Arion appinu og netbankanum – sem gefur einstaka heildarsýn yfir fjármálin. Við leggjum jafnframt áherslu á persónulega þjónustu. Premía þjónustan okkar er gott dæmi um það en hún er sérsniðin að þörfum þeirra sem eru í umfangsmiklum viðskiptum við okkur.

Við starfrækjum tólf útibú og afgreiðslur um land allt þar sem nálgast má þjónustu Arion banka, Varðar og Stefnis. Þjónustu okkar er einnig hægt að nálgast í gegnum vef, netbanka og Arion appið. Að auki geta viðskiptavinir haft samband við okkur í gegnum þjónustuver, netspjall eða tölvupóst.





Einstaklingsþjónusta
Fyrirtækjaþjónusta
Markaðir

Árið 2024

Okkar stefna og árangur

Okkar þjónusta

Okkar afkoma og áhættustýring

Okkar stjórnarhættir

Okkar sjálfbærni

Einstaklingsþjónusta

52%

Hlutdeild í lánum
til viðskiptavina

49%

Hlutdeild í innlánum
frá viðskiptavinum

Arion banki veitir einstaklingum þjónustu á flestum sviðum fjármála, hvort sem um ræðir sparnað, fjárfestingar, lífeyrisþjónustu, tryggingar, lán, greiðslur eða fjármálaráðgjöf. Náð samstarf innan Arion samstæðunnar, með Verði tryggingum og sjóðafyrirtækinu Stefni, gerir okkur kleift að veita heildstæða þjónustu og yfirsýn yfir fjármál og tryggingar á einum stað. Við bjóðum viðskiptavinum að sinna fjármálum sínum í appi, netbanka eða netspjalli auk þess sem þeir geta fengið þjónustu í tölvupósti, símtali eða með því að líta inn í eitt af útibúum okkar sem staðsett eru víðs vegar um landið.

Viðskiptavinir

Um helmingur þjóðarinnar er í einhverjum viðskipta-tengslum við Arion samstæðuna. Einkum leggjum við áherslu á fjölskyldur, unga fólkið og þau sem þurfa fjölbreytta fjármálaþjónustu og sveigjanleika.

Premía þjónustan er svo vönduð persónuleg fjármálaþjónusta sem tekur mið af þörfum viðskiptavina sem eru í umsvifamiklum viðskiptum við bankann. Premía veitir aðgang að okkar færustu sérfræðingum, einkabankaþjónustu og sérkjörum.

Helstu atburðir ársins

Samstarf Arion banka og Varðar heldur áfram að blómstra. Á árinu opnaði Vörður fjögur sameiginleg útibú með Arion banka: á Smáratorgi í Kópavogi; á Bildshöfða 20 í Reykjavík; í Stykkishólmi; og á Egilsstöðum. Fyrir var Vörður með sameiginlegt útibú með Arion banka á Selfossi og Akureyri. Viðskiptavinir geta því sótt alla fjármála- og tryggingarþjónustu á einum og sama stað.

Arion endurgreiðsla var kynnt til sögunnar á árinu og voru viðtökur afar góðar. Endurgreiðslan felst í því að þeir viðskiptavinir Arion banka, sem eru með tryggingar hjá Verði, fá 5% endurgreiðslu af tryggingariðgjöldum ársins ef þeir eru tjónlausir í tólf mánuði.

Háir vextir einkenndu árið en vaxtalækkunarferli stýrivaxta Seðlabanka Íslands og lækkun verðbólgu gefa von um bjartari tíma fram undan. Arion kynnti til leiks nýja leið sem kallast greiðslufesta og gerir viðskiptavinum kleift að lækka tímabundið greiðslubyrði af óverðtryggðum íbúðalánum. Viðskiptavinur greiðir í tólf mánuði fasta mánaðarlega fjárhæð sem er lægri en skilmálar lánsins kveða á um. Þessi nýjung hefur mælst vel fyrir hjá viðskiptavinum sem vilja vera áfram með óverðtryggt lán en kjósa tímabundið lægri greiðslubyrði.

Fyrsta íbúðaláninu var rafrænt þinglýst á árinu sem markar tímamót. Það mun gera okkur kleift að hraða og einfalda afgreiðslu lána. Fyrst um sinn er einungis endurfjármögnun íbúðalána þinglýst með rafrænum hætti en þegar fram líða stundir munu ný lán fara sömu leið. Það sparar viðskiptavinum ferðir í útibú og dregur úr útprentun pappírs sem er í samræmi við stefnu bankans um umhverfisvæna fjármálaþjónustu.

Sparnaður viðskiptavina hélt áfram að aukast á árinu sem helst í hendur við hátt vaxtastig. Bankinn hefur lagt áherslu á að bjóða samkeppnishæf kjör á bundnum innlánum. Reikningurinn Íbúðasparnaður, ætlaður fólki á aldrinum 18-35 ára, hefur notið mikilla vinsælda enda mikilvægt að ungt fólk, sem er að leggja til hliðar til að fjárfesta síðar í sinni fyrstu íbúð, njóti góðra kjara.


Arion banki hélt áfram að vera leiðandi í stafrænum lausnum og var Arion appið valið besta bankaappið áttunda árið í röð samkvæmt könnun Maskínu.

Nýtt og glæsilegt húsnæði Arion var tekið í notkun í Vík í Mýrdal. Í janúar yfirgaf bankinn hins vegar Keflavíkurflugvöll eftir að hafa starfrækt þar útibú frá árinu 2016.

„Við leggjum okkur fram um að mæta þörfum viðskiptavina með fjölbreyttri, aðgengilegri og þægilegri fjármálaþjónustu.“

- Iðna Brá Benediktsdóttir
Aðstoðarbankastjóri og framkvæmdastjóri
viðskiptabankasviðs





Einstaklingsþjónusta
Fyrirtækjaþjónusta
Markaðir

Þjónustuframboð Arion fyrir einstaklinga

Íbúðalán

Verðtryggð og óverðtryggð lán eða blanda af hvoru tveggja. Vextir eru ýmist fastir í þrjú eða fimm ár eða breytilegir. Lánstími er til allt að 40 ára.

Bílalán

Óverðtryggð lán með veði í bílnum til allt að sjö ára. Lánsumsókn er rafræn og gengur hratt fyrir sig.

Tryggingar

Viðskiptavinum okkar bjóðast fjölbreyttar líf- og sjúkdómatryggingar, auk skaðatrygginga, hjá Verði.

Kort

Við bjóðum fjölbreytt úrval korta til að mæta mismunandi þörfum viðskiptavina. Kreditkortin okkar eru með ýmsum fríðindum, s.s. ferðatryggingum, afsláttum og vildarpunktum. Stuðningur bankans við ungt fólk endurspeglast í því að hvorki árgjöld né færslugjöld eru innheimt vegna debetkorta og Bláa kortsins séu korthafar 23 ára og yngri. Við bjóðum einnig kortavörur eins og Premía kortin sem mæta þörfum umsvifamikilla viðskiptavina.

Sparnaður og sjóðir

Arion býður upp á fjölbreytta sparnaðarreikninga. Framtíðarreikningur er sérstaklega ætlaður börnum yngri en 18 ára og leggur grunn að sparnaði þeirra til framtíðar. Íbúðasparnaður er svo sérstaklega ætlaður ungu fólki sem vill spara fyrir íbúðarkaupum og ber háa vexti. Grænn vöxtur er sparnaðarreikningur sérstaklega ætlaður þeim sem vilja styðja við græna framtíð. Við bjóðum að auki úrval sparnaðar- og fjárfestingarleiða sem mæta ólíkum þörfum viðskiptavina okkar, m.a. í samstarfi við sjóðafyrirtækið Stefni.


Skammtímalán

Fá má yfirdráttarlán á debetkortareikning sem hentar ef taka þarf lán í stuttan tíma. Á kreditkortum er annars vegar hægt að dreifa reikningi eða stakri kröfu á reikningi. Núlán er óverðtryggt lán til allt að fimm ára.

Lífeyrismál

Arion banki býður upp á viðbótarlífeyrissparnað sem kallast Lífeyrisauki. Að auki má nálgast þjónustu Frjálsa lífeyrissjóðsins, skyldu- og viðbótarlífeyrissparnað, í gegnum þjónustuleiðir Arion.





Einstaklingsþjónusta
Fyrirtækjaþjónusta
Markaðir

Árið 2024

Okkar stefna og árangur

Okkar þjónusta

Okkar afkoma og áhættustýring

Okkar stjórnarhættir

Okkar sjálfbærni

Fyrirtækjaþjónusta

Arion banki veitir fyrirtækjum fjölbreytta fjármálaþjónustu sem stuðlar að fjárhagslegu heilbrigði og sjálfbærri verðmætasköpun. Þjónustan nær til fjármögnunar, trygginga, fjármagnsskipulags, sérhæfðra lánveitinga og fyrirtækjaráðgjafar. Með áherslu á stafrænar lausnir hefur bankinn innleitt fjölmargar lausnir sem auka skilvirkni og einfalda þjónustu fyrir viðskiptavinum. Fyrirtækjaþjónustan okkar er drifin áfram af fagmennsku og er áhersla lögð á að mæta þörfum fyrirtækja með sveigjanlegum lausnum og þjónustu.

Viðskiptavinir

Arion banki þjónar um sextán þúsund fjölbreyttum fyrirtækjum, allt frá smáum og meðalstórum fyrirtækjum til stærri fyrirtækja með flóknari þarfir. Markmið okkar er að vera leiðandi í að veita sérhæfða þjónustu sem styður við árangur og sjálfbæran vöxt viðskiptavina okkar.

Helstu atburðir ársins

Á árinu var sérstök áhersla lögð á þróun stafrænna lausna fyrir fyrirtæki. Sjálfsafgreiðsla viðskiptavina á stafrænum dreifileiðum skapar aukin þægindi og eykur skilvirkni fyrir bæði viðskiptavinum og bankann. Starfsfólk um 60% fyrirtækja í viðskiptum við Arion annast nú sjálft stofnun þjónustupátta með stafrænum hætti sem ekki aðeins stytir afgreiðslutíma heldur skapar þeim einnig aukið svigrúm til að

einbeita sér að verkefnum sem eru meira virðisaukandi. Við kynntum á árinu fjölda nýrra lausna sem stuðla að aukinni sjálfvirkni og einfaldari og skilvirkari þjónustu.

Helstu nýjungar

Nýjar lausnir í netbanka og appi bankans, meðal annars lausn fyrir kreditkortaumsýslu sem veitir viðskiptavinum yfirsýn yfir heildarheimildir og gerir lykilotendum kleift að stofna kort og breyta heimildum.

Lausnir fyrir fyrirtækjakortaeigendur sem gera þeim kleift að vista kvittanir á einfaldan hátt með því að taka mynd, bæta við upplýsingum og hengja við færslu í appinu. Einnig er hægt að tengja þessar lausnir beint við bókhaldskerfi.

Umsókn um yfirdrátt í netbanka sem eykur hraða og einfaldar ferlið. Einnig er hægt að skipta á milli notenda ef viðskiptavinur er með marga fyrirtækjaaðgangi.

Sjálfbærni og samfélagsábyrgð voru í brennidepli með útlánunum til endurnýjanlegrar orku, sjálfbærs sjávarútvegs og grænna verkefna. Samþykktar sjálfbærar lánveitingar til fyrirtækja námu um 190 milljörðum króna í árslok.

Arion banki og Evrópski fjárfestingarsjóðurinn (EIF) skrifuðu undir ábyrgðarsamning sem styður við lánveitingar til smærri og meðalstórra fyrirtækja á

hagstæðari kjörum. Samningurinn gerir okkur kleift að veita um 15 milljarða króna í lán til smárra og meðalstórra fyrirtækja með ábyrgð frá EIF. Markmiðið er að styðja við nýsköpun þegar kemur að sjálfbærni og umhverfismálum, stafvæðingu samfélagsins og menningu.

Árið var einnig viðburðaríkt þegar kemur að fyrirtækjaráðgjöf en meðal verkefna má nefna:

- Hlutfjáráukningu Controlant.
- Kaup SKEL og Axcent of Scandinavia á verslunarkeðjunni INNO, sem hlaut viðskiptaverðlaun M&A Awards í Belgíu í flokki meðalstórra viðskipta.
- Tvískráningu Kaldvíkur á First North.
- Yfirtökutilboð Langasjávar í Eik fasteignafélag.
- Ráðgjöf fyrir JBT í valfrjálssu yfirtökutilboði félagsins í Marel.



Bankinn kom að fjölda annarra verkefna, svo sem hlutfjáráukningum í landeðisverkefnum og kaupum og sölu á fasteignasöfnum og rekstrarfélögum. Allt eru það verkefni sem endurspegla sterka stöðu bankans á sviði fyrirtækjaráðgjafar og færni í að aðstoða fyrirtæki við að ná markmiðum sínum.

48%

Hlutdeild í lánum til viðskiptavina


51%

Hlutdeild í innlánum frá viðskiptavinum

„Okkar þjónusta nær til allra gerða fyrirtækja, allt frá smáum og meðalstórum félögum til skráðra félaga, og er markmið okkar ætíð að styðja við sjálfbæra verðmætasköpun þeirra.“


- Hákon Hrafn Gröndal
Framkvæmdastjóri fyrirtækja- og fjárfestingarbankasviðs





Einstaklingsþjónusta
Fyrirtækjþjónusta
Markaðir

Skipting lánaþókar eftir atvinnugreinum



Þjónustuframboð Arion fyrir fyrirtæki

Skammtímaffjármögnun
Yfirdráttarlán
Framkvæmdafjármögnun/Ádráttarlán

Langtímaffjármögnun
Skuldabréfalán
Fjármögnun atvinnuhúsnæðis
Lán til kaupa á skipum eða kvóta
Atvinnutækjalán

Sjálfbær fjármögnun
Fjármögnun með ábyrgð frá Evrópska
fjárfestingarsjóðnum (EIF)


Fyrirtækjaráðgjöf
Ráðgjöf sem snýr að stjórnun samruna og
yfirtaka, virðismati og fjárfestingaráðgjöf,
kaupum og sölu fyrirtækja og eigna,
fjárhagslegri endurskipulagningu,
áætlanagerð og umsjón með skráningu og
útboðum í kauphöll.

Ábyrgðir
Skjalaábyrgðir, yfirlýsingar og bankaábyrgðir

**Sérhæfð lán fyrir sjávarútveg
og landbúnað**
Afurðalán
Lán til landbúnaðar

Tryggingar
Sniðnar að þörfum ólíkra atvinnugreina:

- Framleiðsla og iðnaður
- Verslun og þjónusta
- Sjávarútvegur
- Ferðaþjónusta
- Landbúnaður
- Heilbrigðis- og sálfræðiþjónusta



Einstaklingsþjónusta
Fyrirtækjapjónusta
Markaðir

Árið 2024

Okkar stefna og árangur

Okkar þjónusta

Okkar afkoma og áhættustýring

Okkar stjórnarhættir

Okkar sjálfbærni

Markaðir

Arion veitir viðskiptavinum sínum margvíslega þjónustu á sviði markaðsviðskipta, sjóðastýringar, lífeyrismála og eignastýringar. Við sérhæfum okkur í verðbréfamiðlun og eignastýringu fyrir einstaklinga og fagfjárfesta og í rekstri lífeyrissjóða. Stefnir, dótturfélag Arion, býður að auki upp á fjölbreytt úrval verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta jafnt sem fagfjárfesta.

Við leggjum okkur fram um að skapa og finna góða fjárfestingarkosti til að ávaxta fjármuni viðskiptavina eins og best verður á kosið á hverjum tíma og skapa ávinning, m.a. með góðri þjónustu, ávöxtun, faglegum vinnubrögðum, gagnsæi og markvissri áhættustýringu.

Við viljum stuðla að fjárhagslegu heilbrigði viðskiptavina okkar og leggjum mikið upp úr því að laga þjónustuna að þörfum þeirra. Stafrænt aðgengi að stöðu, hreyfingum og sjálfsafgreiðslu er lykilatriði þegar kemur að lífeyrissparnaði og verðbréfum líkt og öðrum fjármálum. Viðskiptavinir okkar hafa greiðan aðgang að Arion appinu, netbanka Arion og mínum síðum lífeyrissjóðanna. Allt eru það lausnir sem færa fjármál, þar með talin lífeyrismál, nær eigendum og auka þar með áhuga og þekkingu, öllum til hagsbóta. En við leggjum ekki síður áherslu á persónulega þjónustu og er markmið okkar ávallt að veita góða og þægilega fjármálaþjónustu.

Viðskiptavinir

Þegar kemur að mörkuðum eru viðskiptavinir okkar bæði einstaklingar og fagfjárfestar. Síðarnefndi hópurinn hefur stækkað jafnt og þétt að undanfögnu.

Mikilvægur hluti af Premía þjónustu okkar fyrir umsvifamikla einstaklinga er sérhæfð einkabankaþjónusta en markmið Premía þjónustunnar er að tryggja að þeir njóti bestu mögulegu þjónustu hverju sinni.

Nokkrir stærstu fagfjárfestar landsins, s.s. lífeyrissjóðir, séreignasjóðir, ýmis samtök og tryggingafélög, nýta þjónustu Arion við stýringu á eignasöfnum, ýmist að hluta til eða í heild. Enn fleiri fagfjárfestar nýta þjónustu okkar við kaup og sölu í erlendum sjóðum sem og í sjóðum Stefnis. Auk þess sinnum við verðbréfamiðlun fyrir stóran hóp innlendra og erlendra viðskiptavina bankans.

Við sérhæfum okkur í rekstri lífeyrissjóða en alls eru um 136.000 sjóðfélagar með lífeyrissparnað í vörslu bankans. Frjálsi lífeyrissjóðurinn, sem er með stærstu séreignardeild allra vörsluaðila á Íslandi, hefur átt í farsælu samstarfi við Arion og forvera hans allt frá árinu 2001. Um 33 þúsund sjóðfélagar völdu að greiða skyldu- og/eða viðbótarlífeyrissparnað í Frjálsa á árinu. Stærð sjóðsins í árslok var um 525 milljarðar króna. Lífeyrisauki, viðbótarlífeyrissparnaður Arion, er stærsti séreignarsjóður landsins. Um 26 þúsund sjóðfélagar völdu að greiða viðbótarlífeyrissparnað í sjóðinn á árinu. Stærð sjóðsins í árslok var um 168 milljarðar króna. Aðrir lífeyrissjóðir í rekstri og eignastýringu hjá Arion eru EFÍA, Lífeyrissjóður Rangæinga og LSBÍ.

Helstu atburðir ársins

Markaðir á Íslandi einkenndust á árinu 2024 af háu vaxtastigi og lækkandi verðbólgu en þrátt fyrir mikla óvissu vegna eldsumbrota, kjarasamninga og kosninga endaði árið nokkuð vel á verðbréfa-mörkuðum.

Vaxtalækkunarferli Seðlabankans hófst í október og lækkun verðbólgu gefur vonir um eðlilegra vaxtastig á næstu misserum sem ætti að hafa jákvæð áhrif á verðbréfamarkaðinn. Á skuldabréfamarkaði bötnuðu skilyrði fyrir fjárfesta og varð töluverð aukning í fjárfestingum erlendra aðila í lengri óverðtryggðum skuldabréfum. Verðþróun og ávöxtun skuldabréfa var nokkuð stöðug á árinu þrátt fyrir lækkun stýrivaxta. Eftir erfiðan fyrri hluta ársins á innlenda hlutabréfamarkaðnum varð viðsnúningur um miðjan september, þegar gengi flestra félaga tók að hækka vegna væntinga um frekari vaxtalækkanir. Vísitala aðallista með arði hækkaði um 14,7% á árinu, sem er umtalsverð hækkun frá árinu áður.

Viðskipti með hlutabréf á Nasdaq Iceland tóku einnig við sér og velta jókst um 30% milli ára. Arion var í fyrsta sæti í hlutdeild kauphallaraðila á hlutabréfamarkaði Nasdaq Iceland níunda árið í röð. Velta Arion með innlend hlutabréf var um 792 milljarðar króna sem samsvarar 31,7% markaðshlutdeild.

Viðskipti með innlend skuldabréf voru lífleg á árinu og var Arion í fyrsta sæti í hlutdeild kauphallaraðila á skuldabréfamarkaði Nasdaq Iceland. Velta Arion var 794 milljarðar króna sem samsvarar 21,4% markaðshlutdeild. Þá var Arion í fyrsta sæti í samanlagðri hlutdeild kauphallaraðila árið 2024.

1.633

milljarðar króna
Eignir í stýringu samstæðunnar


35%

hlutdeild í þóknanatekjum
samstæðunnar

„Stór hluti þjóðarinnar treystir okkur fyrir sparnaði sínum. Með góðri þjónustu, ávöxtun, faglegum vinnubrögðum og markvissri áhættustýringu leggjum við okkur fram um að ná árangri fyrir þeirra hönd.“

- Jóhann Möller
Framkvæmdastjóri markaða






Á árinu skrifaði Arion banki undir kaup á Arngrímsson Advisors. Búast má við að kaupin gangi í gegn á fyrsta ársfjórðungi 2025 og fjölgar þá enn frekar þeim valkostum sem Arion býður bæði fagfjárfestum og einstaklingum þegar kemur að fjárfestingum í erlendum sjóðum, sérstaklega á sviði sérhæfðra fjárfestinga.


Við viljum áfram vera leiðandi í stafrænum lausnum og kynntum því til leiks þrjár nýjar lausnir í Arion appinu á árinu 2024; verðbréfaviðskipti fyrir ófjárráða, verðbréfaviðskipti fyrir lögaðila og umsókn um útgreiðslu eftirlauna.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hélt áfram að njóta mikillar velgengni og vann á árinu til verðlauna á alþjóðavettvangi í fimmtánda sinn er hann var valinn besti lífeyrissjóður Evrópulanda með undir milljón íbúa af hinu virta fagtímariti Investment Pension Europe.

Við höfum á undanförnum árum innleitt í starfshætti okkar og starfsreglur verklag ábyrgra fjárfestinga auk viðeigandi áreiðanleikakannana og skýrsluskila. Á árinu 2024 voru enn fremur innleiddar í verklag okkar spurningar um sjálfbærnióskir til viðskiptavina í eignastýringu og fjárfestingarráðgjöf. Þá hélt innleiðing á SFDR-reglugerðinni áfram, samræmdum reglum fyrir aðila á fjármálamarkaði.

Eignir í stýringu Arion banka og Stefnis voru samanlagt 1.633 milljarðar í árslok 2024
í milljörðum króna





Einstaklingsþjónusta
Fyrirtækjapjónusta
Markaðir

Þjónustuframboð Arion fyrir einstaklinga og fagfjárfesta

Arion Premía

Premía þjónusta Arion gengur út á persónulega fjármálaþjónustu sem mætir þörfum þeirra sem eiga í fjölbreyttum og umsvifa-miklum viðskiptum við Arion samstæðuna. Auk forgangs í hefðbundinni bankapjónustu, hagstæðra innlána-, útlána- og kreditkortakjara, býður Arion slíkum viðskiptavinum upp á einkabankapjónustu og fjárstýringu.

Premía einkabankapjónusta

Viðskiptastjóri heldur utan um eigna-safn viðskiptavinar, fylgist náið með hreyfingum á markaði og fjárfestir samkvæmt fjárfestingarstefnu að vali viðskiptavinar. Eignaráðgjöf og fjár-festingarráðgjöf eru einnig í boði.

Premía fjárstýring

Viðskiptavinir fá aðgang að öllum helstu sérfræðingum bankans auk tveggja viðskipta-stjóra. Þjónustan er nýjung á Íslandi hvað varðar gæði og umfang. Um er að ræða heildarlausn sem byggist persónulegri nálgun og er sérsniðin að hverjum þeim sem er með yfir einn milljarð króna í eignastýringu hjá Arion.

Markaðsviðskipti

Sérfræðingar okkar í markaðsviðskiptum veita aðstoð við og hafa milligöngu um viðskipti með skráð verðbréf á öllum helstu verðbréfamörkuðum heims og býðst viðskiptavinum, innlendum sem erlendum, að nýta sér þá þjónustu.

Sjóðastýring

Sjóðastýring er í höndum Stefnis, dótturfélags Arion. Stefnir stýrir fjölbreyttu úrvali verð-bréfa- og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjár-festa og fagfjárfesta. Stefnir leggur áherslu á þróun nýrra sjóða, jafnt fyrir einstaklinga sem fagfjárfesta.


Rekstur lífeyris- og séreignarsjóða

Frjálsi lífeyrissjóðurinn er í rekstri og eigna-stýringu hjá Arion banka og býður sjóðurinn upp á bæði skyldu- og viðbótar-lífeyrissparnað. Arion banki býður upp á viðbótarlífeyrissparnað sem kallast Lífeyrisauki. Aðrir lífeyrissjóðir í rekstri og eignastýringu hjá Arion eru EFÍA, Lífeyris-sjóður Rangæinga og LSBÍ.

Eignastýring og þjónusta við fagfjárfesta

Við sinnum eignastýringu fagfjárfesta með því að veita þeim umfangsmikla og persónulega þjónustu. Áhersla er lögð á klæðskerasniðna eignastýringarþjónustu, fagleg vinnubrögð og virka eignastýringu. Auk þess sinnir Arion víðtækri og persónulegri aðstoð við fleiri fagfjárfesta vegna fjárfestinga í sjóðum, jafnt innlendum sem erlendum, og vinnur ötullega að því að leita frekari fjárfestingarkosta í takt við þróun markaða.






Ársreikningur og helstu fjárhagsniðurstöður
Fjármögnun og lausafjárstaða
Áhættustýring og innra eftirlit

Okkar afkoma og áhættustýring

Afkoma Arion samstæðunnar á árinu 2024 nam 26,1 milljörðum króna og arðsemi eiginfjár var 13,2%. Fjölbreytni tekjustoða gegnir áfram lykilhlutverki í árangri samstæðunnar. Árið var það besta í sögu Varðar trygginga og nam afkoma tryggingafélagsins 3,7 milljörðum króna. Arion banki er sem fyrr fjárhagslega sterkur og eru eiginfjárlutfall og hlutfall almenns eiginfjárbáttar 1 vel umfram þær kröfur sem Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands gerir sem og ákvæði í lögum. Lausafjárstaða bankans er einnig afar sterk og vel yfir lögbundnum kröfum. Bankinn hélt á árinu áfram að efla stöðu sína á erlendum og innlendum lánsfjármörkuðum og fjölga fjármögnunarkostum.

Mikilvægur þáttur í starfsemi bankans og ábyrgð hans gagnvart samfélaginu er að stýra áhættu og taka upplýstar ákvarðanir. Áhættustýring og innra eftirlit er því grundvallarþáttur í starfi bankans og árangri.






Ársreikningur og helstu fjárhagsniðurstöður
Fjármögnun og lausafjárstaða
Áhættustýring og innra eftirlit

Ársreikningur og helstu fjárhagsniðurstöður


Hagnaður ársins
í milljörðum króna



Hagnaður Arion banka samstæðunnar á árinu 2024 nam 26,1 milljörðum króna samanborið við 25,7 milljarða króna á árinu 2023. Arðsemi eigin fjár var 13,2% en 13,6% á árinu 2023.

Samsetning afkomu breyttist nokkuð milli ára þar sem hreinar vaxtatekjur jukust um 1,6 milljarð króna, tekjur af tryggingasamningum um 2,0 milljarða króna og hreinar fjármunatekjur um 1,5 milljarða króna en aðrar rekstrartekjur drógust saman um 1,8 milljarða króna og rekstrarkostnaður hækkaði um 2,6 milljarða króna. Kjarnatekjur hafa hækkað um 4,6% milli ára, en þær eru skilgreindar sem hreinar vaxtatekjur, hreinar þóknanatekjur og tekjur af váttryggingum að frádregnum rekstrarkostnaði trygginga.

Hreinar vaxtatekjur
í milljörðum króna




Rekstrartekjur námu 66,5 milljörðum króna samanborið við 64,2 milljarða króna á árinu 2023, sem er 4% hækkun milli ára.

Hreinar vaxtatekjur hækkuðu um 3,6% frá árinu 2023. Vaxtamunur af meðalstöðu vaxtaberandi eigna var 3,1% sem er sá sami og var á árinu 2023. Meðalstaða vaxtaberandi eigna hækkaði um 61 milljarð króna milli ára eða sem nemur um 4,2%, einkum útlán, en á sama tíma hækkuðu vaxtaberandi skuldir um 49 milljarða króna eða um 3,9%, einkum innlán og lántaka.

Meginvextir Seðlabankans voru 8,50% í árslok en voru 9,25% í árslok 2023. Háir vextir hafa umtalsverð áhrif, bæði á eigna- og skuldahlið. Verðbólga dróst saman á árinu, ársverðbólga mældist 4,75% í árslok en var 7,74% í árslok 2023. Verðtryggingarójöfnuður tvöfaldaðist á árinu og var í árslok 181 milljarður króna.

Bankinn gerir ráð fyrir nokkrum sveiflum í vaxtamun vegna aukinnar stærðar á verðtryggingarójöfnuði en að jafnaði sé vaxtamunur í kringum 3%.

Hreinar þóknanatekjur
í milljörðum króna



Hreinar þóknanatekjur lækkuðu um 6% á milli ára. Mesta lækkunin var vegna þóknana af miðlun og fyrirtækjaráðgjöf og þá hafði lokun útibúsins í Keflavík og breytt flokkun á þóknunum vegna kortatrygginga einnig töluverð áhrif, eða samtals um 940 milljónir króna. Þóknanir af lánum og ábyrgðum haldast góðar. Það er einkum vegna sölu lána og þjónustu vegna þeirra sem bankinn heldur sínu þar sem útlánavöxtur var hóflegur á árinu. Þóknanir af eignastýringu lækkuðu lítillega milli ára en eignir í stýringu jukust um 18% og voru 1.633 milljarðar króna í árslok og eru nú í fyrsta sinn hærri en heildareignir bankans.




Ársreikningur Arion 2024

„Starfsemi Arion samstæðunnar gekk vel á árinu og fjórða árið í röð skilum við arðsemi eiginfjár sem er umfram markmið. Fjölbreytni tekjustoðanna ásamt afar sterkri fjárhagsstöðu samstæðunnar stuðla að ákveðnu jafnvægi í tekjuöflun og mótvægi við sveiflur í ytra umhverfi.“

- Ólafur Hrafn Höskuldsson
Framkvæmdastjóri fjármálasviðs






Ársreikningur og helstu fjárhagsniðurstöður


Fjármögnun og lausafjárstaða
Áhættustýring og innra eftirlit

Vátryggingatekjur Varðar
í milljörðum króna



Afkoma af vátryggingasamningum nam 2.166 milljónum króna á árinu 2024 samanborið við 152 milljónir króna á árinu 2023. Tekjur af vátryggingasamningum hækkuðu um 10,6% frá 2023 en hins vegar hækkaði tjónakostnaður um 3,1%. Samsett hlutfall á árinu 2024 nam 88,9% samanborið við 97,0% á árinu 2023.

Hreinar fjármunatekjur
í milljörðum króna




Hreinar fjármunatekjur námu 2,8 milljörðum króna á árinu 2024, samanborið við 1,4 milljarða króna á árinu 2023. Markaðsaðstæður voru erfiðar framan af ári en jákvæðar verðbreytingar á síðari hluta ársins leiddu til þess að hreinar fjármunatekjur tvöfölduðust milli ára. Hagnaður varð af hlutabréfaeign og skulda-bréfaeign en tap af afleiðum, fyrirfram uppgreiðslu lántöku, gjaldmiðlum og reiknuðum áhrifum vátryggingasamninga.

Aðrar rekstrartekjur

Aðrar rekstrartekjur voru neikvæðar um 222 milljónir króna samanborið við 1,6 milljarða króna á árinu 2023. Virðisbreytingar fjárfestingareigna skýra að mestu sveiflur milli ára.

Rekstrarkostnaður
í milljörðum króna




Rekstrarkostnaður, eins og hann birtist í rekstrarreikningi, nam samtals 28,3 milljörðum króna samanborið við 25,7 milljarða króna á árinu 2023, sem samsvarar 10,2% hækkun milli ára. Ef horft er til heildarrekstrarkostnaðar, þar sem kostnaður af tryggingastarfsemi er tekinn með, var hann 31,7 milljarðar króna samanborið við 28,7 milljarða króna árið 2023 eða 10,3% hækkun. Kostnaður sem hlutfall af kjarnatekjum nam 47,2% samanborið við 44,7% árið 2023 á meðan hefðbundið kostnaðarhlutfall var 42,6% en var 40,0% árið 2023.

Laun og launatengd gjöld námu 18,7 milljörðum króna sem er 11,4% hækkun frá fyrra ári. Sú hækkun er tilkomin vegna fjölgunar starfsmanna, einkum í upplýsingatækni og ört vaxandi tryggingastarfsemi og hærri kostnaðar við árangurstengt kaupaukakerfi. Stöðugildi hjá samstæðunni voru 858 í árslok en 822 í árslok 2023, sem samsvarar um 4,4% fjölgun milli ára. Áætlaður kostnaður við kaupaukakerfi nam 1,8 milljörðum króna á árinu 2024 samanborið við 1,4 milljarða króna árið áður.

Annar rekstrarkostnaður nam 13,0 milljörðum króna á árinu 2024 sem er 8,8% hækkun frá 2023. Hækkunin milli ára er einkum í kostnaði við upplýsingatækni og aðkeyptri sérfræðiþjónustu en einnig sekt í kjölfar sáttar sem bankinn gerði við Fjármálaeftirlitið í júní 2024 að fjárhæð 585 milljónir króna.

Skattar
í milljörðum króna




Hrein virðisbreyting

Hrein virðisbreyting var neikvæð um 1.131 milljónir króna á árinu 2024 samanborið við 1.348 milljónir króna á árinu 2023. Út frá því reiknast niðurfærsla á lánasafnið 0,09% á árinu, var 0,12% á árinu 2023. Samkvæmt útreikningum áhættustýringar er gert ráð fyrir um 0,27% árlegri niðurfærslu að jafnaði yfir líf-tíma, þannig að niðurfærsla síðustu tveggja ára er nokkuð undir því.

Skattar

Tekjuskattur ársins nam 8,9 milljörðum króna samanborið við 9,6 milljarða króna árið 2023 sem samsvarar um 7% lækkun milli ára. Tekjuskattur, eins og hann er settur fram í ársreikningi 2024, samanstendur af 21% tekjuskatti af hagnaði og 6% sérstökum fjársýsluskatti sem lagður er á hagnað fjármálafyrirtækja umfram einn milljarð króna. Virkt tekjuskattshlutfall var 25,4% samanborið við 27,2% árið 2023. Tekjuskattshlutfall sveiflast einkum vegna breyttrar samsetningar á tekjum, þar sem mismunandi hlutfall tekna er af sölu-hagnaði og virðishækkun hlutabréfa sem ekki er skattskyld. Til viðbótar við tekjuskatt greiða Arion banki og önnur stærri íslensk fjármálafyrirtæki bankaskatt (sem er 0,145% á skuldir umfram 50 milljarða króna) og 5,5% fjársýsluskatt af launum starfsmanna fjármálafyrirtækja. Samantekt ofangreindra skatta má sjá á myndinni hér fyrir ofan.



Ársreikningur og helstu fjárhagsniðurstöður

Fjármögnun og lausafjárstaða
Áhættustýring og innra eftirlit


Efnahagsreikningur


Heildareignir samstæðu Arion banka jukust um 6,1% frá árslokum 2023, þar sem hækkun á lánum til viðskiptavina og aukning í lausu fé var helsta ástæða breytinga.

Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka Íslands og lán til lánastofnana námu 150 milljörðum króna í árslok 2024 og lækkuðu um 18,9 milljarða króna eða um 14,4% frá árslokum 2023. Lausafjárstýring er meginskýring breytinga á þessum liðum.

Lán til viðskiptavina námu 1.230,1 milljörðum króna í árslok 2024 sem er um 6,7% hækkun frá árslokum 2023. Lán til fyrirtækja jukust um 8,6% á árinu og eru þau um 48% lánabókarinnar í árslok, voru 47% í árslok 2023. Dreifing fyrirtækjalána bankans er í takt við efnahagsumhverfið. Lán til einstaklinga jukust um 5,0% á árinu þar sem íbúðalán eru ráðandi hluti og eru lán til einstaklinga í árslok um 52% lánabókarinnar, lækka úr 53% í árslok 2023. Í árslok eru 46,4% útlána íbúðalán til einstaklinga, örlítið lægra en var í árslok 2023 eða 47,6%. Aukning einstaklingslána á árinu er að talsverðu marki vegna verðlagsbreytinga á verðtryggðum íbúðalánum.

Lán til viðskiptavina eftir atvinnugreinum






Ársreikningur og helstu fjárhagsniðurstöður

Fjármögnun og lausafjárstaða
Áhættustýring og innra eftirlit


Lán til viðskiptavina



Heilbrigði lánabókarinnar er áfram mjög gott. Hlutfall vandræðalána, sem skilgreind hafa verið sem lán með sértæka niðurfærslu, var í árslok 2024 2,3% og hækkaði úr 1,7% í árslok 2023. Hækkunin hefur einkum verið í lánum til fyrirtækja en vanskil íbúðalána hafa lítið breyst.

Verðbréfaeign


í milljörðum króna



Verðbréfaeign nam 206,4 milljörðum króna í árslok 2024 samanborið við 205,7 milljarða króna í árslok 2023. Breytingin í heild sinni er óveruleg en eignasafn Varðar hefur stækkað um tæpa 6 milljarða króna eða um 20%, bæði vegna aukinna umsvifa félagsins og jákvæðrar þróunar í ávöxtun eignanna.


Skuldir og eigið fé

í milljörðum króna



Skuldir samstæðu Arion banka jukust um 3,9% frá árslokum 2023. Eigið fé hækkaði um 3,9% frá árslokum 2023. Eigið fé hækkaði vegna afkomu ársins, sem var 26,1 milljarðar króna, um 6,2 milljarða króna vegna hlutafjárukningar til að mæta nýtingu áskriftaréttinda en lækkaði vegna endurkaupa á eigin bréfum og arðgreiðslu, samtals að fjárhæð 25,5 milljarðar króna.






Ársreikningur og helstu fjárhagsniðurstöður

Fjármögnun og lausafjárstaða
Áhættustýring og innra eftirlit

Innlán


í milljörðum króna



Innlán frá viðskiptavinum námu 857,4 milljörðum króna í árslok 2024 og jukust um 8,2% frá árslokum 2023. Hlutfall lána á móti innlánum var 143% í árslok 2024 og lækkaði úr 145% í árslok 2023. Samsetning innlána hefur þróast með hagfelldum hætti á þann veg að stærri hluti innlána er nú frá einstaklingum, smærri fyrirtækjum og fyrirtækjum með önnur viðskipti hjá bankanum en hlutfall stofnanafjárfesta hefur lækkað. Innlán eru, nú sem áður, mikilvægasta fjármögnun bankans en samkeppni er mjög mikil í fremur háu vaxtaumhverfi.

Gjald dagar lántöku og víkjandi lántöku

í milljörðum króna



Lántaka


Lántaka bankans nam 433,2 milljörðum króna í árslok 2024, sem er 3,0% hækkun frá árslokum 2023. Hækkunin er einkum vegna áhrifa verðbólgu á árinu. Bankinn var virkur í útgáfu sinni, bæði á Íslandi í útgáfu á sértryggðum skuldabréfum og í óveðtryggðum útgáfum á alþjóðlegum mörkuðum en nýjar útgáfur voru að mestu nýttar til að greiða upp eldri sem voru komnar á eða nálguðust gjalddaga. Endurgreiðsluferli lántöku óveðtryggðar útgáfu í krónum og evru er nokkuð vel dreift. Bankinn stendur vel þegar kemur að endurfjármögnun sem sterkur útgefandi sértryggðra bréfa á íslenskum markaði og reglulegur útgefandi á alþjóðlegum mörkuðum.

Víkjandi lántaka

Víkjandi lántaka nam 44,5 milljörðum króna í árslok samanborið við 41,3 milljarða króna í árslok 2023. Í september gaf bankinn út AT1 víkjandi skuldabréf að fjárhæð 125 milljónir Bandaríkjadollara sem var að stórum hluta nýtt til að greiða upp eldri útgáfu sem var með fyrsta möguleika á endurgreiðslu á árinu 2025.

Eigið fé

Eigið fé bankans nam 207,1 milljörðum króna í árslok 2024 samanborið við 199,3 milljarða í árslok 2023. Breytinguna má einkum skýra með afkomu ársins að fjárhæð 26,1 milljarðar króna en til lækkunar koma kaup á eigin hlutabréfum bankans og arðgreiðsla, samtals að fjárhæð 25,5 milljarðar króna. Á árinu var hlutafé aukið um 53 milljónir hluta til að mæta nýtingu áskriftarréttinda, sem skilaði sér í 6,2 milljörðum í auknu eigin fé. Hlutfall almenns eiginfjárbáttar 1 hjá bankanum nam 18,2% í lok árs 2023, samanborið við 19,7% í árslok 2023. Vogunarhlutfall var 12,2% í árslok 2024 samanborið við 12,4% í árslok 2023 og er mjög hátt í öllum samanburði á alþjóðlegum bankamarkaði. Við útreikning eiginfjárlutfalla er tekið tillit til fyrirhugaðrar arðgreiðslu að fjárhæð um 16 milljarða króna í kjölfar aðalfundar í mars 2025 og endurkaupa á eigin bréfum að fjárhæð 3 milljarða króna, sem samþykkt hefur verið af stjórn og Fjármálaeftirlitinu. Bankinn hefur sett sér markmið um að eigið fé sé að jafnaði 1,5-2,5 prósentustigum umfram eiginfjárröfur eftirlitsaðila og er núverandi staða á bilinu 0,4-1,4 prósentustigum umfram það markmið.



Ársreikningur og helstu fjárhagsniðurstöður
Fjármögnun og lausafjárstaða
Áhættustýring og innra eftirlit

Árið 2024

Okkar stefna og árangur

Okkar þjónusta

Okkar afkoma og áhættustýring

Okkar stjórnarhættir

Okkar sjálfbærni

Fjármögnun og lausafjárstaða

Á árinu 2024 hélt bankinn áfram að styrkja stöðu sína á erlendum og innlendum mörkuðum með aukinni fjölbreytni fjármögnunarkosta. Á erlendum mörkuðum gaf bankinn út almenn skuldabréf í evrum, skuldabréf sem teljast til viðbótar eiginfjárbáttar 1 í Bandaríkjadöllum, græn almenn skuldabréf í norskum og sænskum krónum og víkjandi skuldabréf sem teljast til eiginfjárbáttar 2 í sænskum krónum. Innanlands gaf bankinn út sértryggt skuldabréf fyrir 50,7 milljarða króna og hélt áfram útgáfu almennra skuldabréfa í íslenskum krónum.

Moody's staðfesti A3 lánshæfismat bankans og hækkaði lánshæfismat sértryggðra skuldabréfa úr Aa2 í Aa1 í takt við hækkun á lánshæfismati íslenska ríkisins. Lausafjárstaða bankans er sterk en lausafjárþekjuhlutfall er 181% og fjármögnunarhlutfall er 118%.

Skuldabréfaútgáfur á erlendum mörkuðum

Í maí 2024 gaf Arion banki út almenn skuldabréf að upphæð 300 milljónir evra til 4,5 ára. Skuldabréfin bera 4,625% fasta vexti sem jafngilda 175 punkta álagi yfir millibankavöxtum í evrum. Eftirspurn eftir skuldabréfunum var 8,5 sinnum meiri en framboð en það bárust tilboð frá yfir 190 fjárfestum frá meira en 25 löndum í Evrópu og Asíu. Endanleg tilboðsbók nam um 2,6 milljörðum evra. Þessi mikla eftirspurn leiddi til þess að um er að ræða hagkvæmustu niðurstöðu almennrar skuldabréfaútgáfu í evrum frá íslenskum banka í meira en 2 ár. Umsjónaraðilar útgáfunnar voru Barclays, Morgan Stanley, ABN Amro og JP Morgan.


Í september 2024 gaf Arion banki út skuldabréf sem teljast til viðbótar eiginfjárbáttar 1 að upphæð 125 milljónir Bandaríkjadala. Skuldabréfin bera fasta 8,125% vexti og bréfin eru breytanleg í hlutabréf ef eiginfjárbáttur 1 fer niður fyrir 5,125%. Tilboð bárust frá ríflega 35 fjárfestum frá Bretlandi, Evrópu, Asíu og Íslandi. Útgáfan styrkir eiginfjárgrunn bankans og er liður í að viðhalda hagkvæmri skipan eiginfjár. Umsjónaraðilar útgáfunnar voru BofA Securities, Morgan Stanley og UBS.

Í október 2024 gaf Arion banki út græn almenn skuldabréf til þriggja ára að upphæð 500 milljónir norskra króna og 500 milljónir sænskra króna. Skuldabréfin bera breytilega vexti sem nema 120 punkta álagi á þriggja mánaða millibankavexti bæði í norskum og sænskum krónum. Umsjónaraðilar voru DNB Markets, Nordea og Swedbank.

Í nóvember 2024 gaf Arion banki út víkjandi skuldabréf sem teljast til eiginfjárbáttar 2 að upphæð 225 milljónir sænskra króna. Skuldabréfin eru gefin út til 10 ára með innköllunarheimild af hálfu útgefanda eftir 5 ár (10NC5). Skuldabréfin bera breytilega vexti sem nema 265 punkta álagi á þriggja mánaða millibankavexti í sænskum krónum. Umsjónaraðili útgáfunnar var DNB Markets.

Arion banki endurnýjaði samninga við Kviku, Íslandsbanka og Landsbankann um viðskiptavakt á sértryggðum skuldabréfum á Nasdaq Iceland útgefnum af Arion banka. Tilgangur samninganna er að efla viðskipti með markflokka sértryggðra skuldbréfa sem eru útgefin af bankanum.





Ársreikningur og helstu fjárhagsniðurstöður
Fjármögnun og lausafjárstaða
Áhættustýring og innra eftirlit


Skuldabréfaútgáfur á innlendum mörkuðum

Arion banki hélt tvö skuldabréfaútboð á almenna skuldabréfaflokknum ARION 28 1215 árið 2024. Í heild voru seld bréf fyrir 3,32 milljarða króna á ávöxtunarkröfunni 4,42% og 5,10%. Flokkurinn er verðtryggður með vaxtagreiðslum tvisvar á ári og lokagjalddaga 15. desember 2028.


Arion banki hélt áfram útgáfu sinni á sértryggðum skuldabréfum sem tryggð eru samkvæmt lögum nr. 11/2008 um sértryggð skuldabréf. Á árinu voru gefin út sértryggð skuldabréf fyrir 50,7 milljarða króna og þar af 8,96 milljarðar króna til eigin nota.


Bankinn gaf út nýjan sértryggðan skuldabréfaflokk á árinu. ARION CBI 28 er verðtryggður skuldabréfaflokkur með 4,25% nafnvexti, tvær vaxtagreiðslur á ári og lokagjalddaga 20. september 2028. Flokkurinn fékk góðar viðtökur og hafa verið gefin út bréf fyrir 17,94 milljarða króna og þar af 4,96 milljarðar króna til eigin nota.

Samsetning fjármögnunar
%




Endurgreiðsluferill fjármögnunar
í milljörðum króna





Ársreikningur og helstu fjárhagsniðurstöður
Fjármögnun og lausafjárstaða
Áhættustýring og innra eftirlit



Lánshæfismat

Á árinu 2024 styrktist lánshæfi Arion banka með jákvæðum breytingum frá Moody's og S&P Global Ratings. Moody's staðfesti A3 lánshæfismat bankans fyrir almenn ótryggð skuldabréf í júlí og hækkaði lánshæfismat sértryggðra skuldabréfa í Aa1 úr Aa2 í september, í kjölfar hækkunar á lánshæfismati íslenska ríkisins. S&P hækkaði í apríl langtíma lánshæfismat bankans úr BBB í BBB+ með stöðugum horfum. Í lok apríl ákvað bankinn að hætta samstarfi við S&P og vinna eingöngu með Moody's þegar það kemur að því að uppfylla kröfur fjárfesta og annarra haghafa um vandað og viðurkennt lánshæfismat.

Moody's

Moody's staðfesti í byrjun júlí A3 lánshæfismat Arion banka fyrir almenn ótryggð skuldabréf og langtímaútgáfur með stöðugum horfum. Að sama skapi var lánshæfismat fyrir langtíma og skammtíma innlán staðfest sem A2/P-1. Þessar niðurstöður endurspeгла væntingar Moody's um að afkoma bankans byggist áfram á fjölbreyttum tekjustoðum næstu 12-18 mánuði.

Í lok september 2024 hækkaði Moody's lánshæfismat sértryggðra skuldabréfa Arion banka úr Aa2 í Aa1. Hækkunin var í kjölfar þess að lánshæfismat íslenska ríkisins var hækkað úr A2 í A1 þann 20. september. Þessar breytingar endurspeгла styrkingu í íslensku efnahagsumhverfi sem styður við lánshæfi bankans og gæði tryggingasafns sértryggðra skuldabréfa.


Lausafjárstaða og lausafjárahætta

Bankinn er fjármagnaður að stórum hluta með innlánum frá einstaklingum, fyrirtækjum og fagfjárfestum. Eitt af meginmarkmiðum Arion banka er að viðhalda sterku lausafjárþekjuhlutfalli (e. liquidity coverage ratio, LCR) til að styðja við stefnu og framgang bankans.

Lausafjárþekjuhlutfallið, sem er reiknað samkvæmt reglum Seðlabanka Íslands og evrópskum reglum byggðum á Basel III staðlinum, tekur á áhættuþáttum sem snerta kvikleika innlána og tímamismisvægi eigna og skulda. Í árslok 2024 var lausafjárþekjuhlutfall bankans 181% og fyrir erlenda gjaldmiðla var hlutfallið 265%, sem er vel yfir þeim mörkum sem reglur Seðlabankans kveða á um.

Fjármögnunarhlutfall bankans (e. net stable funding ratio, NSFR) var 118% í árslok 2024. Hlutfallið vegur tiltæka stöðuga fjármögnun bankans gagnvart nauðsynlegri stöðugri fjármögnun samkvæmt aðferð sem tekur m.a. tillit til seljanleika eigna og gjalddaga skulda. Há hlutföll draga fram styrka fjármögnun bankans og getu til að styðja við útlánastarfsemi hans í framtíðinni.





Ársreikningur og helstu fjárhagsniðurstöður
Fjármögnun og lausafjárstaða
Áhættustýring og innra eftirlit

Áhættustýring og innra eftirlit

Margs konar áhætta er samofin daglegri starfsemi Arion banka sem fjármálafyrirtækis. Mikilvægur þáttur í starfsemi bankans og ábyrgð hans gagnvart samfélaginu er að stýra áhættu og taka upplýstar ákvarðanir. Áhættustýring er því grundvallarþáttur í starfi bankans. Stefna bankans er að hafa virka áhættustýringu sem felur í sér að greina og mæla verulega áhættu og grípa til aðgerða ef hún fer út fyrir skilgreind mörk.

Stjórn bankans ber endanlega ábyrgð á framkvæmd áhættustýringar og samþykkir áhættustefnur sem tiltaka m.a. umgjörð, stjórnarhætti og viðeigandi eftirlitskerfi. Áhættustýring dótturfélaga er á ábyrgð stjórna viðkomandi dótturfélaga. Fyrir Arion banka ákvarðar stjórn bankans áhættuvilja. Áhættuviljinn er settur fram á formi yfirlýsingar ásamt mælanlegum mörkum á áhættuþáttum sem áhættustýringarsvið bankans hefur eftirlit með. Tryggt er að stefnur, viðskiptaáætlun og heimildarráttar séu í samræmi við áhættuvilja.

Bankastjóri ber ábyrgð á að viðhalda skilvirku áhættustýringarkerfi, ferli og eftirliti, svo og að viðhalda sterkri áhættumenningu þannig að áhætta sé viðfangsefni alls starfsfólks. Bankinn starfar eftir þriggja línu líkaninu í samræmi við stefnu bankans um innra eftirlit.

„Arion er einstaklega góður vinnustaður. Áhættumenningin er sterk og ég skynja mikinn vilja á öllum sviðum að tryggja vandaða ákvörðunartöku og framkvæmd. Það er magnað að upplifa kraftinn þegar við vinnum saman að sameiginlegum markmiðum.“

- Úlfar Freyr Stefánsson
Framkvæmdastjóri áhættustýringar



Yfiráhættur samkvæmt áhættuflokkun bankans

Útlánaáhætta

Markaðsáhætta


Lausafjárahætta

Rekstraráhætta

Háttsemis og-
hlítingaráhætta

Sjálfbærniáhætta

Viðskiptaáhætta




Ársreikningur og helstu fjárhagsniðurstöður
Fjármögnun og lausafjárstaða
Áhættustýring og innra eftirlit

Áhættunefnd stjórnar bankans sinnir ráðgjafar- og eftirlitshlutverki gagnvart stjórn hvað varðar áhættu- stýringarkerfi bankans og áhættuvilja, og gætir samræmis við viðskiptaáætlun, markmið og gildi bankans. Nefndin ber einnig ábyrgð á innra mati á eiginfjár- og lausafjárbörf. Lánanefnd stjórnar tekur ákvarðanir um lánaþyrirgreiðslur, sölutryggingar og fjárfestingar sem falla utan heimilda bankastjóra og veitir stjórn ráðgjöf í þeim málum sem fela í sér áhættu umfram skilgreindan áhættuvilja.

Bankastjóri hefur skipað fimm áhættunefndir sem taka til lykiláhættuþátta í rekstri bankans. Eigna- og fjárhagsskuldbindinganefnd stýrir áhættu sem stafar af misvægi eigna og skulda; lausafjáráhættu, markaðsáhættu, vaxtaáhættu og eiginfjárstýringu. Nefndin tekur jafnframt ákvarðanir um sölu- tryggingar og fjárfestingar. Hlutverk rekstrar- áhættunefndar er að tryggja skilvirka stýringu rekstraráhættu innan bankans í samræmi við áhættuvilja og lagalegar kröfur. Nefndin ber ábyrgð á að stýra ófjárhagslegri áhættu, þar með talið upplýsingaöryggis- og gagnaáhættu, fjármuna- brotum, viðskiptaferlum, útivistun, líkanaáhættu, hlítningaráhættu og háttsemisáhættu.

Lánanefnd Arion banka tekur ákvarðanir um lánaþyrirgreiðslur og hefur umsjón með lánareglum bankans, en nauðasamnings- og niðurfellingarnefnd tekur ákvarðanir um nauðasamninga og niður- fellingar. Báðar nefndir starfa innan þeirra heimilda sem lánanefnd stjórnar ákvarðar. Sjálfbærninefnd bankans tryggir að stefna bankans og ákvarðanir séu í samræmi við skuldbindingar bankans í tengslum við umhverfi, félagslega þætti og stjórnarhætti. Nefndin hefur m.a. umsjón með sjálfbærum fjármögnunar- ramma bankans.

Yfiráhættunefnd ber ábyrgð á innleiðingu og eftir- fylgni með stefnu þeirri sem sett er af stjórn. Henni er ætlað að tryggja heildstæða yfirsýn framkvæmda- stjórna yfir umgjörð áhættustýringar og þá margvíslegu áhættuþætti sem bankinn stendur frammi fyrir hverju sinni.



Innri endurskoðun bankans gerir óháðar og hlut- lægar úttektir á starfsemi bankans, dótturfélögum hans og lífeyrissjóðum í rekstri hjá bankanum. Innri endurskoðun gerir grein fyrir niðurstöðum sínum með skýrslum til stjórnenda og upplýsir endur- skoðunarnefnd stjórnar og stjórn um niðurstöður úttekta sinna.

Regluvarsla er sjálfstæð eining sem er stýrt af regluverði og heyrir beint undir bankastjóra. Reglu- varsla stýrir háttsemis- og hlítningaráhættu bankans en þar undir fellur meðal annars persónuvernd og áhætta bankans vegna fjármunabrota.


Áhættustýringarsvið bankans starfar undir stjórn framkvæmdastjóra áhættustýringar. Sviðið er sjálf- stæð stjórnunareining og ber beina ábyrgð gagnvart bankastjóra. Áhættustýringarsvið skiptist í fjórar einingar: efnahagsáhættu og líkön, sem greinir og mælir safnlæga áhættu og ber ábyrgð á líkönum og skýrslum; rekstrar- og sjálfbærniáhættu, sem ber ábyrgð á umgjörð rekstraráhættu og styður við fyrstu línu auk þess að tryggja fylgni við stýringu sjálfbærniáhættu; og útlánaáhættu, sem styður við lánveitingarferlið, tekur þátt í lánaákvörðunum og hefur eftirlit með útlánagæðum. Öryggisteymi bankans styður við og hefur eftirlit með virkni stýringa sem verja bankann fyrir áhættum er tengjast upplýsinga- og tækniöryggi, og raunlægu öryggi.

Arion banki er lítill banki í alþjóðlegu samhengi en er flokkaður sem kerfislega mikilvægur á Íslandi. Samstæðan starfar í litlu hagkerfi, með eigin gjald- miðil, sem er háð tiltölulega fáum atvinnugreinum, sveiflum í fjármagnsflæði og gengissveiflum. Helstu áhættuþættir samstæðunnar eru útlánaáhætta, samþjöppunaráhætta, lausafjáráhætta, vaxtaáhætta, áhætta tengd upplýsingatæknikerfum, viðskipta- áhætta og sjálfbærniáhætta. Þessir áhættuþættir eru að mestu leyti innan móðurfélagsins. Samstæðan stendur frammi fyrir áhættum í gegnum dótturfélög vegna tryggingastarfsemi og sjóðastýringar. Rekstraráhætta er megináhætta fyrir tvo síðastnefndu liðina.

Í áhættuskýrslu bankans árið 2024 er fjallað ítarlega um helstu áhættuþætti í starfsemi bankans, áhættu- stýringu og eiginfjárstöðu. Skýrslan tekur mið af kröfum um upplýsingagjöf samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki (CRR). Í áhættuskýrslunni er meðal annars fjallað um nýja og væntanlega löggjöf sem snertir bankann sem og starfskjarastefnu hans. Skýrslan tekur til samstæðu Arion banka, að tryggingafélögum undanskildum.



Áhættuskýrslu Arion banka
2024 má lesa hér.





Stjórnarháttayfirlýsing
Framkvæmd starfskjarastefnu
Stjórn
Framkvæmdastjórn

Okkar stjórnarhættir

Góðir stjórnarhættir leggja grunninn að jákvæðri fyrirtækjamenningu Arion samstæðunnar; ábyrgri ákvarðanatöku, fylgni við lög og reglur og sjálfbærum og arðsömum rekstri. Arion banki er skráður í kauphallirnar á Íslandi og í Stokkhólmi og gegna stjórnarhættir okkar lykilhlutverki í að auka gagnsæi og mæta væntingum hluthafa, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila.

Arion banki, Vörður og Stefnir fengu á árinu 2024 endurnýjaða viðurkenningu fyrir góða stjórnarhætti og nafnbótina *Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum*. Það eru Stjórnvísir, Viðskiptaráð, Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland sem veita viðurkenningarnar.





Stjórnarháttayfirlýsing
Framkvæmd starfskjarastefnu
Stjórn
Framkvæmdastjórn

Árið 2024

Okkar stefna og árangur

Okkar þjónusta

Okkar afkoma og áhættustýring

Okkar stjórnarhættir

Okkar sjálfbærni

Stjórnarháttayfirlýsing

Arion banki er íslenskt hlutafélag, sem skráð er á hlutabréfamarkað Nasdaq Íslandi og Nasdaq Stokkhólmi. Stjórn bankans birtir hér árlega yfirlýsingu um stjórnarhætti fyrir árið 2024. Stjórnarhættir vísa til ábyrgða mismunandi stjórnareininga bankans og hvernig ákvarðanataka fer fram, í samræmi við gildandi lög og reglur. Hluthafafundur Arion banka kys stjórn bankans, sem ræður bankastjóra og hefur eftirlit með að skipulag og starfsemi bankans sé í réttu og góðu horfi. Bankastjóri annast daglegan rekstur bankans og kemur fram fyrir hönd bankans að því marki. Bankastjóra ber að fylgja viðeigandi löggjöf, samþykktum bankans og þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn hefur gefið. Þá ber bankastjóri ábyrgð á að innleiða stefnur sem stjórn bankans samþykkir.

Grundvöllur að stjórnarháttum Arion banka eru annars vegar samþykktir bankans, sem hluthafafundur samþykkir, og hins vegar stefnur og fyrirmæli sem stjórn bankans samþykkir. Hér má tiltaka starfsreglur stjórnar, starfsreglur undirnefnda stjórnar, og stefnur er lúta að skilvirkri skipulagi og stýringu á áhættu í starfsemi bankans. Stefnur um áhættustýringu eru endurskoðaðar árlega og þegar þurfa þykir. Fyrirtækjamenning, viðskiptastefna bankans og innri verkferlar eru sömuleiðis veigamikill þáttur stjórnarháttanna.

Með því að iðka góða stjórnarhætti og stuðla að jákvæðri fyrirtækjamenningu er hlúð að traustum og heiðarlegum samskiptum stjórnar bankans, hluthafa, viðskiptavina, og annarra haghafa, svo sem starfsmanna bankans og almennings. Góðir stjórnarhættir leggja grunninn að ábyrgri stjórnun og ákvarðanatöku, og sjálfbærri langtímaarðsemi í rekstri bankans. Stjórn bankans leggur ríka áherslu á góða stjórnarhætti og endurskoðar stjórnarhætti sína reglulega á grundvelli viðurkenndra viðmiða um stjórnarhætti.

Meginþáttur í stjórnarháttum fjármálafyrirtækja felst í árangursríkri stýringu á áhættum sem óhjákvæmilega koma upp í starfsemi þeirra. Um áhættustýringu bankans er nánar fjallað í þessari yfirlýsingu, árs- og sjálfbærnisráðgjaf bankans, og Pillar 3 áhættuskýrslu. Að koma á og viðhalda tryggu eftirlitskerfi með áhættu er lykiláskorun þegar kemur að traustum rekstri fjármálafyrirtækja.

Stjórnarháttayfirlýsing Arion banka er byggð á löggjöf, reglugerðum og viðurkenndum viðmiðunarreglum og leiðbeiningum sem eru í gildi þegar stjórn samþykkir ársreikning bankans.




Stjórnarháttayfirlýsing Arion banka

„Fyrir hið smáa íslenska hagkerfi er Arion banki kerfislega mikilvægur banki og fellur því undir hið umfangsmikla og flókna regluverk Evrópu. Að standa undir þeirri ábyrgð með skilvirkum hætti kallar á góða samvinnu starfsfólks, snjallar lausnir og trausta stjórnarhætti.“

- Birna Hlín Káradóttir
Framkvæmdastjóri rekstrar og menningar





Framkvæmd starfskjarastefnu


Aðalfundur Arion banka samþykkir árlega starfskjarastefnu fyrir félagið þar sem fram koma megin-sjónarmið og atriði sem stjórn bankans og framkvæmdastjórn skulu horfa til, m.a. í tengslum við ákvörðun starfskjara.

Samkvæmt starfskjarastefnu, sem samþykkt var á aðalfundi bankans árið 2024, skal stefnt að því að bjóða á hverjum tíma samkeppnishæf laun til að bankinn geti laðað til sín og haldið í framúrskarandi starfsfólk og að störf hjá bankanum séu eftirsóknarverð í augum hæfra einstaklinga.

Við mörkun starfskjarastefnunnar er haft að leiðarljósi að hún stuðli ekki að óeðlilegri áhættutöku heldur hvetji til þess að langtímasjónarmiða sé gætt og tryggi heilbrigðan rekstur bankans. Starfskjarastefnan er liður í að gæta langtímahagsmuna eigenda bankans, starfsfólks, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila með skipulegum og gagnsæjum hætti. Við framkvæmd starfskjarastefnunnar ber bankanum að ganga úr skugga um að engin mismunun eigi sér stað við ákvörðun launa og annarra starfskjara.

Helstu atriði í tengslum við framkvæmd starfskjarastefnu bankans árið 2024

- Samkvæmt launakönnun Intellecta greiðir Arion almennt samkeppnishæf laun en er ekki leiðandi á markaðnum. Meðallaunahækkun í bankanum var 5,2% milli ára en almenn hækkun launavísitölu var 6,6% (ársmeðaltal).
- Engir samningar um sérstakar starfslokagreiðslur voru gerðir við stjórnendur á árinu 2024.
- Samkvæmt ákvörðun aðalfundar bankans árið 2020 var kaupréttaráætlun sett á laggirnar til fimm ára fyrir starfsfólk bankans eða frá árinu 2021 til ársins 2026. Kaupréttaráætlunin byggist á ákvæðum tekjuskattslaga og telst til fastra starfskjara starfsmanna. Öllu fastráðnu starfsfólki bankans og dótturfélaganna Varðar trygginga hf. og Stefnis hf. stendur til boða að kaupa hlutabréf í bankanum fyrir að hámarki kr. 1.500.000 á ári í samræmi við ákvæði tekjuskattslaga. Bankinn horfir meðal annars til skuldbindinga vegna kaupréttaráætlunarinnar í tengslum við eignarhald á eigin bréfum og kostnaður bankans tekur þar af leiðandi mið af því. Í kjölfar nýtingar starfsfólks á kaupréttum á árinu 2024 og gerð nýrra kaupréttasamninga í febrúar og maí 2024 eru í gildi kaupréttarsamningar við starfsfólk bankans og dótturfélaga sem ná til samtals 8.571.820 hluta á ári til ársins 2026 og er heildarfjöldi starfsmanna bankans og dótturfélaga sem hafa gert kaupréttarsamninga 766.
- Stjórn bankans samþykkti nýtt kaupaukakerfi árið 2020 sem kom til framkvæmda árið 2021, byggt á fjölbreyttum mælikvörðum og árangri bankans í heild. Öllu fastráðnu starfsfólki bankans, að undanskildu starfsfólki eftirlitseininga, stendur til boða að taka þátt í kerfinu en yfirmarkmið þess er að skila betri arðsemi en keppinautar gera að meðaltali. Meirihluti starfsfólks getur fengið allt að 10% af árslaunum greidd í kaupauka í formi reiðufjár og án frestunar. Stjórnendur og það starfsfólk sem hefur mestu áhrifin á kostnað og tekjur bankans getur fengið allt að 25% af árslaunum í kaupauka í formi peningagreiðslu (5%) og hlutabréfa eða kaupréttar að hlutabréfum í bankanum (20%). Þessi hópur telur um 1/6 starfsfólks og er 40% af kaupauka frestað til 4 ára en 5 ára í tilfelli bankastjóra og starfsfólks sem heyrir beint undir bankastjóra. Hlutabréf sem þetta starfsfólk fær í hendur eru háð sölubanni að fullu leyti í þrjú ár en í tilfelli kaupréttar er fyrsta nýtingartímabil eftir þrjú ár. Greiddur kaupauki til starfsfólks bankans samkvæmt kaupaukakerfinu á árinu 2024 vegna árangurs á árinu 2023 nam um 80% af fullum kaupauka. Nam heildargreiðslan 1,42 milljörðum króna. Bankinn horfir meðal annars til skuldbindinga vegna kaupaukakerfisins í tengslum við eignarhald á eigin bréfum og kostnaður bankans tekur þar af leiðandi mið af því. Reglur kerfisins eru aðgengilegar á vefsíðu bankans.



Stjórnarháttayfirlýsing
Framkvæmd starfskjarastefnu
Stjórn
Framkvæmdastjórn

Stjórn



Formaður

Paul Horner

Paul er fæddur árið 1962. Hann var fyrst kjörinn í stjórn Arion banka á hluthafafundi þann 8. ágúst 2019. Paul er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður. Paul er formaður stjórnar og situr í lánanefnd, áhættunefnd, endurskoðunarnefnd, starfskjaranefnd og tækninefnd stjórnar.

Paul útskrifaðist með meistaragraðu í tónlist frá University of Oxford árið 1983 og er útskrifaður frá UK Chartered Institute of Bankers. Paul býr að viðtækri alþjóðlegri reynslu af áhættustýringu og stjórnun á sviði viðskiptabanka-, fyrirtækjabanka-, einkabanka- og fjárfestingarbankastarfsemi. Paul gegndi margvíslegum stjórnunar- og áhættustýringarstöðum hjá Barclays PLC á árunum 1988 til 2003. Árið 2003 hóf Paul störf hjá The Royal Bank of Scotland Group (RBS) þar sem hann sinnti störfum framkvæmdastjóra og öðrum yfirmannsstöðum hjá Royal Bank of Scotland PLC. Paul var jafnframt skipaður í ýmsar stjórnunarstöður m.a. á sviði áhættustýringar, allt til ársins 2019. Árin 2012 til 2016 var Paul framkvæmdastjóri áhættustýringar hjá Coutts & Co Ltd. og forstjóri Coutts & Co Ltd., í Zurich, frá 2016 til 2017. Árið 2018 var Paul framkvæmdastjóri áhættustýringar hjá Ulster Bank DAC, Dublin, og stjórnarmaður Coutts & Co Ltd., í Zurich, frá 2018 til 2021.

Í dag situr Paul í stjórn AIB Group P.L.C. og á sæti í endurskoðunarnefnd stjórnar AIB og sinnir formennsku í áhættunefnd stjórnar. Einnig situr hann í stjórn LHV (UK) Ltd. og á sæti í endurskoðunar-, tilnefningarnefnd og starfskjaranefnd stjórnar, auk þess að sinna formennsku í áhættunefnd stjórnar LHV. Enn fremur situr Paul í stjórn breska dótturfélags The National Bank of Kuwait og er formaður áhættunefndar stjórnar og situr einnig í endurskoðunarnefnd stjórnar.



Varaformaður


Kristín Pétursdóttir

Kristín er fædd árið 1965. Hún var fyrst kjörin í stjórn Arion banka á aðalfundi 15. mars 2023. Hún er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður. Kristín er varaformaður stjórnar, formaður áhættunefndar og situr í endurskoðunarnefnd, starfskjaranefnd og lánanefnd stjórnar.

Kristín útskrifaðist sem hagfræðingur frá Háskóla Íslands árið 1991 og MBA frá Norges Handels-höyskole árið 1993.

Kristín var annar stofnenda Auðar Capital og starfaði sem forstjóri þess fyrirtækis frá 2007 til 2013 og sem stjórnarformaður frá 2013-2017 (síðar Virðing hf.). Kristín var einnig stjórnarformaður Kviku banka á árunum 2018-2020, forstjóri Mentor hf. 2015-2017, framkvæmdarstjóri fjárfestingar Kaupþings banka 1997-2005 og aðstoðarforstjóri Singer & Friedlander 2005-2007. Kristín hefur setið í stjórn Ölgarinnar, Tals, Yggdrasils, Singer & Friedlander, Viðskiptaráðs, Eyris Invest, Samtaka atvinnulífsins og Samtaka fjármálafyrirtækja. Kristín hefur einnig setið í fjárfestingaráðum framtakssjóðanna Eddu, Freyju og Auðar I.

Í dag er Kristín sjálfstætt starfandi stjórnendaráðgjafi og situr í stjórn Grid ehf. og Miðeindar ehf.



Stjórnarháttayfirlýsing
Framkvæmd starfskjarastefnu
Stjórn
Framkvæmdastjórn



Gunnar Sturluson

Gunnar er fæddur árið 1967. Hann var fyrst kjörinn í stjórn Arion banka á hluthafafundi þann 8. ágúst 2019. Hann er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður. Gunnar situr í lánanefnd stjórnar, áhættunefnd stjórnar og er formaður endurskoðunarnefndar stjórnar.

Gunnar útskrifaðist með Cand.Jur gráðu frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1992, útskrifaðist með LL.M gráðu frá Háskólanum í Amsterdam árið 1995, hlaut málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi árið 1993 og fyrir Hæstarétti Íslands árið 1999.

Gunnar hefur starfað hjá LOGOS lögmannsþjónustu síðan 1992 og starfar þar í dag sem meðeigandi, en var framkvæmdastjóri á árunum 2001-2013. Gunnar situr í stjórn Sviðslistamiðstöðvar Íslands. Einnig situr hann í stjórn Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss. Gunnar hefur sinnt ýmsum stjórnarstörfum og var meðal annars stjórnarmaður í GAMMA hf. 2017-2019, stjórnarformaður Ríkisútvarpsins ohf. 2016-2017, var stjórnarmaður í gerðardómi Viðskiptaráðs Íslands um árabil, stjórnarformaður Íslenska dansflokksins 2013-2016 og kjörinn í landskjörstjórn af Alþingi 2013-2017. Gunnar var í stjórn frá 2011 og forseti FEIF, alþjóðasamtaka Íslandshestafélaga, frá 2014 til 2023. Þá sinnti Gunnar stundakennslu í samkeppnisrétti við lagadeild Háskóla Íslands 1995-2007.


Liv Fiksdahl

Liv er fædd árið 1965. Hún var fyrst kjörin í stjórn Arion banka á aðalfundi 20. mars 2019. Hún er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður. Liv sinnir formennsku í starfskjaranefnd stjórnar og tækninefnd stjórnar. Hún situr einnig í endurskoðunarnefnd stjórnar.

Liv útskrifaðist með gráðu í fjármálum og stjórnun frá Trondheim Business School (í dag NTNU) árið 1986. Árið 2018 kláraði Liv Programs in Big Data-Strategic Decisions and Analysis, The Innovative Technology Leader and Design Thinking frá Stanford University og Advanced Management Program for Executives in Management, Innovation and Technology frá Massachusetts Institute of Technology (MIT).

Liv gegndi áður ýmsum stjórnarstöðum hjá DNB og var hluti af framkvæmdastjórn bankans í 10 ár, m.a. sem aðstoðarframkvæmdastjóri upplýsingatækisviðs/rekstrarsviðs (e. Group EVP, CIO/COO) og aðstoðarframkvæmdastjóri rekstrarsviðs(Group EVP, COO and Operations). Liv hefur einnig víðtæka reynslu frá DNB og hefur gegnt ýmsum öðrum störfum innan bankans. Áður starfaði Liv m.a. sem viðskiptastjóri fyrirtækja hjá Danske Bank/Fokus Bank og Svenska Handelsbanken. Liv hefur setið í fjölmörgum stjórnnum, m.a. hjá Scandinavian Airlines SAS AB, Intrum AB, Posten Norge, BankAxept, Sparebankforeningen, Doorstep, FinAns Norge og í bæjarstjórn sveitarfélagsins Þrándheims.

Í dag er Liv aðstoðarframkvæmdastjóri innan fjármálaþjónustu hjá Capgemini Invent í Noregi og situr í stjórn Hexagon Purus ASA.



Stjórnarháttayfirlýsing
Framkvæmd starfskjarastefnu
Stjórn
Framkvæmdastjórn



Steinunn Kristín Þórðardóttir

Steinunn er fædd árið 1972. Hún var fyrst kjörin í stjórn Arion banka á hluthafafundi 30. nóvember 2017. Steinunn er hluthafi í bankanum (hlutafjäreign hennar eru 12.000 hlutir) og er óháður stjórnarmaður. Steinunn sinnir formennsku í lánanefnd stjórnar og situr í starfskjaranefnd, áhættunefnd og tækninefnd stjórnar. Steinunn situr í stjórn Varðar.


Steinunn er með meistaragráðu í alþjóðlegri stjórnun (MIM) frá Thunderbird, Arizona og BA gráðu í alþjóðaviðskiptum og stjórn málafræði frá University of South Carolina.

Steinunn sat áður í ýmsum stjórnunum í Evrópu og var í stjórn Bankasýslu ríkisins árið 2011. Steinunn starfaði áður sem framkvæmdastjóri hjá Beringer Finance í Noregi frá 2015 til 2017 og sem tímabundinn framkvæmdastjóri hjá Beringer Finance á Íslandi. Þá stofnaði Steinunn ráðgjafafyrirtækið Acton Capital AS í Noregi og hefur unnið þar við fjárfestingar og ráðgjöf. Hún starfaði áður hjá Íslandsbanka (síðar Glitni), sem framkvæmdastjóri starfsemi bankans á Bretlandi og fyrir það leiddi hún alþjóðalánveitingar og sambankalán sem forstöðumaður bankans.

Í dag vinnur Steinunn með tæknifyrirtækjum í Noregi og Íslandi bæði sem fjárfestir og ráðgjafi hvað varðar stjórnun og stefnumótun. Steinunn er stjórnarformaður Acton Capital AS. Hún er jafnframt stjórnarformaður Norsk-íslenska viðskiptaráðsins. Þá situr Steinunn í tilnefningarnefnd Símans og einnig í stjórn YES-EU AS í Noregi og Alda Solutions ehf. á Íslandi. Enn fremur er hún leiðbeinandi ungra hæfileikaríkra kvenna, stofnandi Women Empower Women og er stjórnarformaður góðgerðarsamtaka í Noregi.


Varamenn í stjórn


Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir, lögfræðingur,
og Einar Hugi Bjarnason, hæstaréttarlögmaður



Stjórnarháttayfirlýsing
Framkvæmd starfskjarastefnu
Stjórn
Framkvæmdastjórn

Skipurit 2024





Stjórnarháttayfirlýsing
Framkvæmd starfskjarastefnu
Stjórn
Framkvæmdastjórn

Árið 2024

Okkar stefna og árangur

Okkar þjónusta

Okkar afkoma og áhættustýring

Okkar stjórnarhættir

Okkar sjálfbærni

Framkvæmdastjórn



Benedikt Gíslason

Bankastjóri

Benedikt er fæddur árið 1974. Hann tók við starfi bankastjóra Arion banka 1. júlí 2019.

Benedikt hóf störf hjá FBA (síðar Íslandsbanka) árið 1998, sinnti margvíslegum stjórnunarstörfum hjá Straumi-Burðarás, var framkvæmdastjóri markaðsviðskipta hjá FL Group og framkvæmdastjóri fjárfestingarbankasviðs MP banka. Benedikt starfaði um tíma sem ráðgjafi hjá Fjármála- og efnahagsráðuneytinu og var varaformaður starfshóps stjórnvalda um afnám fjármagnshafta á árunum 2013–2016. Hann sat í stjórn Kaupþings á árunum 2016–2018 og var ráðgjafi Kaupþings í málefnum Arion banka. Hann tók sæti í stjórn Arion banka í september 2018 og var í stjórn bankans þar til hann tók við starfi bankastjóra.

Benedikt útskrifaðist með C.Sc. gráðu í vélaverkfræði frá Háskóla Íslands árið 1998.



Iðna Brá Benediktsdóttir

Aðstoðarbankastjóri og framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs

Iðna Brá Benediktsdóttir er fædd 1976. Hún tók við starfi framkvæmdastjóra viðskiptabankasviðs í júlí 2017 og starfi aðstoðarbankastjóra í apríl 2022.

Iðna Brá hefur starfað hjá Arion banka og forverum hans frá árinu 1999. Frá þeim tíma hefur hún gegnt ýmsum störfum innan bankans, nú síðast sem framkvæmdastjóri fjárfestingarbankasviðs frá 2016 til 2017. Áður hafði Iðna Brá m.a. verið forstöðumaður samskiptasviðs, einkabankþjónustu og í fjárstýringu bankans. Iðna hefur setið í stjórnnum nokkurra fyrirtækja; Sparisjóðs Ólafsfiarðar, AFL – sparisjóðs, fasteignafélagsins Landfesta og HB Granda hf. Iðna Brá situr í stjórn Nordic Financial CERT.

Iðna Brá er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands. Hún er með MSc í fjármálum frá Erasmus Graduate School of Business í Hollandi og með próf í verðbréfaviðskiptum.



Birna Hlín Káradóttir

Framkvæmdastjóri reksturs og menningar

Birna Hlín er fædd árið 1978. Hún tók við starfi yfirlögfræðings Arion banka í september 2019 og tók sæti í framkvæmdastjórn í júní 2020. Í september 2023 tók Birna við starfi framkvæmdastjóra reksturs og menningar.

Frá árinu 2016 var Birna meðeigandi og yfirlögfræðingur Fossa markaða. Hún var yfirlögfræðingur Straums fjárfestingarbanka á árunum 2011 til 2015. Birna Hlín starfaði hjá Straumi-Burðarás fjárfestingabanka á árunum 2007 til 2011 og var yfirlögfræðingur félagsins frá árinu 2009. Birna hefur kennt lög um fjármálamarkaði o.fl. í Háskólanum í Reykjavík og Háskóla Íslands. Hún hefur setið í stjórnnum nokkurra fyrirtækja og félaga hérlandis og erlendis.

Birna Hlín er með AMP-gráðu frá IESE Business School í Barcelona og lögfræðingur frá Háskóla Íslands. Hún er með málflutningsréttindi og próf í verðbréfaviðskiptum.




Björn Björnsson

Framkvæmdastjóri upplýsingatæknisviðs

Björn er fæddur árið 1980. Hann tók við starfi framkvæmdastjóra upplýsingatæknisviðs Arion banka í mars 2023.

Frá árinu 2015 starfaði Björn hjá Boston Consulting Group (BCG) í Ástralíu og á Norðurlöndum með áherslu á stefnumarkandi verkefni í upplýsingatækni fyrir fjármálastofnanir. Áður en Björn hóf störf hjá BCG vann hann sem stjórnandi og sérfræðingur hjá íslenskum fjármálafyrirtækjum, m.a. sem framkvæmdastjóri áhættustýringar hjá Byr.

Björn er með BS próf í tölvunarfræði og MS próf í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands og MBA próf frá Melbourne Business School.



Stjórnarháttayfirlýsing
Framkvæmd starfskjarastefnu
Stjórn
Framkvæmdastjórn



Breytingar á framkvæmdastjórn Arion banka á árinu

Í janúarmánuði lét Steinunn Hlíf Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri upplifunar viðskiptavina, af störfum hjá Arion banka. Sviðið var lagt niður og verkefni þess færð til annarra sviða. Aðrar breytingar voru ekki gerðar á framkvæmdastjórn bankans á árinu.

Hákon Hrafn Gröndal

Framkvæmdastjóri fyrirtækja- og fjárfestingarbankasviðs

Hákon Hrafn Gröndal er fæddur 1988. Hann tók við starfi framkvæmdastjóra fyrirtækja- og fjárfestingarbankasviðs í apríl 2022.

Hákon Hrafn Gröndal hóf störf hjá Arion banka 2012 í útibúi bankans á Höfða. Síðan þá hefur Hákon sinnt ýmsum störfum innan bankans tengdum fjármálaráðgjöf og útlánum og setið í ýmsum stjórnnum fyrir hönd bankans. Frá árinu 2013 sinnti Hákon starfi lánastjóra á fyrirtækja- og fjárfestingarbankasviði.

Hákon er viðskiptafræðingur frá Griffith University, með MSc í fjármálum fyrirtækja frá Háskóla Íslands og með próf í verðbréfavíðskiptum.

Jóhann Möller

Framkvæmdastjóri markaða

Jóhann Möller er fæddur 1979. Hann tók við starfi framkvæmdastjóra markaða í maí 2022.

Jóhann Möller var framkvæmdastjóri Stefnis frá árinu 2020 til ársins 2022. Hann hefur starfað á fjármála-markaði í rúm 20 ár og hjá Stefni frá árinu 2006 við stýringu á innlendum hlutabréfasjóðum auk þess sem hann veitti hlutabréfateymi félagsins forstöðu á árunum 2017-2020.

Jóhann er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og með próf í verðbréfavíðskiptum.

Ólafur Hrafn Höskuldsson

Framkvæmdastjóri fjármálasviðs

Ólafur Hrafn er fæddur árið 1981. Hann tók við starfi framkvæmdastjóra fjármálasviðs í september 2021.

Ólafur Hrafn hóf störf hjá Arion banka árið 2019 er hann tók við starfi forstöðumanns stefnumótunar og þróunar á skrifstofu bankastjóra. Ólafur starfaði hjá Royal Bank of Scotland í London og New York á árunum 2010 til 2016. Árið 2016 tók hann við starfi framkvæmdastjóra hjá Títan fjárfestingafélagi sem hann sinnti til ársins 2019. Áður vann Ólafur Hrafn meðal annars hjá CreditInfo í Þýskalandi og Straumi fjárfestingabanka. Ólafur situr í stjórn Varðar og Landeyjar.

Ólafur Hrafn útskrifaðist með cand.oecon-gráðu frá Háskóla Íslands árið 2006 með reikningshald og endurskoðun sem aðalgrein. Hann hefur öðlast löggildingu til fjárfestingaráðgjafar í Bretlandi (UK FSA approved person status) og í Bandaríkjunum (US FINRA series 79).


Úlfar Freyr Stefánsson

Framkvæmdastjóri áhættustýringar

Úlfar Freyr er fæddur árið 1981. Hann tók við starfi framkvæmdastjóra áhættustýringar í maí 2020.

Úlfar hóf störf í áhættustýringu Arion banka árið 2013 eftir að hafa starfað fyrir Kaupþing (í slita-meðferð) frá árinu 2010, m.a. sem sérfræðingur við uppgjör afleiðubókar og sem framkvæmdastjóri áhættustýringar. Úlfar var forstöðumaður eignasafnsáhættu Arion banka á árunum 2013-2015 er hann tók við sem forstöðumaður efnahagsáhættu innan áhættustýringar.

Úlfar er með doktors- og meistaraþróf í stærðfræði frá Georgia Institute of Technology og B.S. gráðu í stærðfræði frá Háskóla Íslands. Hann hefur jafnframt lokið prófi í verðbréfavíðskiptum.



Stjórnarháttayfirlýsing
Framkvæmd starfskjarastefnu
Stjórn
Framkvæmdastjórn

Dótturfélög



Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir

Forstjóri Varðar trygginga

Guðbjörg Heiða er fædd árið 1980. Hún tók við sem forstjóri Varðar í apríl 2023.

Þar áður starfaði hún í 12 ár hjá Marel, síðast sem framkvæmdastjóri fiskiðnaðar og framkvæmdastjóri Marel á Íslandi, en leiddi áður vöruþróunarteymi Marel á Íslandi og í Bretlandi. Fyrir það starfaði hún hjá fjárfestingafélaginu Eyri Invest.

Guðbjörg er með meistaragraðu í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands.



Jón Finnbogason

Framkvæmdastjóri Stefnis

Jón er fæddur árið 1973. Hann tók við starfi framkvæmdastjóra Stefnis í maí 2022.

Jón hefur starfað á fjármálamarkaði við margvísleg stjórnunar- og sérfræðistörf frá árinu 1999. Hann starfaði hjá Stefni á tímabilinu 2003 til 2008 og aftur 2013 til 2017 þegar hann veitti skuldabréfateymi félagsins forstöðu og var staðgengill framkvæmdastjóra. Jón var sparisjóðsstjóri Byr 2009 og forstjóri Byr hf. 2010 til 2011 er hann tók við starfi framkvæmdastjóra viðskiptabankasviðs Íslands-banka og gegndi því starfi til 2013. Jón tók við starfi útlánastjóra Arion banka árið 2017 og frá árinu 2019 var hann jafnframt forstöðumaður fyrirtækja innan fyrirtækja- og fjárfestingarbankasviðs bankans.

Jón útskrifaðist sem lögfræðingur frá Háskóla Íslands árið 1998 og er með málflutningsréttindi fyrir héraðsdómstólum og próf í verðbréfaviðskiptum.

Stjórnendur annarra eftirlitstengdra eininga Arion banka



Anna Sif Jónsdóttir

Innri endurskoðandi

Anna Sif er fædd árið 1971. Hún var skipuð forstöðumaður innri endurskoðunar Arion banka í september 2022.

Anna Sif starfaði sem innri endurskoðandi Kvikubanka hf. frá árinu 2013. Áður starfaði hún sem fjármálastjóri Regins (Heimar) frá 2009 til 2013 og Landic Property Iceland (Reitir) frá 2007 til 2009. Anna var sérfræðingur og verkefnastjóri hjá KPMG frá 2000 til 2006.

Anna Sif er með BA-gráðu í sagnfræði frá Háskóla Íslands og cand. oecon-gráðu frá sama skóla. Hún er löggiltur endurskoðandi og með próf í verðbréfa- viðskiptum.




Andrés Fjeldsted

Regluvörður

Andrés Fjeldsted er fæddur árið 1984. Hann tók við starfi regluvarðar Arion banka í apríl 2022.

Andrés starfaði við lögfræðiráðgjöf hjá Arion banka frá árinu 2015. Helstu verkefni hans tengdust eignastýringu og yfirstjórn og var hann um nokkurra ára skeið ritari stjórnar bankans.

Andrés er með mag. jur.-gráðu frá lagadeild Háskóla Íslands og BA-gráðu í hagfræði, heimspeki og stjórnmálafræði frá University of Essex.



Okkar sjálfbærni

Ábyrg starfsemi

Stefna og markmið
Skýrslugjöf um sjálfbærni
Árangurinn okkar
Stjórnarhættir sjálfbærnimála og áhættustýring
Tvíátta mikilvægisgreining

Sjálfbær fjármál

Sjálfbært vöruúrval
Sjálfbær fjármögnun
Konur fjárfestum
Sjálfbær framtíð

Umhverfis- og loftslagsmál

Umhverfis- og loftslagsstefna
Helstu þættir umhverfissuppgjors
Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

Mannauðsstefnan okkar
Skýr sýn í jafnréttismálum
Ánægja, líðan og samskipti
Stöðug þróun og fræðsla

Við og samfélagið


Samskipti við hagaðila
Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
Styrkir og samstarf
Myndlist og menning


Sjálfbærniuppgjör

Umhverfisþættir
Félagsþættir
Stjórnarhættir
GRI Standards tilvísunartafla
ESRS tilvísunartafla
UN PRB – yfirlýsing um framvindu
Álit endurskoðanda

Ábyrg starfsemi

 - Myndlist og menning
- Sjálfbærniuppgjör
 - Umhverfisþættir
 - Félagsþættir
 - Stjórnarhættir
 - GRI Standards tilvísunartafla
 - ESRS tilvísunartafla
 - UN PRB – yfirlýsing um framvindu
 - Álit endurskoðanda

Hlutfallsleg heildarlosun (umfang 1, 2 og 3) fyrir Arion banka, Vörð og Stefni
án fjármagnaðrar losunar




Líkt og fyrri ár fór Arion í mótvægisáðgerðir vegna þeirrar losunar sem ekki tókst að koma í veg fyrir á árinu frá eigin rekstri (umfang 1 og 2) og öðrum þáttum sem tengjast starfseminni (umfang 3), svo sem vegna viðskiptaferða, úrgangs og samgangna starfsfólks til og frá vinnu. Arion banki hefur gert samning við Vaxa Technologies og keypt vottaðar kolefniseiningar sem samsvara 750 tCO2i vegna losunar bankans og dótturfélaga á árinu 2024. Vaxa Technologies, sem staðsett er í jarðhitagarði ON á Hellisheiði, selur vottaðar og virkar kolefniseiningar sem verða til við framleiðslu á blágrænum þörungum, spírulína. Bankinn hefur auk þess styrkt Skógræktarfélag Íslands myndarlega til fjölda ára og heldur þeim stuðningi áfram.


Með aukinni gagnaöflun höfum við betri upplýsingar um aðkeypta þjónustu en áður og vinnum stöðugt að því að ná betur utan um umfang 3. Á árinu 2020 var sem dæmi í fyrsta sinn tekin með óbein losun frá samgöngum starfsfólks til og frá vinnu og á árinu 2022 bættist við losun vegna leigðra og útleigðra eigna. Undir leigðum eignum í umfangi 3 fellur losun húsnæðis sem bankinn leigir fyrir starfsemi sína, svo sem útibú og starfsstöðvar utan höfuðborgar-svæðisins, og þar undir fellur sömuleiðis losun sem verður vegna hraðbanka sem bankinn leigir af þjónustuaðila. Árið 2022 bættust við upplýsingar tengdar aðkeyptum búnaði, þ.e. tölvum og tölvubúnaði. Í útreikningum fyrir árið 2024 var stuðst við nýja og betri stuðla fyrir tölvubúnað, prentun og kaffihylki byggt á lífsferilsgreiningum. Þetta útskýrir að stórum hluta aukningu á milli ára í losun gróðurhúsalofttegunda vegna aðkeyptra vara og þjónustu.

Magn úrgangs í starfsemi félaganna kemur frá þjónustuaðilum og er svo áætlað niður á félögin eftir starfsmannafjölda. Þannig má aðgreina úrgangshlutfall dótturfélaganna frá starfsemi bankans.

Jákvæð þróun hefur átt sér stað í úrgangsmálum hjá bankanum á undanförunum árum þótt enn sé verk að vinna. Við höfum ekki náð markmiði okkar um 90% flokkunarhlutfall í starfseminni sem sett var árið 2019 en stefnum ótrauð áfram að sama marki. Hlutfallið hefur aukist frá 2015 og var hlutfall flokkaðs úrgangs 72,0% undir lok árs 2024 hjá bankanum. Þrátt fyrir að losun gróðurhúsalofttegunda vegna úrgangs hafi aukist mikið frá árinu 2023 þá hefur magnið ekki breyst mikið á milli ára. Þessa aukningu má útskýra með breyttri aðferðafræði, en í ár var losun vegna útflutnings úrgangs til orku- og endurvinnslu reiknuð inn í losun gróðurhúsalofttegunda. Arion vinnur stöðugt að því að bæta úrgangsmálin og finna nýjar lausnir sem fela í sér endurnýtingu og endurvinnslu.


Hlutfall flokkaðs úrgangs hjá Arion banka





Okkar sjálfbærni

- Ábyrg starfsemi
 - Stefna og markmið
 - Skýrslugjöf um sjálfbærni
 - Árangurinn okkar
 - Stjórnarhættir sjálfbærnimála og áhættustýring
 - Tvíátta mikilvægisgreining
- Sjálfbær fjármál
 - Sjálfbært vöruúrval
 - Sjálfbær fjármögnun
 - Konur fjárfestum
 - Sjálfbær framtíð
- Umhverfis- og loftslagsmál
 - Umhverfis- og loftslagsstefna
 - Helstu þættir umhverfisuppgjörs
 - Fjármögnuð kolefnislosun
- Mannauður
 - Mannauðsstefnan okkar
 - Skýr sýn í jafnréttismálum
 - Ánægja, líðan og samskipti
 - Stöðug þróun og fræðsla
- Við og samfélagið
 - Samskipti við hagaðila
 - Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
 - Styrkir og samstarf
 - Myndlist og menning
- Sjálfbærniuppgjör
 - Umhverfisþættir
 - Félagsþættir
 - Stjórnarhættir
 - GRI Standards tilvísunartafla
 - ESRS tilvísunartafla
 - UN PRB – yfirlýsing um framvindu
 - Álit endurskoðanda



Samgöngur starfsfólks


Arion er með fjarvinnustefnu fyrir starfsfólk. Stefnan kveður á um aukinn sveigjanleika varðandi viðveru á starfsstöðvum og fjölbreyttara starfsumhverfi í takt við breytta tíma. Aukin fjarvinna sparar tíma og dregur úr kolefnisspori vegna ferða starfsfólks til og frá vinnu. Fjarvinna getur þannig verið til hagsbóta fyrir starfsfólk, fyrirtækið og samfélagið í heild.

Starfsfólki Arion býðst samgöngustyrkur ef ferðast er með vistvænum ferðamáta að minnsta kosti fjórum sinnum í viku til og frá vinnu. Árið 2024 nýttu 30,7% starfsfólks sér samgöngu-styrkinn. Með vistvænum samgöngum er átt við allan ferðamáta annan en að ferðast til og frá vinnu á einkabíl, s.s. að ganga, hjóla eða ferðast með almenningssamgöngum.

Starfsfólki stendur til boða að nýta sér umhverfis-vænan ferðamáta með rafskútum frá Hopp sér að kostnaðarlausu til að ferðast til og frá vinnu, fara á fundi eða sinna öðrum erindum á vinnutíma. Ánægjulegt er að sjá góða nýtingu á þessum valkosti en í árslok 2024 var heildarfjöldi ferða með Hopp 11.281 skipti.

Í lok árs 2024 var gerð könnun meðal starfsfólks varðandi ferðavenjur til og frá vinnu þá daga sem starfsfólk mætti á starfsstöðvar. Niðurstöðurnar sýna að heildarlosun vegna samgangna starfsfólks samstæðunnar til og frá vinnu árið 2024 var 315,5 tCO₂i og fellur sú losun undir umfang 3 í umhverfisuppgjöri. Meðallosun á hvern starfs-mann samstæðunnar vegna samgangna á árinu 2024 var 338 kgCO₂i sem er 3% aukning frá árinu áður.


Ferðamáti starfsfólks




76,1% starfsfólks notar fyrst og fremst einkabílinn til að komast til og frá vinnu, 16,5% nota rafhjól, hjóla eða ganga og 7,4% nota almenningssam-göngur. Fleiri nýttu sér einkabílinn í ár en í fyrra, en 74,6% nýttu sér einkabílinn árið 2023. Jákvætt er að sjá að af þeim sem ferðast til og frá vinnu á einkabíl eru 30,4% starfsfólks á rafmagnsbílum og vex það hlutfall jafnt og þétt á milli ára. 35,1% starfsfólks ekur um á tvinnbílum eða tengiltvinnbílum en aðeins örfáir eða 0,4% aka um á metanbílum. Samtals knýja því endurnýjanlegir aflgjafar 66,5% bíla starfsfólks en dísil og bensín 33,5%.

Til að styðja við og mæta aukinni notkun rafmagns- og tengiltvinnbíla hefur rafhleðslustöðvum verið fjölgað töluvert undanfarin ár. Við höfuðstöðvar bankans í Borgartúni eru 54 rafhleðslustöðvar sem bæði starfsfólk og viðskiptavinir geta nýtt sér.


Bílar starfsfólks – aflgjafar





Okkar sjálfbærni

- Ábyrg starfsemi
 - Stefna og markmið
 - Skýrslugjöf um sjálfbærni
 - Árangurinn okkar
 - Stjórnarhættir sjálfbærnimála og áhættustýring
 - Tvíátta mikilvægisgreining
- Sjálfbær fjármál
 - Sjálfbært vöruúrval
 - Sjálfbær fjármögnun
 - Konur fjárfestum
 - Sjálfbær framtíð
- Umhverfis- og loftslagsmál
 - Umhverfis- og loftslagsstefna
 - Helstu þættir umhverfisuppgjors
 - Fjármögnuð kolefnislosun
- Mannauður
 - Mannauðsstefnan okkar
 - Skýr sýn í jafnréttismálum
 - Ánægja, líðan og samskipti
 - Stöðug þróun og fræðsla
- Við og samfélagið
 - Samskipti við hagaðila
 - Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
 - Styrkir og samstarf
 - Myndlist og menning
- Sjálfbærniuppgjör
 - Umhverfisþættir
 - Félagsþættir
 - Stjórnarhættir
 - GRI Standards tilvísunartafla
 - ESRS tilvísunartafla
 - UN PRB – yfirlýsing um framvindu
 - Álit endurskoðanda




Aðferðafræði við umhverfisuppgjör

Við útreikninga á umhverfisuppgjöri Arion er stuðst við The Greenhouse Gas Protocol sem er stöðluð aðferðafræði sem innleidd hefur verið af fjölda fyrirtækja um heim allan með góðum árangri.

Á myndinni hér til vinstri er aðferðafræðinni lýst en samkvæmt henni er gert ráð fyrir að losun gróðurhúsalofttegunda eigi sér stað í þremur þrepum. Í megindráttum myndast losun vegna flutnings á aðföngum til fyrirtækis, vegna eigin starfsemi og vegna flutnings á vörum og þjónustu frá fyrirtæki. Þrepin innihalda þrjár tegundir umfangs sem skiptast í bein og óbein áhrif.

Umfang 1 innifelur losun gróðurhúsalofttegunda vegna bruna eldsneytis. Umfang 2 innifelur losun gróðurhúsalofttegunda vegna raforkunotkunar og heitavatnsnotkunar fyrir húsnæði starfseminnar. Umfang 3 innifelur losun gróðurhúsalofttegunda vegna aðkeyptra vara og þjónustu. Stöðugt er unnið að því að ná betur utan um umfang 3.



Okkar sjálfbærni

Ábyrg starfsemi

- Stefna og markmið
- Skýrslugjöf um sjálfbærni
- Árangurinn okkar
- Stjórnarhættir sjálfbærnimála og áhættustýring
- Tvíátta mikilvægisgreining

Sjálfbær fjármál

- Sjálfbært vöruúrval
- Sjálfbær fjármögnun
- Konur fjárfestum
- Sjálfbær framtíð

Umhverfis- og loftslagsmál

- Umhverfis- og loftslagsstefna
- Helstu þættir umhverfisuppgjörs

Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

- Mannauðsstefnan okkar
- Skýr sýn í jafnréttismálum
- Ánægja, líðan og samskipti
- Stöðug þróun og fræðsla

Við og samfélagið

- Samskipti við hagaðila
- Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
- Styrkir og samstarf
- Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

- Umhverfisþættir
- Félagsþættir
- Stjórnarhættir
- GRI Standards tilvísunartafla
- ESRS tilvísunartafla
- UN PRB – yfirlýsing um framvindu
- Álit endurskoðanda

Fjármögnuð kolefnislosun

Fjármögnuð kolefnislosun Arion banka

Arion banki er aðili að Partnership for Carbon Accounting Financials (PCAF). Um er að ræða alþjóðlegan samstarfs- vettvang fjármálafyrirtækja sem hefur það að meginmarkmiði að samræma mat á umfangi losunar gróðurhúsalofttegunda sem fjármálafyrirtæki fjármagna í gegnum lánveitingar og eigin fjárfestingar (umfang 3). Við birtum árlega upplýsingar um kolefnisspor fjármagnaðs útblásturs samkvæmt aðferðafræði PCAF og stuðlum þannig að gagnsæi varðandi árangur í loftslagsmálum. Greiningin getur nýst m.a. til að meðhöndla loftslagstengda umbreytingaráhættu, þróa loftslagsvænar fjármálavörur og við markmiðasetningu í tengslum við Parísarsamkomulagið og kolefnishlutlaust Ísland árið 2040.

Niðurstöðurnar endurspegla losun gróðurhúsalofttegunda sem fjármögnuð er af Arion banka fyrir árið 2023. Útreikningarnir byggja á nýjustu og áreiðan- legustu gögnum sem tiltæk eru hverju sinni og er notast við a.m.k. árs gömul gögn þar sem nýrri liggja ekki fyrir. Aðferðafræði við uppbyggingu losunar- stuðla hefur tekið lítilsháttar breytingum til að auka nákvæmni sem orsakar nokkrar breytingar á losunartölum milli ára. Notast var við gögn úr Veru, sjálfbærnilausn Creditinfo.



Heimild: PCAF Global GHG accounting and reporting standard for the financial industry


Helstu niðurstöður


Heildarútblastur á fjármagnaðri losun vegna lána og fjárfestinga bankans árið 2023, að meðtöldum ríkis- skuldabréfum (án landnotkunar), var 289 ktCO₂í sem er 18% aukning frá fyrra ári en tæplega 2% aukning frá árinu 2021. Þá var heildarútblastur á fjármagnaðri losun, að frátalinni losun vegna ríkisskuldabréfa, 161 ktCO₂í og jókst um 5% frá árinu 2022.

Samanborið við þau 54,2 tCO₂í sem bankinn losar frá eigin rekstri (umfang 1 og 2) er fjármögnuð losun bankans, að ríkisskuldabréfum undanskildum, um 2.976 sinnum meiri. Að meðtalinni losun vegna ríkisskuldabréfa með landnotkun er fjármögnuð losun 6.143 sinnum magn losunar frá eigin rekstri bankans.

Ríkisskuldabréfin (með landnotkun) ein og sér eru með losun upp á tæp 171 tCO₂í og eru stærsti ein- staki þáttur í fjármagnaðri losun bankans. Losun vegna ríkisskuldabréfa er afar mismunandi milli landa, einkum með tilliti til landnotkunar. Því hefur samsetning safnsins grundvallaráhrif.



Fyrir utan breytingar á ríkisskuldabréfum þá stafar hækkun á milli árunna 2022 og 2023 einna helst af vexti útlána bankans og auknum eigin fjárfestingum. Einnig má benda á að smávægileg breyting varð á losunarstuðlum við áætlun á losun vegna fyrir- tækjalána. Losunarkræfni rekstrartekna hækkar lítillega, úr 4,5 tCO₂í/ISKm í 4,7 tCO₂í/ISKm, sem gefur til kynna aukin umhverfisáhrif á hverja tekjueiningu frá árinu 2022 en samdrátt um 10% frá árinu 2021 til ársins 2023. Helsta ástæða hækkunar á milli árunna 2022 og 2023 er breytt samsetning ríkisskuldabréfa í eignasafni bankans.







Okkar sjálfbærni

- Ábyrg starfsemi
 - Stefna og markmið
 - Skýrslugjöf um sjálfbærni
 - Árangurinn okkar
 - Stjórnarhættir sjálfbærnimála og áhættustýring
 - Tvíátta mikilvægisgreining
- Sjálfbær fjármál
 - Sjálfbært vöruúrval
 - Sjálfbær fjármögnun
 - Konur fjárfestum
 - Sjálfbær framtíð
- Umhverfis- og loftslagsmál
 - Umhverfis- og loftslagsstefna
 - Helstu þættir umhverfisuppgjörs
- Fjármögnuð kolefnislosun
- Mannauður
 - Mannauðsstefnan okkar
 - Skýr sýn í jafnréttismálum
 - Ánægja, líðan og samskipti
 - Stöðug þróun og fræðsla
- Við og samfélagið
 - Samskipti við hagaðila
 - Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
 - Styrkir og samstarf
 - Myndlist og menning
- Sjálfbærniuppgjör
 - Umhverfisþættir
 - Félagsþættir
 - Stjórnarhættir
 - GRI Standards tilvísunartafla
 - ESRS tilvísunartafla
 - UN PRB – yfirlýsing um framvindu
 - Álit endurskoðanda



Losun vegna fyrirtækjalána er 90% af heildar-losun útlána bankans. Sú losun hækkar um rúm 3% á milli ára eða úr 140 ktCO₂i í 144,4. Losunarkræfni fyrirtækjalána lækkar þó örlítið á milli ára úr 0,29 tCO₂i/ISKm í 0,28 tCO₂i/ISKm sem þýðir að hver milljón sem bankinn lánaði út 2023 losar hlutfallslega minna en árið 2022. Losunarkræfni er notuð til að meta árangur þar sem fjárhæðir geta breyst en hlutfallið helst samanburðarhæft og gefur betri mynd en ef horft væri eingöngu á losunartölur hvers flokks. Þær atvinnugreinar sem valda mestum útblæstri eru iðnaður, orka og framleiðsla, landbúnaður og sjávarútvegur. Hæsta losunarkræfni hafa landbúnaður með 1,66 tCO₂i/ISKm og iðnaður, orka og framleiðsla með 1,18 tCO₂i/ISKm. Losunarkræfni flutninga lækkar töluvert á milli ára úr 1,54 tCO₂i/ISKm í 0,89 tCO₂i/ISKm en nákvæmari aðferðafræði gerir það að verkum að áætlanir eru nær raunlosun en áður.







Okkar sjálfbærni

- Ábyrg starfsemi
 - Stefna og markmið
 - Skýrslugjöf um sjálfbærni
 - Árangurinn okkar
 - Stjórnarhættir sjálfbærnimála og áhættustýring
 - Tvíátta mikilvægisgreining
- Sjálfbær fjármál
 - Sjálfbært vöruúrval
 - Sjálfbær fjármögnun
 - Konur fjárfestum
 - Sjálfbær framtíð
- Umhverfis- og loftslagsmál
 - Umhverfis- og loftslagsstefna
 - Helstu þættir umhverfisuppgjörs
- Fjármögnuð kolefnislosun
- Mannauður
 - Mannauðsstefnan okkar
 - Skýr sýn í jafnréttismálum
 - Ánægja, líðan og samskipti
 - Stöðug þróun og fræðsla
- Við og samfélagið
 - Samskipti við hagaðila
 - Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
 - Styrkir og samstarf
 - Myndlist og menning
- Sjálfbærniuppgjör
 - Umhverfisþættir
 - Félagsþættir
 - Stjórnarhættir
 - GRI Standards tilvísunartafla
 - ESRS tilvísunartafla
 - UN PRB – yfirlýsing um framvindu
 - Álit endurskoðanda

Fjármögnuð kolefnislosun og losunarkræfni útlána
Fjármögnuð kolefnislosun ktCO₂i



Skipting lánasafns eftir bókfærðu virði útlána og fjármagnaðri losun
%




- Landbúnaður
- Sjávarútvegur
- Iðnaður, orka og framleiðsla
- Fjármála- og vátryggingastarfsemi
- Fasteignaviðskipti og byggingarstarfsemi
- Þjónusta
- Heild- og smávöruverslun
- Bíla- og tækjalán
- Flutningar
- Íbúðalán
- Opinber stjórnsýsla, heilbrigðis- og félagsþjónusta



Losun frá bíla- og tækjalánum hækkar á milli ára og var losunin 13,7 tCO₂i samanborið við 10,5 tCO₂i árið áður. Losunarkræfnin fer úr 0,50 tCO₂i/ISKm í 0,57 tCO₂i/ISKm en í útreikningum urðu breytingar á losunarstuðlum einstakra bifreiða og þá einkum vörubifreiða.

Fjármögnuð losun íbúðalána lækkar á milli ára þrátt fyrir að bókfært virði hækki. Losunin fer úr 2,5 tCO₂i í 2,2 tCO₂i og losunarkræfnin úr 0,005 tCO₂i/ISKm í 0,004 tCO₂i/ISKm. Ástæðu lækkunarinnar má rekja til þess að losunarstuðlar Orkuveitunnar lækka milli ára. Mat á kolefnissporinu nær til orkunýtingar húsnæðisins og vegna endurnýjanlegra orkugjafa okkar, jarðhitans og vatnsaflsins, eru stuðlar hérlandis lágir.

Fjármögnuð losun Arion banka vegna fjármála-gerninga annarra en ríkisskuldabréfa, þ.e. skráðra og óskráðra verðbréfa, er aðeins um 1 ktCO₂i. Flestar fjárfestingar í eignasafni samstæðunnar teljast ekki til mengandi iðnaðar en stærsti hluti losunarinnar í þessum flokki kemur frá félögum sem stunda far-þegaflutninga til og frá landinu með flugi, skipa-flutningum og sjávarútvegi.



Okkar sjálfbærni

Ábyrg starfsemi

- Stefna og markmið
- Skýrslugjöf um sjálfbærni
- Árangurinn okkar
- Stjórnarhættir sjálfbærnimála og áhættustýring
- Tvíátta mikilvægisgreining

Sjálfbær fjármál

- Sjálfbært vöruúrval
- Sjálfbær fjármögnun
- Konur fjárfestum
- Sjálfbær framtíð

Umhverfis- og loftslagsmál

- Umhverfis- og loftslagsstefna
- Helstu þættir umhverfisuppgjörs

Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

- Mannauðsstefnan okkar
- Skýr sýn í jafnréttismálum
- Ánægja, líðan og samskipti
- Stöðug þróun og fræðsla

Við og samfélagið


- Samskipti við hagaðila
- Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
- Styrkir og samstarf
- Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

- Umhverfisþættir
- Félagsþættir
- Stjórnarhættir
- GRI Standards tilvísunartafla
- ESRS tilvísunartafla
- UN PRB – yfirlýsing um framvindu
- Álit endurskoðanda

Yfirlit yfir niðurstöður á fjármagnaðri losun Arion banka eftir PCAF eignaflokkum.

Flokkar	Bókfært virði (ISKm)	Losun umfang 1 + 2 (ktCO2í)	Losunarkræfni (tCO2í/ISKm)	Gagnagæði (vegið meðaltal)
Skráð hlutabréf og skuldabréf	7.514	1,05	0,14	1,41
Óskráð hlutabréf & skuldabréf	1.716	0,02	0,01	4,00
Fyrirtækjalán	518.365	144,41	0,28	3,81
Landbúnaður	11.061	18,42	1,66	4,00
Fjármála- og váttryggingastarfsemi	41.542	0,50	0,01	3,97
Sjávarútvegur	82.635	29,8	0,36	3,76
Fasteignaviðskipti og byggingar	191.337	4,96	0,03	3,96
Iðnaður, orka og framleiðsla	53.692	63,11	1,18	3,28
Upplýsingar og fjarskipti	25.535	0,58	0,02	3,53
Opinber stjórnsýsla, heilbrigðis- og félagsþjónusta	2.296	0,46	0,20	4,00
Þjónusta	16.700	9,84	0,59	4,00
Flutningar	7.402	6,62	0,89	3,89
Heild- og smávöruverslun	86.164	10,12	0,12	3,79
Framkvæmdalán	-	-	-	-
Íbúðalán	533.731	2,20	0,004	4,00
Atvinnuhúsnæði	-	-	-	-
Bíla- og tækjalán	23.888	13,67	0,57	2,16
Ríkisskuldabréf (með landnotkun)	132.192	170,54	1,29	4,00
Ríkisskuldabréf (án landnotkunar)	132.192	127,53	0,96	4,00
Samtals (án landnotkunar)	1.217.406	288,88	0,24	3,87



Okkar sjálfbærni

Ábyrg starfsemi

- Stefna og markmið
- Skýrslugjöf um sjálfbærni
- Árangurinn okkar
- Stjórnarhættir sjálfbærnimála og áhættustýring
- Tvíátta mikilvægisgreining

Sjálfbær fjármál

- Sjálfbært vöruúrval
- Sjálfbær fjármögnun
- Konur fjárfestum
- Sjálfbær framtíð

Umhverfis- og loftslagsmál

- Umhverfis- og loftslagsstefna
- Helstu þættir umhverfisuppgjörs

Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

- Mannauðsstefnan okkar
- Skýr sýn í jafnréttismálum
- Ánægja, líðan og samskipti
- Stöðug þróun og fræðsla

Við og samfélagið

- Samskipti við hagaðila
- Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
- Styrkir og samstarf
- Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

- Umhverfisþættir
- Félagsþættir
- Stjórnarhættir
- GRI Standards tilvísunartafla
- ESRS tilvísunartafla
- UN PRB – yfirlýsing um framvindu
- Álit endurskoðanda

Markmið til ársins 2030

Arion banki hefur frá árinu 2019 verið aðili að Principles of Responsible Banking (PRB), meginreglum um ábyrga bankastarfsemi, og hefur þar með skuldbundið sig til að aðlaga stefnur sínar og gjörðir að Parísarsamkomulaginu og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Meginreglurnar veita okkur aðhald og hvatningu til að setja metnaðarfull markmið og áætlanir til að ná þeim.

Við höfum skuldbundið okkur til að fylgja aðferðafræði Science Based Targets initiative (SBTi) við setningu markmiða um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda en útreikningar samkvæmt aðferðafræði

PCAF nýtast til að greina hvar helstu tækifærin liggja. Jafnframt er bankinn aðili að Net-Zero Banking Alliance (NZBA), samtökum banka á alþjóðavísu, undir hatti Sameinuðu þjóðanna, sem vilja skara fram úr í loftslagsmálum. Bankinn stefnir á að fá mælanleg loftslagsmarkmið samþykkt af SBTi fyrir árslok 2025. Markmiðin munu miða að því að hækkun á hitastigi jarðar fari ekki umfram 1,5°C og að Arion banki verði kolefnishlutlaus árið 2040.


Upphæð lánveitinga breytist milli ára og því er árangur í samdrætti í fjármagnaðri losun metinn með samanburði á losunarkræfni frekar en raunlosun í lok árs. Markmið Arion banka eru byggð á markmiðum atvinnugreinanna og aðgerðaáætlun stjórnvalda sem sett eru fram til að standast skuldbindingar Parísarsamkomulagsins.

Við höfum sett okkur markmið um samdrátt í losunarkræfni lánveitinga til eftirfarandi atvinnugreina til ársins 2030:

- Sjávarútvegur 28%
- Orkuframleiðsla 30%
- Flutningar 28%
- Landbúnaður 5%
- Álframleiðsla 26%
- Kol - viðhalda 0%
- Olía - viðhalda 0%

Eins og áður hefur komið fram þá geta breytingar á milli ára stafað af breyttri aðferðafræði en unnið er að því að auka gagnagæði ár frá ári og þróa aðferðir til að áætla losun þeirra fyrirtækja sem birta ekki losunartölur. Nákvæmni líkana sem notuð eru við útreikninga er sífellt að aukast með tilheyrandi ósamræmi milli ára. Þó svo að breytingar á losunarkræfni orkuframleiðslu séu miklar þá er heildarlosun í þessari lykilatvinnugrein ekki mikil þökk sé grænu orkunni á Íslandi. Atvinnugreinar eins og sjávarútvegur, álframleiðsla og flutningar eru í hægu umbreytingarferli þar sem við gerum ráð fyrir að losunin muni minnka hægt og rólega vegna orkuskipta og betri orkunýtni með nýrri tækni. Landbúnaður er einnig með bundna losun vegna þeirra líffræðilegu ferla sem meðal annars losa metan- og nituroxíð en erfiðara getur reynst að minnka þá losun á allra næstu árum. Verið er að þróa fóður sem minnkar iðragerjun en á endanum mun einnig þurfa að ráðast í aðgerðir til að binda gróðurhúsalofttegundir, hvort sem um er að ræða náttúrulegar lausnir eða tækni.

Atvinnugrein	Markmið um samdrátt til 2030	Mælikvarði	Losunarkræfni viðmiðunarárið 2022	Losunarkræfni árið 2023	Breyting miðað við viðmiðunarár	Markmið um losunarkræfni árið 2030	Heildarlosun (umfang 1&2) 2022 í ktCO ₂ i	Heildarlosun (umfang 1&2) 2023 í ktCO ₂ i	Útgefin markmið
Sjávarútvegur	28%	tCO ₂ i/ISKm	0,50	0,36	-28,0% ↓	0,36	44,93	29,80	Loftslagsvísir atvinnulífsins
Orkuframleiðsla	30%	tCO ₂ i/ISKm	0,20	0,87	333,8% ↑	0,14	0,15	0,63	Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2.útgáfa
Flutningar	28%	tCO ₂ i/ISKm	1,54	0,89	-42,2% ↓	1,11	20,61	6,60	Loftslagsvísir atvinnulífsins og Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2.útgáfa
Landbúnaður	5%	tCO ₂ i/ISKm	1,60	1,66	3,7% ↑	1,52	17,78	18,40	Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2.útgáfa
Álframleiðsla	26%	tCO ₂ i/ISKm	2,57	3,24	26,2% ↑	1,90	23,90	50,00	Loftslagsvísir atvinnulífsins
Kol	Viðhalda 0	tCO ₂ i	0				0 ✓	0 ✓	Útilokunarlisti Arion banka
Olía	Viðhalda 0	tCO ₂ i	0				0 ✓	0 ✓	Útilokunarlisti Arion banka



Okkar sjálfbærni

Ábyrg starfsemi

- Stefna og markmið
- Skýrslugjöf um sjálfbærni
- Árangurinn okkar
- Stjórnarhættir sjálfbærnimála og áhættustýring
- Tvíátta mikilvægisgreining

Sjálfbær fjármál

- Sjálfbært vöruúrval
- Sjálfbær fjármögnun
- Konur fjárfestum
- Sjálfbær framtíð

Umhverfis- og loftslagsmál

- Umhverfis- og loftslagsstefna
- Helstu þættir umhverfissuppgjörs

Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

- Mannauðsstefnan okkar
- Skýr sýn í jafnréttismálum
- Ánægja, líðan og samskipti
- Stöðug þróun og fræðsla

Við og samfélagið

- Samskipti við hagaðila
- Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
- Styrkir og samstarf
- Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

- Umhverfisþættir
- Félagsþættir
- Stjórnarhættir
- GRI Standards tilvísunartafla
- ESRS tilvísunartafla
- UN PRB – yfirlýsing um framvindu
- Álit endurskoðanda

Fjármögnuð kolefnislosun Stefnis

Stefnir stýrir fjármunum fyrir hönd viðskiptavina sinna og leggur ríka áherslu á að gera það með ábyrgum og gagnsæjum hætti. Á árinu var tekinn saman fjármagnaður útblástur gróðurhúsalofttegunda frá eignum sjóða í rekstri Stefnis og gefin út skýrsla með niðurstöðum (stefnir.is/fjarmognud-losun). Þar koma meðal annars fram upplýsingar um losunarstyrk fyrir hverja 1 m.kr. sem fjárfest er í tilteknum sjóðum.


Aðferðafræðin sem notuð er við útreikninginn byggir á aðferðafræði PCAF. Upplýsingarnar byggja á punktstöðu eigna sjóða í árslok 2023. Skýrslan hefur að markmiði að skapa gagnsæi fyrir hagsmunaaðila, bera kennsl á loftslagstengda umbreytingaráhættu ásamt því að stuðla að loftslagsvænum fjármálavörum.

Mat á loftslagstengdri áhættu

Álagspróf eru mikilvægt stjórnþæki fyrir bankann. Álagsprófin auka meðvitund um áhættu og bæta skilning á starfsemi bankans en horft er til þeirra við stefnumótun og við gerð fjármagns- og viðbragðsáætlaana. Niðurstöður álagsprófa eru einnig hafðar til hliðsjónar við endurskoðun á áhættuvilja og áhættumörkum bankans. Álagspróf bankans samanstanda af næmni- og sviðsmyndagreiningum.

Bankinn hefur framkvæmt álagspróf vegna loftslagsáhættu og vinnuhópur samstæðunnar um sjálfbærniáhættu hefur framkvæmt áhættumat fyrir loftslagstengda fjárhagsáhættu. Matið var framkvæmt fyrir mismunandi atvinnugreinar og náði bæði til umbreytingaráhættu og raunlægrar áhættu. Tilgangurinn var að búa til sameiginlegan grunn og stuðning fyrir starfsfólk samstæðunnar sem kemur að lánveitingum, fjárfestingarákvörðunum og fjárfestingaráðgjöf með því að fella utanaðkomandi sjálfbærniáhættu inn í heildaráhættumat. Áhættustýring hefur fellt matið inn í lánshæfismatskerfi sem viðmið. Nánari upplýsingar er að finna í áhættuskýrslu bankans (arionbanki.is/pillar-3-2024).





Okkar sjálfbærni

Ábyrg starfsemi

- Stefna og markmið
- Skýrslugjöf um sjálfbærni
- Árangurinn okkar
- Stjórnarhættir sjálfbærnimála og áhættustýring
- Tvíátta mikilvægisgreining

Sjálfbær fjármál

- Sjálfbært vöruúrval
- Sjálfbær fjármögnun
- Konur fjárfestum
- Sjálfbær framtíð

Umhverfis- og loftslagsmál

- Umhverfis- og loftslagsstefna
- Helstu þættir umhverfisuppgjors
- Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

- Mannauðsstefnan okkar
- Skýr sýn í jafnréttismálum
- Ánægja, líðan og samskipti
- Stöðug þróun og fræðsla

Við og samfélagið

- Samskipti við hagaðila
- Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
- Styrkir og samstarf
- Myndlist og menning


Sjálfbærniuppgjör

- Umhverfisþættir
- Félagsþættir
- Stjórnarhættir
- GRI Standards tilvísunartafla
- ESRS tilvísunartafla
- UN PRB – yfirlýsing um framvindu
- Álit endurskoðanda

Mannauður

Helstu áhrif sem greind hafa verið með tvíátta mikilvægisgreiningu í tengslum við vinnuaðstæður starfsfólks Arion eru starfsöryggi, viðeigandi og sanngjörn laun, heilsa og öryggi. Jöfn tækifæri fyrir öll eru grundvöllur að góðu starfsumhverfi, þar með talið jöfn laun fyrir jafn verðmæt störf óháð kyni eða annarri stöðu sem og fjölbreytileiki meðal starfsfólks. Framboð fræðslu og þjálfunar til að þróa hæfileika starfsfólks felur í sér jákvæð tækifæri fyrir fólkið okkar og er forsenda vaxtar og velgengni samstæðunnar. Það er ljóst að í mannauði felast mikil tækifæri en einnig áhættur. Við hjá Arion leggjum okkur fram um að mæta þessum áhættum og skapa tækifæri fyrir starfsfólkið okkar meðal annars með því að stuðla að jafnvægi milli vinnu og einkalífs, bjóða sveigjanlegan vinnutíma þar sem þess gefst kostur og viðhalda gagnsæju kaupaukakerfi.





Okkar sjálfbærni


- Ábyrg starfsemi
 - Stefna og markmið
 - Skýrslugjöf um sjálfbærni
 - Árangurinn okkar
 - Stjórnarhættir sjálfbærnimála og áhættustýring
 - Tvíátta mikilvægisgreining
- Sjálfbær fjármál
 - Sjálfbært vöruúrval
 - Sjálfbær fjármögnun
 - Konur fjárfestum
 - Sjálfbær framtíð
- Umhverfis- og loftslagsmál
 - Umhverfis- og loftslagsstefna
 - Helstu þættir umhverfissuppgjors
 - Fjármögnuð kolefnislosun
- Mannauður
 - Mannauðsstefnan okkar
 - Skýr sýn í jafnréttismálum
 - Ánægja, líðan og samskipti
 - Stöðug þróun og fræðsla
- Við og samfélagið
 - Samskipti við hagaðila
 - Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
 - Styrkir og samstarf
 - Myndlist og menning
- Sjálfbærniuppgjör
 - Umhverfisþættir
 - Félagsþættir
 - Stjórnarhættir
 - GRI Standards tilvísunartafla
 - ESRS tilvísunartafla
 - UN PRB – yfirlýsing um framvindu
 - Álit endurskoðanda

Mannauðsstefnan okkar


Mannauðsstefnan er leiðarljós okkar þegar kemur að mannauðsmálum Arion. Markmiðið okkar er að halda í og laða að framúrskarandi starfsfólk og efla það í faglegum og persónulegum vexti. Við viljum skapa jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi og styðja við starfsfólkið okkar. Við leggjum áherslu á að skapa jöfn tækifæri sem og árangursdrifna vinnustaðamenningu. Í sameiningu leggjum við okkur fram um að skilja þarfir og uppfylla væntingar viðskiptavina okkar, því árangur þeirra er okkar árangur.

Fólkið okkar


Hjá okkur starfar öflugur hópur fólks með fjölbreyttan bakgrunn. Í lok árs 2024 var heildarfjöldi stöðugilda 918, kynjahlutfall starfsfólks er tæplega 57% konur og rúmlega 43% karlar. Önnur kyn eru færri en 5 einstaklingar. Meðalaldur starfsfólks er tæplega 41 ár og meðalstarfsaldur 9,5 ár.




Aldur starfsfólks



Kyn starfsfólks





Okkar sjálfbærni


- Ábyrg starfsemi
 - Stefna og markmið
 - Skýrslugjöf um sjálfbærni
 - Árangurinn okkar
 - Stjórnarhættir sjálfbærnimála og áhættustýring
 - Tvíátta mikilvægisgreining
- Sjálfbær fjármál
 - Sjálfbært vöruúrval
 - Sjálfbær fjármögnun
 - Konur fjárfestum
 - Sjálfbær framtíð
- Umhverfis- og loftslagsmál
 - Umhverfis- og loftslagsstefna
 - Helstu þættir umhverfisuppgjors
 - Fjármögnuð kolefnislosun
- Mannauður
 - Mannauðsstefnan okkar
 - Skýr sýn í jafnréttismálum
 - Ánægja, líðan og samskipti
 - Stöðug þróun og fræðsla
- Við og samfélagið
 - Samskipti við hagaðila
 - Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
 - Styrkir og samstarf
 - Myndlist og menning
- Sjálfbærniuppgjör
 - Umhverfisþættir
 - Félagsþættir
 - Stjórnarhættir
 - GRI Standards tilvísunartafla
 - ESRS tilvísunartafla
 - UN PRB – yfirlýsing um framvindu
 - Álit endurskoðanda

Fjölbreytileiki


Við leggjum áherslu á að skapa jafnréttissinnaðan og góðan vinnustað þar sem starfsfólk nýtur virðingar, fjölbreytt sjónarmið fá að njóta sín og jafnrétti og inngilding eru höfð að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á að vinnuumhverfið taki tillit til fjölbreyttra þarfa starfsfólks þannig að hver og einn einstaklingur fái tækifæri til að njóta sín. Á árinu innleiddum við hugbúnað fyrir fjölbreytileika og inngildingu sem heitir Alda. Um er að ræða lausn til að efla inngildandi vinnustaðamenningu, sem snýst um að viðurkenna og stuðla að fjölbreytileika. Við lögðum könnun fyrir allt starfsfólk um upplifun þess af vinnustaðamenn- ingunni okkar og mældum hversu inngildandi vinnustaðurinn okkar er. Niðurstöður könnunarinnar sýna að inngildingarskor Arion er 3,77 á skalanum 0-5 sem er yfir inngildingarvísitölu Öldu sem samanstendur af niðurstöðum 68 fyrirtækja. Við spyrjum starfsfólk einnig reglulega út í upplifun af framkomu í þess garð á vinnustaðnum. Niðurstöður úr þeim mælingum eru heilt yfir mjög góðar.




Komið er fram við alla hjá þessu fyrirtæki af sanngirni, óháð uppruna, kynþætti, kyni, aldri, fötlun eða öðrum mun sem tengist ekki frammistöðu í starfi



Í þessu fyrirtæki er komið fram við starfsfólk af virðingu og kurteisi





Okkar sjálfbærni

Ábyrg starfsemi

- Stefna og markmið
- Skýrslugjöf um sjálfbærni
- Árangurinn okkar
- Stjórnarhættir sjálfbærnimála og áhættustýring
- Tvíátta mikilvægisgreining

Sjálfbær fjármál

- Sjálfbært vöruúrval
- Sjálfbær fjármögnun
- Konur fjárfestum
- Sjálfbær framtíð

Umhverfis- og loftslagsmál

- Umhverfis- og loftslagsstefna
- Helstu þættir umhverfissuppgjors
- Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

Mannauðsstefnan okkar

- Skýr sýn í jafnréttismálum
- Ánægja, líðan og samskipti
- Stöðug þróun og fræðsla

Við og samfélagið

- Samskipti við hagaðila
- Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
- Styrkir og samstarf
- Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör


- Umhverfisþættir
- Félagsþættir
- Stjórnarhættir
- GRI Standards tilvísunartafla
- ESRS tilvísunartafla
- UN PRB – yfirlýsing um framvindu
- Álit endurskoðanda

Raddir starfsfólks

Við leggjum mikinn metnað í að viðhalda góðum starfs- anda og starfsánægju. Við mælum með reglubundnum hætti upplifun starfsfólks af starfsumhverfinu og fylgjumst með líðan þess á vinnustaðnum. Arion, Varðar og Stefnis vísitölurnar eru kannanir sem sendar eru á allt starfsfólk annan hvern mánuð. Tilgangurinn með könnunum er þrjúþættur:

- að mæla upplifun starfsfólks af eigin störfum, starfsumhverfi og líðan á vinnustað
- að vera rödd starfsfólks til að koma ábendingum hratt og auðveldlega á framfæri
- að finna tækifæri til umbóta og bregðast við vandamálum á skjótan og öruggan hátt.

Mannauðsteymið og stjórnendur rýna niðurstöður og fá þannig innsýn inn í styrkleika og áskoranir hvers teymis fyrir sig. Starfsfólk getur komið ábendingum hratt og örugglega á framfæri og brugðist er við vandamálum á skjótan og öruggan hátt. Starfsfólk getur einnig tilkynnt um öll frávik, m.a. öryggisfrávik sem hafa áhrif á öryggi starfsfólks á vinnustaðnum, á innra neti Arion. Niður- stöður vísitölukannanna ársins gefa til kynna að starfsfólki líði almennt vel í vinnunni og sé ánægt með starfs- umhverfið. Starfsfólk Arion er helgað og mælir með vinnustaðnum við vini og ættingja.



Móttaka nýliða og nýliðakönnun


Við leggjum okkur fram um að móttaka nýliða fari fram með fag- legum hætti og að vel sé tekið á móti nýju starfsfólki. Allt starfs- fólk sem hefur störf hjá Arion fer í gegn um rafræna nýliðafræðslu á fyrstu þremur mánuðum í starfi og tekur þátt í nýliðadegi sem haldinn er á hverjum ársfjórðungi. Á árinu fóru yfir 100 nýráðnir einstaklingar í gegnum nýliðaprógrammið með góðum árangri. Nýtt starfsfólk fær senda könnun eftir sex vikur í starfi og getur þar komið ábendingum á framfæri og veitt endurgjöf varðandi nýliðafræðslu og móttökur á fyrstu vikum í starfi.

Starfslok og starfslokakönnun

Við leggjum metnað í að vanda til viðskilnaðar við starfsfólk, hvort sem um er að ræða starfslok að frumkvæði starfsfólks, að frum- kvæði Arion, vegna aldurs eða veikinda. Allt starfsfólk sem hættir að eigin frumkvæði fær tækifæri til að svara starfslokakönnun og koma á framfæri ítarlegum upplýsingum um ástæður starfsloka. Svör í starfslokakönnun eru rekjanleg sem gerir okkur kleift að bregðast við ábendingum á skilvirkan hátt.

Þegar kemur að starfslokum vegna aldurs viljum við að starfsfólk upplifi sveigjanleika. Við styðjum við starfsfólkið okkar í þessu breytingaferli meðal annars með námskeiði um starfslok og reynum að koma til móts við óskir starfsfólks um breytt starfshlut- fall eða breyttar starfsskyldur. Frá 65 ára aldri getur starfsfólk látið af störfum og fengið ígildi launa í sex mánuði eftir starfslok eða minnkað við sig starfshlutfall og dreift launum yfir tímabilið. Eftir 67 ára aldur getur starfsfólk ekki þegið laun frá fyrirtækinu. Á árinu hættu sjö aðilar störfum vegna aldurs, hluti þeirra nýtti sér minnkað starfshlutfall fram að starfslokum og aðrir þáðu ígildi launa í sex mánuði eftir starfslok.





Okkar sjálfbærni

Ábyrg starfsemi

- Stefna og markmið
- Skýrslugjöf um sjálfbærni
- Árangurinn okkar
- Stjórnarhættir sjálfbærnimála og áhættustýring
- Tvíátta mikilvægisgreining

Sjálfbær fjármál

- Sjálfbært vöruúrval
- Sjálfbær fjármögnun
- Konur fjárfestum
- Sjálfbær framtíð

Umhverfis- og loftslagsmál

- Umhverfis- og loftslagsstefna
- Helstu þættir umhverfissuppgjors
- Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

- Mannauðsstefnan okkar
- Skýr sýn í jafnréttismálum
- Ánægja, líðan og samskipti
- Stöðug þróun og fræðsla

Við og samfélagið

- Samskipti við hagaðila
- Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
- Styrkir og samstarf
- Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

- Umhverfisþættir
- Félagsþættir
- Stjórnarhættir
- GRI Standards tilvísunartafla
- ESRS tilvísunartafla
- UN PRB – yfirlýsing um framvindu
- Álit endurskoðanda



Útskriftarprógramm

Við erum í samstarfi við háskólana, meðal annars með því að taka á móti starfsnenum sem koma tímabundið til starfa hjá okkur. Starfsnemar vinna að fyrir fram skilgreindum verkefnum sem tengjast námi þeirra. Á hverju ári ráðum við einnig til okkar fjölda námsmanna úr háskólasamfélaginu sem starfa hjá okkur yfir sumarið og í hlutastarfi samhliða námi. Er þetta meðal annars liður í að laða að efnilegt og hæfileikaríkt fólk til starfa. Þá bjóðum við einnig framúrskarandi útskriftarnemum upp á 18 mánaða útskriftarprógramm þar sem þeim gefst einstakt tækifæri til að kynna fjölbreyttum störfum innan Arion samstæðunnar. Þrátt fyrir þetta byggir á því að einstaklingarnir færast til í starfi á nokkurra mánaða fresti og öðlast þannig fjölbreytta þekkingu og reynslu ásamt því að fá leiðsögn frá reynslumiklu starfsfólki á tímabilinu. Alls sóttu 80 útskriftarnemar um prógrammið í ár og úr þeim hópi réðum við sjö til starfa.

Öflug forysta

Hjá okkur starfa öflugir stjórnendur með skýra framtíðarsýn. Þeir ganga fram með góðu fordæmi og eiga að veita starfsfólki reglulega og uppbyggilega endurgjöf. Við leggjum áherslu á að starfsfólk og stjórnendur eigi reglulegt samtal um markmið og árangur í starfi. Stjórnendur ræða frammistöðu á málefnalegan hátt og veita starfsfólki leiðbeinandi endurgjöf. Samkvæmt reglum Arion um kaupaukerfi þá hefur fylgni starfsfólks við ytri og innri reglur og frammistaða starfsfólks áhrif á greiðslu kaupauka. Því þurfa æðstu stjórnendur að skila inn upplýsingum um frammistöðu sinna teyma árlega. Í reglulegum vísitölum og vinnustaðagreiningu er starfsfólk spurt hvort það fái reglulega endurgjöf á störf sín.

Samhliða vinnustaðagreiningu er framkvæmt stjórnendamat þar sem árangur og áhrif stjórnenda eru metin af starfsfólki. Niðurstöður úr stjórnendamati sýna að starfsfólk er almennt ánægt með stjórnendur Arion og ber gott traust til þeirra.



Allir stjórnendur fara í gegnum umfangsmikla leiðtogaþjálfun í samvinnu við *Strategic Leadership*. Markmiðið er að skapa enn öflugri leiðtogamenningu sem styður við stefnu okkar og sýn. Þjálfunin felst m.a. í markmiðasetningu og markþjálfun og spannar yfir nokkurra mánaða tímabil. Á síðasta ári útskrifuðust 20 konur og 21 karl úr þjálfuninni.

Starfsþróun

Við erum með vel skilgreindan starfsþróunar-ramma þar sem fólk með sambærilega menntun, starfsreynslu og ábyrgð býr við jöfn tækifæri varðandi starfsþróun. Starfsþróunarramminn býr einnig til hvata fyrir starfsfólk til að efla sig og taka ábyrgð á eigin vexti í starfi.


Einnig er til staðar skýr arftakaáætlun þar sem skilgreindir eru arftakar fyrir lykilhlutverk innan samstæðunnar. Arftakaáætlunin er yfirfarin árlega og mögulegir arftakar metnir út frá fyrir fram skilgreindum hæfnisviðmiðum. Við hugum að kynja-hlutföllum í hverju hlutverki og höfum jafnréttis-sjónarmið að leiðarljósi. Kynjahlutfall í núverandi arftakaáætlun er nokkuð jafnt.

Mentorverkefni Arion er ætlað starfsfólki sem hefur brennandi áhuga á að efla sig í lífi og starfi, læra af öðrum og stíga út fyrir þægindarammann. Á árinu voru 26 aðilar valdir úr hópi umsækjenda og fengu þeir hver sinn leiðbeinanda. Hópurinn samanstóð af 18 konum og 8 körlum á aldrinum 23-58 ára. Leiðbeinendur eru reynslumiklir stjórnendur og sérfræðingar úr samstæðunni sem eiga það sameiginlegt að búa yfir mikilli sérþekkingu á sínu sviði.

„Á árinu höfum við lagt áherslu á tækifæri fyrir starfsfólk til að vaxa og þróast í starfi. Við erum stolt af þeim árangri sem við höfum náð og höldum áfram að leggja áherslu á mannauð sem lykilþátt í okkar árangri.“

- Helga Halldórsdóttir
forstöðumaður mannauðs





Okkar sjálfbærni

- Ábyrg starfsemi
- Stefna og markmið
- Skýrslugjöf um sjálfbærni
- Árangurinn okkar
- Stjórnarhættir sjálfbærnimála og áhættustýring
- Tvíátta mikilvægisgreining
- Sjálfbær fjármál
- Sjálfbært vöruúrval
- Sjálfbær fjármögnun
- Konur fjárfestum
- Sjálfbær framtíð
- Umhverfis- og loftslagsmál
- Umhverfis- og loftslagsstefna
- Helstu þættir umhverfissuppgjors
- Fjármögnuð kolefnislosun
- Mannauður
- Mannauðsstefnan okkar
- Skýr sýn í jafnréttismálum
- Ánægja, líðan og samskipti
- Stöðug þróun og fræðsla
- Við og samfélagið
- Samskipti við hagaðila
- Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
- Styrkir og samstarf
- Myndlist og menning
- Sjálfbærniuppgjör
- Umhverfisþættir
- Félagsþættir
- Stjórnarhættir
- GRI Standards tilvísunartafla
- ESRS tilvísunartafla
- UN PRB – yfirlýsing um framvindu
- Álit endurskoðanda

Skýr sýn í jafnréttismálum

Jafnréttis- og mannréttindastefnan


Það er stefna Arion að virða mannréttindi og jafnrétti í allri sinni starfsemi. Á árinu 2024 var jafnréttis- og mannréttindastefna Arion uppfærð fyrir samstæðuna í heild sinni og ný aðgerðaáætlun gefin út samhliða. Markmið stefnunnar og áætlunarinnar er að skapa umhverfi þar sem fólk með sambærilega menntun, starfsreynslu og ábyrgð býr við jöfn tækifæri og kjör, án tilliti til kyns, kynvitundar, kynhneigðar, uppruna, þjóðernis, litarhafts, aldurs, fötlunar, trúar eða annarrar stöðu.

Stefnan og aðgerðaáætlunin eru samþykktar af æðstu stjórnendum samstæðunnar. Bankastjóri situr í jafnréttisnefnd og ber ábyrgð á framgangi jafnréttismála innan samstæðunnar. Í hans umboði starfar jafnréttisnefnd sem skipuð er fulltrúum starfsfólks Arion banka, Varðar og Stefnis.

Arion banki er aðili að Jafnréttissáttmála UN Women og UN Global Compact (e. Women's Empowerment Principles). Bankinn er jafnframt aðili að UN Global Compact, UN PRB og UN PRI og er Stefnnir einnig aðili að síðastnefndu samtökunum. Við höfum því skuldbundið okkur til að vinna að grundvallarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni, þar með talið jafnrétti og mannréttindum. Áhersla Arion á jafnrétti styður við fimmta heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem snýr að jafnrétti kynjanna.

Miðgildi árslauna karla sem hlutfall af miðgildi árslauna kvenna 2024

Markmið ársins að vera undir 1,3



Starfskjarastefna


Samkvæmt gildandi starfskjarastefnu skal stefnt að því að bjóða samkeppnishæf laun á hverjum tíma. Starfskjarastefnan er liður í því að gæta langtímahagsmuna eigenda bankans, starfsfólks, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila með skipulegum og gagnsæjum hætti. Við áhættumetum samkeppnishæfni vinnustaðarins og leiðir til að tryggja nauðsynlega hæfni og þekkingu starfsfólks. Niðurstöður úr áhættumati sýna að áhætta er óveruleg.

Jafnlaunastefna

Það er stefna Arion að greiða jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf. Markmið okkar er að allt starfsfólk njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf og að tryggja að enginn ómálefnalegur launamunur sé til staðar. Með jöfnum launakjörum er átt við að launaviðmið skulu vera fyrir fram ákveðin og að ekki sé mismunað á grundvelli kyns eða annarra þátta. Einnig skal tryggja að allar launaákvæðanir séu í samræmi við kjarasamninga.

Jafnlaunavottun

Arion vinnur eftir jafnlaunakerfi og eru félögin í samstæðunni jafnlaunavottuð. Vörður fékk fyrst jafnlaunavottun árið 2014, Arion banki árið 2015 og Stefnnir hlaut jafnlaunavottun í fyrsta sinn 2024. Nú er byggt á sama jafnlaunakerfi fyrir öll félögin og því var jafnlaunaúttekt ársins gerð á samstæðugrunni í fyrsta sinn. Niðurstöður launagreiningar sýndu að launamunur kynjanna mælist 0,4%. Niðurstöður í jafnlaunamálum á árinu eru góðar og í takt við okkar markmið. Til viðbótar við árlega jafnlaunaúttekt framkvæmum við mánaðarlegar jafnlaunagreiningar til að fylgjast með að launaákvæðanir séu í takt við jafnlaunastefnuna og okkar markmið.



Okkar sjálfbærni

Ábyrg starfsemi

- Stefna og markmið
- Skýrslugjöf um sjálfbærni
- Árangurinn okkar
- Stjórnarhættir sjálfbærnimála og áhættustýring
- Tvíátta mikilvægisgreining

Sjálfbær fjármál

- Sjálfbært vöruúrval
- Sjálfbær fjármögnun
- Konur fjárfestum
- Sjálfbær framtíð

Umhverfis- og loftslagsmál

- Umhverfis- og loftslagsstefna
- Helstu þættir umhverfissuppgjors
- Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

- Mannauðsstefnan okkar
- Skýr sýn í jafnréttismálum
- Ánægja, líðan og samskipti
- Stöðug þróun og fræðsla

Við og samfélagið

- Samskipti við hagaðila
- Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
- Styrkir og samstarf
- Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

- Umhverfisþættir
- Félagsþættir
- Stjórnarhættir
- GRI Standards tilvísunartafla
- ESRS tilvísunartafla
- UN PRB – yfirlýsing um framvindu
- Álit endurskoðanda

Ánægja, líðan og samskipti

97,3%

Heilsuvísitala

89,3%

Starfsfólks nýttu sér styrk til íþróttaiðkunar

Heilsu- og öryggisstefnan

Okkur er umhugað um heilsu starfsfólks og leggjum áherslu á að skapa öruggt og heilsueflandi starfsumhverfi. Við tryggjum að lögum um heilsu og öryggi starfsfólks sé fylgt og styðjum við starfsfólkið okkar með forvörnum og heilsueflingu til framtíðar. Við erum í samstarfi við viðurkenndan þjónustuaðila sem sérhæfir sig í einstaklingsmiðaðri þjónustu og forvörnum. Fastráðnu starfsfólki stendur til boða að gangast undir reglulegt heilsufarsmat sem framkvæmt er af hjúkrunarfræðingi, fá bólusetningu gegn árlegri influensu, sækja um íþróttastyrk auk þess sem starfsfólk hefur möguleika á sálfræðiþjónustu. Allt starfsfólk Arion er slysa- og líftryggt allan sólarhringinn ásamt því að eiga kjarasamningsbundinn veikindarétt. Við bjóðum starfsfólki upp á fjölbreytta heilsutengda fræðslu, bæði rafræna og staðkennslu. Sem dæmi má nefna námskeið um venjur til að stuðla að góðri geðheilsu, fyrirlestra um næringu og heilsu, hamingju, hormónabreytingar, tímastjórnun og svefnvenjur ungra barna. Við höfum um árabíl mælt heilsuvísitölu starfsfólks. Heilsuvísitalan segir okkur til um það hversu hátt hlutfall vinnudaga á ársgrundvelli voru unnir dagar. Á árinu var heilsuvísitalan 97,3% sem þýðir að 2,7% vinnudaga töpuðust á árinu vegna veikinda starfsfólks.

Hjá samstæðunni er starfandi vinnuverndarnefnd sem hefur það hlutverk að gæta þess að starfsfólk sé verndað gegn hverskonar heilsuvá eða heilsutjóni sem stafa kann af vinnu þess eða vinnuskilyrðum. Á árinu var framkvæmt áhættumat á þremur útibúum samkvæmt áætlun og heildaráhættumat í höfuðstöðvum. Engin alvarleg frávik komu upp í áhættumati útibúa og niðurstaða áhættumats á höfuðstöðvum sýndi að vinnuaðstaðan uppfyllir allar þær kröfur sem Vinnuvernd setur og að fullnægjandi stýringar séu til staðar.



Jafnvægi milli vinnu og einkalífs

Við höfum sett okkur skýr markmið um að vera fjölskylduvænn vinnustaður og gera starfsfólki kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu. Við bjóðum því upp á sveigjanlegt starfsumhverfi, fjarvinnustefnu og leggjum okkur fram um að mæta þörfum starfsfólks þegar kemur að því að sinna fjölskylduábyrgð. Starfsfólk okkar er einnig hvatt til að nýta áunnið orlof og vinnutíma-styttingu.


Reglulega yfir árið eru gerðar mælingar á upplifun starfsfólks af jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Starfsfólk er annars vegar spurt hvort það upplifi að það geti viðhaldið heilbrigðu jafnvægi milli vinnu og persónulegra skyldna og hins vegar hvort að fyrirtækið veiti því tækifæri til þess að hafa jafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs. Niðurstöðurnar eru heilt yfir jákvæðar og sýna að gott jafnvægi er til staðar. Við teljum að fjarvinnustefna og sveigjanleiki í starfsumhverfi okkar hafi jákvæð áhrif á upplifun starfsfólks þegar kemur að jafnvægi vinnu og einkalífs.

Við hvetjum starfsfólk til að nýta fæðingarorlofsrétt sinn óháð kyni og tryggjum starfsfólki að jafnaði 80% laun í fæðingarorlofi. Á nýju ári munum við opna dagvistun fyrir börn starfsfólks til þess að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskólavistar.

Stefna gegn einelti, áreitni og ofbeldi (EKKO)

